



**Meistararitgerð
í lögfræði**

**Skilyrði sem umsækjendur um ættleiðingar þurfa að
uppfylla**

Með áherslu á aldur og heilsufar

Jóhanna Sif Finnsdóttir

Hrefna Friðriksdóttir

Júní 2020



HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

LAGAÐEILD

**Meistararitgerð
í lögfræði**

**Skilyrði sem umsækjendur um ættleiðingar þurfa að
uppfylla**

Með áherslu á aldur og heilsufar

Jóhanna Sif Finnsdóttir

Hrefna Friðriksdóttir

Júní 2020

ÚTDRÁTTUR

Í ritgerðinni eru skoðuð þau skilyrði sem umsækjendur um ættleiðingar eða forsamþykki til ættleiðingar á erlendu barni þurfa að uppfylla, með áherslu á skilyrðin um aldur og heilsufar. Samanburður er gerður við skilyrði sem umsækjendur um tæknifrjóvgun og fósturforeldrar þurfa að uppfylla auk þess sem skilyrði í frumvarpi til laga um staðgöngumæðrun eru skoðuð. Þá eru skilyrði sem snúa að aldri og heilsufari umsækjenda um ættleiðingu á Norðurlöndunum skoðuð til samanburðar. Markmiðið með ritgerðinni er að rannsaka hvort skilyrði um aldur og heilsufar í lögum og reglugerðum um ættleiðingar hér á landi séu úrelt, í samræmi við önnur sifjalög sem og hvort þau séu í samræmi við önnur Norðurlönd. Einnig er kannað hvort skilyrðin séu of ströng eða of væg eftir að samanburður hefur verið gerður við ofangreind atriði.

Efni ritgerðarinnar var rannsakað með því að skoða lög, reglugerðir og dóma eftir því sem við átti. Jafnframt voru rannsökuð nokkur íslensk mál til að varpa frekara ljósi á rannsóknarefnið en aðgangur fékkst að fimm málum hjá Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu. Tvö málanna snúa að aldri og þrjú að heilsufari.

Niðurstöður sýna að nokkuð mætti bæta þegar kemur að framsetningu á skilyrðum heilsufars en aldursskilyrðið er í ágætu samræmi við hin Norðurlöndin.

FORMÁLI

Ritgerð þessi er lokaverkefni til meistaraþrófs í lögfræði við lagadeild Háskóla Íslands. Rannsókuð eru þau skilyrði sem umsækjendur um ættleiðingar eða forsamþykki til ættleiðingar á erlendu barni þurfa að uppfylla, með áherslu á skilyrðin um aldur og heilsufar.

Ég kynntist ættleiðingum fyrst um 12 ára gömul þegar vinafólk foreldra minna ættleiddi litla stúlku alla leið frá Kína. Ég heillaðist af ættleiðingum og hugmyndinni um að barn úti í heimi sem átti enga að, gæti eignast alla ást og umhyggju í heiminum hjá foreldrum hér á Íslandi. Þá hafði ég þó enga hugmynd um allt ferlið sem hinir væntanlegu foreldrar þurfa að fara í gegnum áður en þau koma með barnið sitt heim.

Hugmyndin að umfjöllunarefni ritgerðarinnar kviknaði þegar ég sá þátt af *Fósturbörnum* á Stöð 2. Þar höfðu foreldrar ættleitt barn en stuttu síðar veiktist konan af krabbameini. Þar kom fram að ef hún hefði veikst fyrir ættleiðinguna hefðu þau ekki geta ættleitt barnið þó svo hún hafi síðar náð fullum bata. Þetta vakti áhuga minn. Geta veikindi, sjúkdómar og fatlanir komið í veg fyrir að fólk eignist barn eftir öðrum leiðum en náttúrulegum leiðum? Þá var í því samhengi áhugavert að skoða hvort aldur geti jafnframt verið hindrun við barneignir eftir þeim leiðum.

Foreldrahlutverkið er dásamlegt, ekki sjálfgefið og langt frá því auðvelt, sama á hvaða hátt barn eignast foreldri. Margir þrá að upplifa foreldrahlutverkið og mig langaði með þessari ritgerð að skoða hvort öllum er það í raun mögulegt.

Að því sögðu vil ég þakka syni mínum fyrir það að gera mér kleift að upplifa foreldrahlutverkið og fyrir að fylgja mér í gegnum skrifin á þessari ritgerð. Þá vil ég þakka Jóhannesi, sambýlismanni mínum, fyrir endalausan stuðning í gegnum námið sem og foreldrum mínum. Hrefnu Friðriksdóttur, leiðbeinanda mínum, þakka ég kærlega fyrir góða og uppbyggjandi leiðsögn við skrif ritgerðarinnar. Kristinn Ingvarsson hjá Íslenskri ættleiðingu fær mínar bestu þakkir fyrir veitta aðstoð sem gerði rannsókn ritgerðarinnar mögulega. Þá vil ég einnig þakka þeim sem gáfu mér samþykki fyrir að skoða mál sitt hjá Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu. Ég vil þakka Jónu Kristjönu Hólmgeirsdóttur fyrir yfirlestur á ritgerðinni. Að lokum þakka ég vinkonu minni, Björk Smáradóttur, sem er alltaf til staðar og fyrir að lesa yfir ritgerðina.

EFNISYFIRLIT

1	Inngangur	1
2	Almennt um leyfi til ættleiðinga	4
2.1	Lög og þróun	4
2.2	Hugtakið ættleiðing	6
2.2.1	Skilgreiningar á hugtakinu ættleiðing	6
2.2.2	Best fyrir barnið	7
2.3	Flokkar ættleiðinga	9
2.3.1	Frumættleiðingar	9
2.3.2	Stjúpættleiðingar	10
2.3.3	Alþjóðleg fjölskylduættleiðing	10
2.3.4	Hugtökin sterk og veik ættleiðing	11
2.4	Fjölskyldulíf	11
2.4.1	Hvað er fjölskylda?	11
2.4.2	Réttur til fjölskyldulífs	12
2.5	Alþjóðasamningar í tengslum við ættleiðingar sem Ísland er aðili að	14
2.5.1	Almennt	14
2.5.2	Norrænt samstarf	15
2.5.3	Evrópskt samstarf	16
2.5.4	Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna	16
2.5.5	Haag-samningurinn um ættleiðingar	19
2.6	Ættleiðingarferlið á Íslandi í stuttu máli	20
2.6.1	Hlutverk löggilts ættleiðingarfélags – Íslensk ættleiðing	20
2.6.2	Yfirvöld í ættleiðingarmálum	22
3	Skilyrði um aldur og heilsufar	25
3.1	Skilyrði í lögum um ættleiðingar nr. 130/1999	25
3.2	Almennt um reglugerð um ættleiðingar nr. 238/2005	26
3.3	Skilyrði reglugerðar um ættleiðingar nr. 238/2005 önnur en aldur og heilsufar	27
3.3.1	Umsagnir barnaverndarnefnda	29
3.3.2	Umsagnir ættleiðingarnefndar	31
3.4	Aldur	31
3.4.1	Almennt um aldur og barneignir	31
3.4.2	Aldur í reglum um ættleiðingar	32
3.4.3	Reglur upprunaríkjanna um aldur	33
3.4.4	Samantekt um aldur	36
3.5	Heilsufar	36
3.5.1	Heilsufar í reglum um ættleiðingar	36

3.5.2	Læknisvottorð.....	37
3.5.3	Atriði er varða heilsufar í upprunaríkjunum.....	39
3.5.4	Samantekt um heilsufar	41
4	Rannsókn	42
4.1	Málin sem komu til skoðunar	42
4.2	Umræða um rannsókn.....	46
5	Samanburður við aðrar leiðir til að stofna fjölskyldu	49
5.1	Rétturinn til barneigna	49
5.2	Tæknifrjóvgun	50
5.2.1	Almennt um tæknifrjóvgun	50
5.2.2	Reglugerð um tæknifrjóvgun nr. 144/2009	53
5.2.3	Breytingar á skilyrðum er snúa að aldri og heilsufari	55
5.2.4	Samanburður á tæknifrjóvgun og ættleiðingu.....	58
5.2.4.1	Aldur.....	58
5.2.4.2	Heilsufar	59
5.2.4.3	Umsagnir og ráðgjöf.....	60
5.2.4.4	Einhleypir	60
5.3	Staðgöngumæðrun.....	62
5.3.1	Almennt um staðgöngumæðrun	62
5.3.2	Meginefni frumvarpsins	62
5.3.3	Samanburður á staðgöngumæðrun og ættleiðingu	64
5.4	Fóstur.....	67
5.4.1	Almennt um fóstur	67
5.4.2	Ættleiðingar fósturbarna.....	68
5.4.3	Fósturforeldrar.....	69
5.4.4	Samanburður á fóstri og ættleiðingu	72
5.4.5	Mál Freyju Haraldsdóttur	73
6	Norrænn réttur.....	76
6.1	Skilyrði aldurs og heilsufars fyrir breytingar	76
6.1.1	Aldur.....	76
6.1.2	Heilsufar	76
6.2	Noregur.....	77
6.2.1	Lög og reglur um ættleiðingar.....	77
6.2.2	Almenn skilyrði.....	78
6.2.3	Aldur.....	81
6.2.4	Heilsufar	82
6.3	Svíþjóð.....	83

6.3.1	Lög og reglur um ættleiðingar.....	83
6.3.2	Almenn skilyrði.....	84
6.3.3	Aldur.....	84
6.3.4	Heilsufar	88
6.4	Danmörk	89
6.4.1	Lög og reglur um ættleiðingar.....	89
6.4.2	Almenn skilyrði.....	90
6.4.3	Aldur.....	91
6.4.4	Heilsufar	92
6.5	Skilyrði aldurs og heilsufars eftir breytingar	94
6.5.1	Aldur.....	94
6.5.2	Heilsufar	95
6.6	Samanburður á Íslandi og Norðurlöndunum	95
6.6.1	Aldur.....	96
6.6.2	Heilsufar	96
6.7	Samantekt	97
7	Niðurstaða.....	99
	HEIMILDASKRÁ	102

1 Inngangur

Já, þessi heimur er ekki fullkominn. Í hann fæðast enn börn sem mæður og feður geta ekki alið önn fyrir, börn sem verða munaðarlaus og eiga því í vændum örðuga æsku án lífsins gæða. En annars staðar er sem betur fer til fólk sem vill svo gjarnan veita þessum börnum von og framtíð, umhyggju og ást.¹

Að eignast barn er stórt skref en misjafnt er á hvaða hátt barn verður hluti af fjölskyldu. Stundum er ákvörðunin um að eignast barn háð öðrum en einungis væntanlegum foreldrum. Þeir sem velja ættleiðingu sem leið til að stofna fjölskyldu mæta ýmsum hindrunum á leið sinni. Ferlið er langt og strangt og væntanlegir foreldrar þurfa að uppfylla ýmis skilyrði, skila inn persónulegum gögnum og heimilislíf þeirra tekið út.

Skilyrðin sem væntanlegir foreldrar þurfa að uppfylla eru meginumfjöllunarefni þessarar ritgerðar. Markmiðið með ritgerðinni er að rannsaka skilyrði fyrir umsókn um ættleiðingar eða forsamþykki til ættleiðingar á erlendu barni, sér í lagi þau skilyrði sem lúta að heilsufari og aldri umsækjenda sem koma fram í reglugerð um ættleiðingar nr. 238/2005. Áhugavert er að skoða skilyrði tengd aldri og heilsufari þar sem barneignaraldur hefur hækkað jafnt og þétt síðustu áratugi. Versnandi heilsufar getur gjarnan tengst hækkingu aldri og því þótti höfundur við hæfi að rannsaka bæði skilyrðin saman í þessari ritgerð. Lífslíkur fólks eru almennt hærri en áður var og heilsa góð. Ættleiðingum í heiminum hefur fækkað og biðin eftir barni lengst á sama tíma og umsækjendur eru eldri þegar ættleiðingarferlið er hafið.

Það má velta upp ýmsum spurningum varðandi skilyrðin og hversu strangar kröfur á að setja. Ef fleiri börn vantar foreldra, eru þá minni kröfur settar? Og nú til dags þegar fremur er vöntun á börnum til ættleiðingar eru skilyrðin þá strangari til að fá hækkingu kjörforeldra? Því má velta því upp hvort skilyrði um aldur og heilsufar séu dæmi um of strangar kröfur eða nauðsynleg vegna gullnu reglunnar að ávallt skuli hafa hagsmuni barns í fyrirrámi.

Í ritgerðinni verða skilyrði um heilsufar og aldur umsækjenda um ættleiðingar eða forsamþykki til ættleiðingar á erlendu barni skoðuð og borin saman við skilyrði sem umsækjendur um tæknifrjógvun og fósturforeldrar þurfa að uppfylla. Eins verða lög og reglugerðir sem snúa að heilsufari og aldri umsækjenda að ættleiðingu á Norðurlöndunum skoðuð til samanburðar. Í ritgerðinni er leitast við að skoða hvort skilyrði um aldur og heilsufar í lögum og reglugerðum um ættleiðingar séu úrelt, í samræmi við önnur sífjalög sem og hvort þau séu í samræmi við lög á hinum Norðurlöndunum. Einnig verður því velt upp hvort að skilyrðin séu of ströng eða of væg eftir að samanburður hefur verið gerður við ofangreind atriði.

¹ Guðni Th. Jóhannesson: „Ávarp forseta Íslands Guðna Th. Jóhannessonar á afmælisþingi Íslenskrar ættleiðingar“.

Til að varpa frekara ljósi á rannsóknarefni ritgerðarinnar verða jafnframt skoðuð nokkur íslensk ættleiðingarmál. Aðgangur fékkst að málum hjá Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu er varða ættleiðingar sem snúa að heilsufari og aldri þar sem þau atriði eru til sérstakrar athugunar. Embætti sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu vildi ekki veita aðgang að úrskurðum sínum er varða þessi mál án upplýsts samþykkis aðila málanna og var því sú leið farin að hafa samband við Íslenska ættleiðingu sem bauð fram hjálp sína og aðstoð við að hafa samband við þá aðila sem gátu veitt samþykki sitt. Bréf, samið af höfundi, var sent út í gegnum Íslenska ættleiðingu til aðila að 34 málum en upplýst samþykki fékkst til að skoða fimm mál. Tvö málanna snúa að aldri umsækjenda og þrjú að heilsufari.

Í upphafi ritgerðarinnar verður farið yfir þróun laga og reglna um ættleiðingar á Íslandi, hugtakið ættleiðingu og grundvallaratriði hennar. Ættleiðingar á Íslandi skiptast í nokkra flokka og verður stuttlega gerð grein fyrir hverjum og einum þeirra. Fjölskyldulíf og merking þess verður skoðuð og í framhaldi alþjóðasamningar sem Ísland er aðili að og erlent samstarf í kringum ættleiðingar. Í lok annars kafla verður farið í gegnum ættleiðingarferlið á Íslandi, hlutverk Íslenskrar ættleiðingar sem eina löggilda ættleiðingafélagsins hér á landi sem og aðkomu viðkomandi yfirvalda í stuttu máli.

Í þriðja kafla verða skilyrði laga um ættleiðingu nr. 130/1999 skoðuð. Þá verður umfjöllun um reglugerð nr. 238/2005 um ættleiðingar og því velt upp hvort hún eigi stoð í lögnum eða hvort einhver vafi sé fyrir hendi. Þau skilyrði, sem umsækjendur um ættleiðingar eða forsamþykki til ættleiðingar á erlendu barni þurfa að uppfylla, eru að miklu leyti finna í reglugerðinni. Þar er einnig að finna skilyrði um aldur og heilsufar umsækjenda. Í þessari ritgerð verður lögð áhersla á að fjalla um þessi skilyrði. Bæði verða skilyrði aldurs og heilsufars skoðuð eins og þau koma fram í íslenskum lögum og reglugerðum og einnig borin saman við skilyrði upprunaríkjanna sem Íslensk ættleiðing er í samstarfi við.

Í fjórða kafla verða íslensku málin sem rannsökuð voru skoðuð, hvert og eitt þeirra reifað og að lokum almenn umræða um málin.

Fimmti kafli ritgerðarinnar snýr að samanburði milli ættleiðingarlaga og annarra laga. Í fyrsta lagi verða lög um tæknifrjövgun skoðuð, skilyrði þeirra og hvernig þau hafa breyst frá því að lögin voru fyrst sett. Sérstök áhersla er lögð á skilyrði um aldur og heilsufar og þau borin saman við sambærileg skilyrði ættleiðingarlaga. Þá verður stutt umfjöllun um frumvarp um staðgöngumæðrun sem ekki varð að lögum. Fróðlegt er að skoða hvaða skilyrði væntanlegir foreldrar hefðu þurft að uppfylla samkvæmt frumvarpinu. Talsverður tími er síðan skilyrði

annarra laga í þessu samhengi hafa verið uppfærð og er því áhugavert að sjá hverjar nýjustu kröfur eru. Fóstur er skoðað og hvaða kröfur fósturforeldrar þurfa að uppfylla.

Að lokum fer fram samanburður við norrænan rétt. Lög og reglur um ættleiðingar í Noregi, Svíþjóð og Danmörku verða skoðaðar, þær breytingar sem gerðar hafa verið sem og þau skilyrði sem umsækjendur um ættleiðingu þurfa að uppfylla með sérstakri áherslu á skilyrði um aldur og heilsufar.

2 Almennt um leyfi til ættleiðinga

2.1 Lög og þróun

Ættleiðingar eiga sér langa sögu. Áður fyrr var börnum komið fyrir milli bæja og ekki giltu neinar sérstakar reglur um það, fremur var um að ræða samkomulag milli fólks.² Það voru þá yfirleitt hjón sem ekki gátu eignast barn á náttúrulegan hátt, sem tóku að sér barn móður sem gat ekki séð fyrir því af ýmsum ástæðum.³ Fram að fyrri hluta síðustu aldar áttu ættleiðingar sér stað innanlands og ættleiðingar barna milli landa voru mjög fátíðar. Á fyrri hluta síðustu aldar voru þær enn fátíðar og helst var skortur á væntanlegum kjörforeldrum fyrir munaðarlaus börn. Það var svo eftir síðari heimstyrjöld að ættleiðingum milli landa fór að fjölga. Nú er það algengasta leiðin og frumættleiðingar innanlands mjög fátíðar. Ættleiðingar yfir höfuð eru fáar á hverju ári og ýmsar ástæður eru fyrir því sem verður komið að síðar í ritgerðinni.⁴ Í gegnum tíðina hefur helst verið um að ræða flutning barna frá fátækari ríkjum heims til efnaðri og þróaðri ríkja, sem vissulega vekur upp ýmsar siðferðislegar spurningar, til dæmis um misjafna stöðu barna í ríkjum heimsins.⁵ Í þessum kafla verður litið til þróunar íslenskra laga og reglna um ættleiðingar til að sjá hvaða breytingar hafa átt sér stað.

Fyrstu lög sem sett voru um ættleiðingar á Íslandi voru lög nr. 19/1953. Engin sett lög höfðu gilt um ættleiðingar fram að því en í raun höfðu danskir konungsúrskurðir verið í gildi þó svo þeir hafi ekki verið birtir. Það voru því fáar reglur en ýmsar venjur höfðu þó skapast í stjórnvaldsmeðferð svo ólögbundnar reglur voru til staðar en óljósar. Lög um ættleiðingar voru sett á Norðurlöndunum í kringum 1920 en vegna þess hve fáar ættleiðingar áttu sér stað hér á landi var ekki talin þörf á að innleiða slík lög hér. Í lok fyrri heimsstyrjaldar fjölgaði ættleiðingum og þeim hélt áfram að fara fjölgandi sem virðist hafa verið helsta ástæða þess að talin var þörf á að setja lög nr. 19/1953 um ættleiðingar.⁶

Ættleiðingarlög nr. 15/1978 tóku gildi 1. janúar 1979. Aftur var horft til þeirra breytinga sem orðið höfðu á málaflokknum á Norðurlöndunum en tillögur norrænna samvinnunefnda frá 1954 stefndu að því að gera ættleiðingu áhrifameiri en áður, einkum í tengslum við erfðarétt. Í greinagerð frumvarpsins er fjallað um að breytingar hafi átt sér stað víðar í ríkjum Evrópu og þróast að því að ættleiðing yrði „sterk“ eða áhrifarík, það er að alger fjölskylduskipti ættu sér

² NOU 2014:9, bls. 53.

³ Prop. 2017/18:121, Modernare adoptionsregler, bls. 89.

⁴ Vefsíða Hagstofunnar, <https://www.hagstofa.is>.

⁵ Hrefna Friðriksdóttir: *Ættleiðingar á Íslandi*, bls. 17.

⁶ Alþt. 1952, A-deild, bls. 244.

stað.⁷ Ættleidda barnið yrði þannig lagalega barn kjörforeldra sinna og missti öll lagaleg tengsl sín við kynforeldra. Sáttmáli um ættleiðingu á vegum Evrópuráðs var samþykktur þann 24. apríl 1967 og var horft til hans við gerð frumvarpsins. Í sáttmálanum er grundvöllurinn sá að hagar og réttur barns sé ávallt í fyrirrúmi.⁸

Líkt og segir í athugasemdum sem fylgdu frumvarpi til laganna voru fyrstu drög lögð fram árið 1994 en þá lá fyrir að Ísland myndi fullgilda Haag-samninginn um vernd barna og samvinnu varðandi ættleiðingu milli landa frá 29. maí 1993 (hér eftir Haag-samningurinn). Á þessum tíma höfðu hin Norðurlöndin aðlagð sín ættleiðingarlög að Haag-samningnum sem var fullgiltur með gildistöku á Norðurlöndunum ýmist 1997 eða 1998.⁹ Á Íslandi höfðu átt sér stað ýmsar lagabreytingar í aðdraganda setningu núgildandi ættleiðingarlaga. Ný barnalög nr. 20/1992¹⁰ og hjúskaparlög nr. 31/1993 voru lögfest og var markmiðið samfelldari fjölskyldulöggjöf. Jafnframt var reynt að aðlaga lögin að breyttu fjölskyldumynstri og hinu síbreytilega þjóðfélagi.¹¹ Skoðað var vandlega hvort rétt væri að fella ákvæði um ættleiðingar inn í barnalög en það þótti ótækt, aðallega vegna þeirrar sérstöku stjórnsýslumeðferðar sem á sér stað í ættleiðingarmálum. Reglur líkt og að hafa hagsmuni barns ávallt að leiðarljósi hafa vissulega sameiginlegan flöt í barnalögum og ættleiðingum en vegna reglna stjórnsýsluréttar þótti betra að hafa lagabálkana aðskylda.¹²

Við gerð frumvarps að ættleiðingarlögum var framkvæmd laga nr. 15/1978 vandlega skoðuð. Stjórnsýsluvenjur voru skoðaðar og hafðar í huga við setningu nýju laganna. Þá var þróun löggjafar í Evrópu skoðuð, alþjóðlegir samningar skoðaðir¹³ og einnig var horft til innlendrar löggjafar líkt og mannanafnalaga og stjórnsýslulaga.¹⁴

Núgildandi lög um ættleiðingar á Íslandi eru lög nr. 130/1999 um ættleiðingar (hér eftir ætl.). Ætl. voru sett sem ný heildarlög eftir viðtæka endurskoðun á lögunum frá 1978, ákvæðum þeirra sem uppfylltu skilyrði Haag-samningsins og þeim stjórnsýsluvenjum sem myndast höfðu í framkvæmd þeirra. Betra þótti að setja fram ný heildarlög en breytingarlög á eldri lögum. Ætl. hefur verið breytt níu sinnum frá því þau tóku gildi 11. júlí 2000.

Reglugerð um ættleiðingar nr. 238/2005, með síðari breytingum, er svo grundvallarreglugerðin sem gildir um ættleiðingar. Þar er meðal annars að finna skilgreiningar

⁷ Alþt. 1977-1978, A-deild, bls. 543.

⁸ Alþt. 1977-1978, A-deild, bls. 543.

⁹ Þskj. 68, 125. lögb. 1999-2000, bls. 9.

¹⁰ Núgildandi barnalög eru nr. 76/2003.

¹¹ Þskj. 68, 125. lögb. 1999-2000, bls. 9-10.

¹² Þskj. 68, 125. lögb. 1999-2000, bls. 10.

¹³ Vísað er til samninga í frumvarpinu á bls. 10-11.

¹⁴ Þskj. 68, 125. lögb. 1999-2000, bls. 10-11.

á hugtökum, upplýsingar um umsóknir og fylgigögn, skilyrði sem umsækjandi þarf að uppfylla og aðkomu umsagnaraðila. Aðrar reglugerðir sem eru í gildi eru reglugerð um veitingu leyfa til ættleiðingar nr. 1264/2011 og reglugerð um ættleiðingarfélög nr. 453/2009. Ekki er að finna neinar opinberar leiðbeiningar um ættleiðingar.

2.2 Hugtakið ættleiðing

2.2.1 Skilgreiningar á hugtakinu ættleiðing

Í Íslensku alfræðiorðabókinni er ættleiðing skilgreind sem svo: „stofnun sambands milli barns og ættleiðanda sem hefur þau réttaráhrif að litið er á barnið í öllu tilliti svo sem það væri getið af kjörforeldrunum“¹⁵. Hrefna Friðriksdóttir hefur skilgreint hugtakið þannig að ættleiðing sé í eðli sínu verndarúrræði fyrir barnið.

Ættleiðing er leið til að tryggja barni, sem ekki á fjölskyldu sem getur annast það, möguleika á að fá að alast upp hjá fjölskyldu sem hefur aðstæður til að veita því góðan aðbúnað og uppeldi í samræmi við þarfir barnsins. Ættleiðing er ekki eingöngu úrræði sem tryggir barni umönnun innan fjölskyldu heldur stofnast um leið til ættartengsla. Þannig eru rofin lagaleg tengsl einstaklings við upprunafjölskyldu og stofnað til nýrra samsvarandi tengsla milli barnsins og þess eða þeirra sem ættleiða það.¹⁶

Við ættleiðingu verður til fjölskylda sem inniheldur kjörforeldra¹⁷ og kjörbarnið, sem og möguleg systkini. Flest ættleidd börn verða snemma meðvituð um að þau séu ættleidd og þá kannski sér í lagi þau sem koma erlendis frá og eru ólík kjörforeldrum sínum í útliti. En hvort sem barn er ættleitt erlendis frá eða innanlands ber kjörforeldrunum lagaleg skylda til að upplýsa kjörbarn sitt um að það sé ættleitt jafnskjótt og það hefur þroska til líkt og segir í 1. mgr. 26. gr. ætl. Skal það að jafnaði gert eigi síðar en er barn nær sex ára aldri enda er það grundvallarregla að börn eigi rétt á að þekkja uppruna sinn.

Orðið ættleiðing í íslensku máli á aðeins við um þegar barn eða fullorðinn einstaklingur verður hluti af nýrri fjölskyldu. Í pistli Birnu Gunnarsdóttur, móður ættleidds drengs, áréttar hún notkun orðsins ættleiðingar í málumhverfinu. Henni þykir of algengt að fólk noti orðið ættleiðing um aðrar gjörðir en tilætluð merking felur í sér, líkt og þegar fólk talar um að ættleiða gæludýr eða jafnvel húsnæði sem liggur undir skemmdum. Slík orðanotkun geti haft særandi áhrif á ættleidd börn sem flest upplifa á einhverjum tímapunkti höfnun yfir að hafa verið yfirgefin af kynforeldrum. Ástæðu viðtækrar notkunar á orðinu ættleiðingar má að öllum líkindum rekja til þess að hugtakið „adoption“, sem notað er yfir ættleiðingar í ensku, hefur

¹⁵ Íslenska alfræðiorðabókin, <https://snara.is/>.

¹⁶ Hrefna Friðriksdóttir: *Ættleiðingar á Íslandi*, bls. 15.

¹⁷ Orðið er notað í ætl. um þá aðila sem ættleiða barn en er ekki sérstaklega skilgreint þar. Samkvæmt lögfr. skýringu í *Íslenskri orðabók* merkir orðið kjörforeldri: hjón eða sambylisfólk sem ættleiða barn.

rýmri merkingu heldur en íslenska hugtakið. Hún segir að hægt sé að koma í veg fyrir að særa börn sé hugsað út í orðanotkun og ættleiðir ekki settir í flokk með dýrum eða öðrum hlutum sem þarf að bjarga. „Ættleiðing er nefnilega ekki góðgerðarmál heldur fjölskyldumál.“¹⁸ Það er kannski einmitt kjarni málsins, ættleiðing snýst ekki um að bjarga barni heldur að barn eignist fjölskyldu. Það er mikilvægt að hafa í huga, líkt og Hrefna segir í sinni skilgreiningu, að ættleiðing sé fyrir barnið, það á að búa barninu bestu mögulegu aðstæður.¹⁹

2.2.2 Best fyrir barnið

Mikilvægt er að hafa í huga að grundvöllur ættleiðinga snýr að hagsmunum barnins sem ættleiða á. Sjónarmiðið um hagsmuni þess á ávallt að vega þyngra en óskir kjörforeldra til að eignast barn. Kjörforeldrar þurfa að uppfylla ákveðin skilyrði og vera hæfir til að mæta þörfum barnsins. Hvert tilvik er einstakt og misjafnt er hvaða hæfni kjörforeldrar þurfa að búa yfir til að geta sinnt barninu sem ættleiða á svo það sé best fyrir það tiltekna barn.

Reglan um að hafa hagsmuni barna að leiðarljósi endurspeglast víða í íslenskum lögum og alþjóðasamningum. Þar má í fyrsta lagi nefna samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 18/1992 (SBR) og í öðru lagi Haag-samninginn um vernd barna og samvinnu varðandi ættleiðingu milli landa. Þá ber að nefna ákvæði í 3. mrg. 76. gr. íslensku stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 sbr. lög nr. 97/1995, sem segir að börnum skuli tryggð í lögum sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst. Einnig eru lagabálgar líkt og barnalög nr. 76/2003 og barnaverndarlög nr. 80/2002 sem snúa að verndun barna.

Í skýrslunni *Ættleiðingar á Íslandi* tekur Hrefna Friðriksdóttir saman þau grundvallaratriði sem snúa að því hvernig hagsmunum ættleiddra barna er best á komið þar sem ættleiðing er skilgreind sem verndarúrræði. Í fyrsta lagi er talið barni fyrir bestu að alast upp hjá foreldrum sínum eða fjölskyldu. Ef það gengur ekki upp skal tryggja örugga umönnun í heimalandi barnsins. Helstu rök fyrir því eru að tengsl við uppruna og menningu barnsins séu mikilvæg auk tækifæris á að halda sambandi við fjölskyldu sína. Fyrir umönnun barns þykir betra að það alist upp hjá fjölskyldu fremur en á stofnun svo reynt er að koma barni í fóstur eða það ættleitt innan heimalands síns. Alþjóðleg ættleiðing, að barnið verði ættleitt frá sínu heimalandi er síðasta úrræðið en þó jafnframt vænlegra en að barn alist upp á stofnun. Reglan um að ættleiðing milli landa komi aðeins til greina ef barn mun ekki verða ættleitt innan síns heimalands, kallast á ensku the subsidiarity principle og er grundvallarregla í alþjóðasamningnum sem ber að líta til við

¹⁸ Birna Gunnarsdóttir: „Um notkun orðsins ættleiðing“, <http://www.isadopt.is/is/moya/news/um-notkun-orðsins-aettleiðing->.

¹⁹ Hrefna Friðriksdóttir: *Ættleiðingar á Íslandi*, bls. 15.

alla stefnumótun og framkvæmd. Það er því litið svo á nú til dags að ættleiðing milli landa sé lokaúrræði þegar ekki er mögulegt að barn alist upp við bestu hugsanlegu aðstæður í sínu upprunaríki.

Ættleiðing milli landa getur sannarlega þjónað hagsmunum barnsins og tryggt því öruggt og gott uppleði. Ættleitt barn og þær aðstæður sem það kemur inn í þegar það verður hluti af kjörfjölskyldu eru um margt ólíkar því þegar líffræðilegt barn foreldra kemur í heiminn. Útlit þess er gjarnan ólíkt kjörfjölskyldunni og barnið glímir jafnvel við erfiðleika í tengslum við að eiga annan uppruna og hafa tilheyrt annarskonar menningu en er við lýði í viðtökuríki þess. Ættleidd börn eru nánast alltaf eldri, þau hafa gengið í gegnum missi og aðstæður sem geta haft áhrif á þroska þeirra og hæfni til tengslamyndunar. Stundum glíma þau við andlega og/eða líkamlega erfiðleika vegna fyrri búsetuaðstæðna.²⁰

Gerð hefur verið rannsókn á stofnanavist ættleiddra barna hér á landi en markmiðið var að kanna tengsl áhættuþátta fyrir ættleiðingu og ákveðinna geðrænna erfiðleika, þ.e.a.s. til dæmis hvort stofnanavist í bernsku hefði áhrif á geðheilsu barnanna seinna meir. Rannsóknin var framkvæmd þannig að foreldrar barnanna svöruðu spurningalista en ekki bjó að baki læknisrannsókn né var heldur hægt að fullyrða nákvæmlega um stöðu þeirra stofnana sem börnin komu frá. Niðurstöðurnar gefa til kynna að börn sem ættleidd eru eftir 18 mánaða aldur og þau sem hafa dvalið á stofnun lengur en fyrstu 18 mánuði í lífi sínu, eru líklegri en önnur börn til að sýna einkenni athyglisbrests með ofvirkni og hegðunar- og tilfinningavanda. Börn sem eru ættleidd fyrir 12 mánaða aldur virðast hins vegar ekki sýna slík einkenni frekar en almennt gengur og gerist. Börn sem áttu foreldra sem töldu þau hafa orðið fyrir alvarlegri vanrækslu á stofnun, þóttu frekar sýna tengsl við ofvirkni eða einhverfu en börn foreldra sem töldu að þau hefðu orðið fyrir engri eða lítilli vanrækslu. Bent er á í rannsókninni að aldurinn milli 6-24 mánaða er verulega viðkvæmur hvað varðar taugaproska barna og stofnanavist á þessum aldri hefur verið tengd við hegðunarvanda. Þá hefur verið sýnt fram á að tíðni hegðunarvanda á unglingsárum eykst hjá börnum sem í frumbernsku hafa dvalið á stofnun. Í heild sýna niðurstöður rannsóknarinnar að ættleiddum börnun erlendis frá hafi farnast vel eftir komuna til landsins en þó eru hegðunar- og tilfinningaerfiðleikar algengari en hjá almennu þýði. Það er í samræmi við erlendar rannsóknir sem hafa fjallað um samskonar viðfangsefni. Hærri aldur barna við ættleiðingu er áhættuþáttur og mikilvægt að kjörforeldrar hafi það í huga svo hægt sé að grípa inn í sem fyrst með viðeigandi aðstoð.²¹

²⁰ Hrefna Friðriksdóttir: *Ættleiðingar á Íslandi*, bls. 19-20.


²¹ Málfríður Lorange o.fl.: „Afdrif barna á Íslandi sem eru ættleidd erlendis frá“, bls. 19-23.

Þegar barn er ættleitt taka stjórnvöld afdrifaríkar ákvarðanir sem fela í sér ráðstöfun á lífi þess og réttarstöðu til frambúðar og því er nauðsynlegt að tryggja að barnið muni búa við bestu hugsanlegu aðstæður.²² Það er mikilvægt að kjörforeldrar séu vel í stakk búnir til að takast á við þær áskoranir sem geta fylgt því að ættleiða barn og því eðlilegt að gera ríkar kröfur til umsækjenda um ættleiðingu.

2.3 Flokkar ættleiðinga

Ekki eru allar ættleiðingar eins og fjöldi þeirra er misjafn eftir flokkum (sjá Mynd 1). Líklega kemur fyrst upp í hugann svokölluð alþjóðleg ættleiðing eða ættleiðing milli landa, þar sem væntanlegir kjörforeldrar fá forsamþykki hér á landi en sækja svo um ættleiðingu í upprunalandi barnsins. Ættleiðingar innanlands þar sem um er að ræða ný fjölskyldutengsl eru fátíðar en ekki óþekktar. Þessar ættleiðingar kallast frumættleiðingar. Þá eru það stjúpættleiðingar, þar sem stjúpforeldri ættleiðir barn maka síns, sem eru algengasta gerð ættleiðinga hér á landi.²³ Að lokum er það alþjóðleg fjölskylduættleiðing. Hér verða skoðaðir flokkar ættleiðinga eins og þeir birtast í íslensku lagaumhverfi.

Ættleiðingar eftir gerð ættleiðingar og fæðingarlandi 1990-2017



Mynd 1: Fjöldi ættleiðinga eftir gerð þeirra og fæðingarlandi á árunum 1990-2017.²⁴

2.3.1 Frumættleiðingar

Í 1. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 238/2005 um ættleiðingar (ætl.rg.) segir að með orðinu frumættleiðing sé átt við ættleiðingu á barni sem ekki er barn eða kjörbarn maka umsækjanda

²² Hrefna Friðriksdóttir: *Ættleiðingar á Íslandi*, bls. 19.

²³ Vefsíða Hagstofunnar, <https://www.hagstofa.is>.

²⁴ Vefsíða Hagstofunnar: <https://www.hagstofa.is>.

eða sambúðarmaka. Fyrir barni verða ný fjölskyldutengsl til, þau sem fyrir voru rofna og kjörforeldrar taka við barninu að öllu leyti. Frumættleiðingar skiptast svo í tvo flokka. Annars vegar í ættleiðingar innanlands, þ.e.a.s. börn búsett hér á landi eru ættleidd til foreldra sem einnig eru búsettir hérlandis og hins vegar ættleiðingar milli landa eða alþjóðlegar ættleiðingar. Þar búa kjörforeldrar í einu ríki, svokölluðu viðtökuríki en barnið býr í öðru ríki eða upprunaríki.²⁵ Um allar frumættleiðingar gilda ákvæði ætl.rg. og þurfa kjörforeldrar að uppfylla skilyrði sem þar koma fram til að fá leyfi til að ættleiða eða forsamþykki til að ættleiða barn.

2.3.2 Stjúpættleiðingar

Með orðinu stjúpættleiðing er átt við ættleiðingu á barni eða kjörbarni maka umsækjanda eða sambúðarmaka sbr. 2. mgr. 1. gr. ætl.rg. Sá sem ættleiðir barn á þennan hátt myndar ný lagaleg tengsl við það og á sama tíma rofna lagaleg tengsl barns við annað kynforeldri. Ólíkt því sem á sér stað við frumættleiðingu, hefur barnið yfirleitt búið með stjúpforeldri á sama heimili um tíma og styrkir stjúpættleiðing þau tengsl sem þegar eru til staðar. Mikilvægt er að kanna hvort nauðsynlegt sé að ættleiðing fari fram og hvort hún sé barninu fyrir bestu.²⁶

Stjúpættleiðingar þurfa að uppfylla skilyrði ætl.rg. m.a. varðandi heilsufar og sambúðartíma. Heilsufarsskilyrðum má þó víkja frá þegar sérstaklega stendur á og ekki er gerð krafa um aldur stjúpforeldris. Stjúpættleiðingar eru ekki alltaf samþykktar líkt og sjá má í *Hrd. 20. nóvember 2008 (187/2008)* en þar var skilyrðið um 5 ára sambúðartíma stjúpföðurs og kynmóður barnanna, sem finna má í 3. mgr. 10. gr. ætl.rg., ekki uppfyllt.

2.3.3 Alþjóðleg fjölskylduættleiðing

Önnur gerð ættleiðingar er alþjóðleg fjölskylduættleiðing. Í 3. mgr. 1. gr. ætl.rg. segir að með orðunum alþjóðleg fjölskylduættleiðing sé átt við ættleiðingu erlends ríkisborgara eða fyrrum erlends ríkisborgara, sem á fasta búsetu hér á landi, á tilteknu barni, sem er umsækjanda náskýlt og er búsett í upprunalandi hans. Þetta á við hvort sem umsækjandi sækir einn um ættleiðingu eða með maka sínum. Lög um ættleiðingar gilda um alþjóðlega fjölskylduættleiðingu og þarf sýslumaður að gefa út forsamþykki sbr. 29. gr. ætl. Upprunaríki barns þarf að staðfesta að upplýsingar um barn séu réttar og að ættleiðing þess til Íslands sé barninu fyrir bestu.²⁷

²⁵ Hrefna Friðriksdóttir: *Ættleiðingar á Íslandi*, bls. 15-16.

²⁶ Hrefna Friðriksdóttir: *Ættleiðingar á Íslandi*, bls. 16.

²⁷ Vefsíða Stjórnarráðs Íslands, <https://www.stjornarradid.is>.

2.3.4 Hugtökin sterk og veik ættleiðing

Í 25. gr. ætl. er fjallað um réttaráhrif ættleiðingar. Þar segir í 1. mgr. að við ættleiðingu öðlist kjörbarn sömu réttarstöðu gagnvart kjörforeldrum, ættmennum þeirra og þeim sem eru í kjörsifjum við þá eins og væri það eigið barn kjörforeldra, nema lög mæli á annan veg. Frá sama tímapunkti falla niður lagatengsl barnsins við kynforeldra þess, önnur ættmenn og þá sem eru í kjörsifjum við þá, nema lög kveði á um annað. Í 2. mgr. sést að það sama á við um stjúpættleiðingar. Þar með er sterk ættleiðing lögfest hér á landi enda verður algjört rof við kynforeldra barnsins og samkvæmt lögnum felur ættleiðing í sér algjör fjölskylduskipti.²⁸

Hin tegund ættleiðinga er veik ættleiðing en þar verða ekki jafn skörp skil milli tengsla við nýja fjölskyldu og rofs við þá fyrri. Veikar ættleiðingar gilda ekki hér á landi en þekkjast víða annarsstaðar.²⁹

Tekið er á þeim vandamálum sem geta skapast ef ekki gilda sömu reglur um tegund ættleiðinga í upprunaríki og viðtökuríki í 2. mgr. 38. gr. ætl. Þar segir að sýslumaður geti ákveðið að réttaráhrif ættleiðingar barns sem veitt hefur verið erlendis verði þau sömu og ættleiðingar sem heimiluð hefur verið hér á landi. Það er að segja ef veik ættleiðing er sú tegund ættleiðinga sem viðgengst í upprunaríki barns, hefur sýslumaður heimild til að breyta réttaráhrifum erlendu ættleiðingarinnar í samræmi við 25. gr. ætl. Þessi heimild styðst við 26. gr. og 27. gr. Haag-samningsins en þar er talið að þessi heimild sé barninu til hagsbóta.³⁰

2.4 Fjölskyldulíf

2.4.1 Hvað er fjölskylda?

Erfitt er að ætla að skýra hugtakið fjölskylda og skilningur á merkingu þess er misjafn milli manna. Í orðabókum og samkvæmt almenntri málvenju virðist fjölskylda vera foreldrar með börn, þrátt fyrir hið fjölbreytta fjölskyldumynstur sem er til staðar nú til dags. Svo virðist vera að barnlaus pör falli sjaldnast undir skilgreininguna um fjölskyldu og skilgreini sig sjálf fyrst sem fjölskyldu þegar barn kemur í heiminn.³¹ Fjölskylda er ekki lagalegt hugtak heldur frekar félagsfræðilegt. Fjölskyldan hefur lengi verið talin grunneining samfélagsins.³²

Margir þrá á einhverjum tímapunkti að eignast barn og uppfylla þar með samfélagsleg viðmið um að eignast fjölskyldu. Talað er um bæði ytri og innri þætti sem hafa áhrif á ákvörðun

²⁸ Þskj. 68, 125. lögb. 1999-2000, bls. 28.

²⁹ Hrefna Friðriksdóttir: *Ættleiðingar á Íslandi*, bls. 16 og þskj. 68, 125. lögb. 1999-2000, bls. 28.

³⁰ Þskj. 68, 125. lögb. 1999-2000, bls. 38.

³¹ Helga Sól Ólafsdóttir: „Ófrjósemi – lausnir og lífsgæði“, bls. 211.

³² Hrefna Friðriksdóttir: *Ættleiðingar á Íslandi*, bls. 20.

para til barneigna. Ytri þættir eru til dæmis félagslegar aðstæður parsins, aldur og lengd sambands auk menntunarstöðu. Einnig hefur það áhrif þegar fólk í nánasta hópi parsins hefur barneignir og umhverfi þeirra fer skyndilega að snúast um börn og fjölskylduumræður. Innri þættir eru sjálfsímynd, persónuleiki og félagsleg viðmið.³³ Þegar pör hafa ákveðið að hefja barneignir og ekki fer allt eftir áætlun, það er að segja, barn kemur ekki undir á „náttúrulegan“ hátt, má skoða möguleikana á barneignum með aðstoð. Hægt er að fá aðstoð með tæknifrjövgun en skilyrði og reglur í kringum það verða skoðaðar síðar í ritgerðinni. Ættleiðing er annar möguleiki. Hér verður þó að taka fram að ekki allir sem ættleiða glíma við ófrjósemi. En hver er réttur fólks til aðstoðar við barneignir, hvaða leið sem það svo sem velur?

2.4.2 Réttur til fjölskyldulífs

Hugtökin griðaréttur og gæðaréttur koma gjarnan fyrir í siðferðislegri umræðu um barneignir. Griðaréttur snýr að því að fá að vera í friði með barneignir en takmarkanir á griðarétti eru til dæmis þvingaðar ófrjósemisaðgerðir. Gæðaréttur á hinn bóginn tekur yfir það að ætlast til að hjálp sé til staðar fyrir fólk sem getur ekki eignast börn eftir hefðbundnum leiðum, það er aðstoð við barneignir eins og tæknifrjövgun eða jafnvel staðgöngumæðrun.³⁴ Þá má velta upp spurningunni um hvort það séu yfir höfuð grundvallarmannréttindi að eignast börn? Stutta svarið er nei.

Í 1. mgr. 71. gr. laga nr. 33/1944 sbr. lög nr. 97/1995, Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, er friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu tryggt. Fjölskyldulíf er einnig verndað samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 62/1994 um mannréttindasáttmála Evrópu (MSE) en megininntakið er að fjölskyldan fái að vera saman án afskipta. Merking hugtaksins er rúm og tekur til allskonar fjölskylduforma, ekki bara hinnar klassísku kjarnafjölskyldu.³⁵ Ákvæðið vísar fyrst og fremst til réttar einstaklings við að stjórna sínu eigin lífi, líkama og einkahögum. Þá er ákvæðið einnig talið vernda réttinn til að stofna fjölskyldu.³⁶ Ekki segir þó berum orðum að það hvíli jákvæð skylda á íslenska ríkinu til að hjálpa öllum að eignast barn. Í 12. gr. MSE segir að karlar og konur hafa rétt á að ganga í hjónaband og stofna fjölskyldu í samræmi við landslög um þessi réttindi. Rétturinn að stofna til fjölskyldu er því til staðar en ríkin geta útfært reglur á sinn hátt svo lengi sem grundvallarrétturinn til hjónabands og barneigna er ekki hindraður.

Mannréttindadómstóll Evrópu hefur fjallað um rétt fólks til fjölskyldulífs þar sem reynir á 8. gr. í tengslum við ættleiðingar, til að mynda í dómi *Mannréttindadómstóls Evrópu í málum*

³³ Helga Sól Ólafsdóttir: „Ófrjósemi – lausnir og lífsgæði“, bls 211.

³⁴ Salvör Nordal: „Tæknifrjövganir og staðgöngumæður út frá hagsmunum barna“, bls. 91-92.

³⁵ Björg Thorarensen: „Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu og réttur til að stofna til hjúskapar“, bls. 294.

³⁶ Björg Thorarensen: „Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu og réttur til að stofna til hjúskapar“, bls. 322.

Pini og Bertani & Manera og Atripaldi gegn Rúmeníu, 22. júní 2004 (78028/01 og 78030/01). Málavextir voru þeir að tvenn ítölsk hjón hugðust ættleiða tvær níu ára stúlkur frá Rúmeníu. Þegar nær dró ættleiðingunni gekk allt til baka og hjónin fengu stúlkurnar aldrei til sín og töldu að á sér hefði verið brotið. MDE fer í niðurstöðu sinni sérstaklega í 8. gr. MSE. Dómurinn staðfesti að samband á milli kjörforeldra og ættleiddra barna félli undir 8. gr. um fjölskyldur og að 8. gr. hefði átt að vernda betur fjölskylduböndin sem myndast höfðu en rúmensk yfirvöld fylgdu því illa eftir. Meginástæða þess að stúlkurnar voru ekki ættleiddar frá Rúmeníu var þeirra vilji til að vera frekar í því umhverfi sem þær þekktu og flytja ekki til nýrra fjölskyldna á Ítalíu. Ekki þótti sannað að rúmensk yfirvöld hefðu gert allt sem í þeirra valdi stóð til að undirbúa þær fyrir komandi ættleiðingu. Ítölsku hjónin, umsækjendurnir, þráðu að eignast börn og stofna fjölskyldu með því að ættleiða stúlkurnar. En líkt og segir í dómnum, gat þrá þeirra til stofnunar fjölskyldu ekki notið algjörar verndar, þrátt fyrir lögmætar væntingar þeirra. Skylda rúmenskra yfirvalda var fyrst og fremst að hafa hagsmuni stúlkanna í huga og þeir hagsmunir verða að teljast mikilvægari en hagsmunir umsækjendanna.

In adoption cases, it was even more important to give the child's interests precedence over those of its parents, as adoption meant "giving a family to a child and not the child to a family."³⁷

Þar sem stúlkurnar voru orðnar nægilega gamlar til að hafa skoðun á því hvort þær yrðu ættleiddar þótti mikilvægt að virða það. Því var niðurstaða dómstólsins að ekki hefði verið brotið gegn 8. gr., þrátt fyrir lögmætar væntingar umsækjanda um að stofna til fjölskyldu.

Niðurstaða dómsins dregur fram mikilvæga punkta. Fyrst og fremst að hagsmunir barna skuli ávallt vera í fyrirrúmi í ættleiðingarmálum og að skoðanir þeirra skulu teknar til greina sbr. 12. gr. SRB. Þar af leiðandi er undirstaða löggjafar og framkvæmdar almennt í málaflokknum sú að finna eigi fjölskyldu fyrir barn en ekki barn fyrir fjölskyldu.³⁸

Í framhaldi af þessu má velja upp hvort og hvernig löggjöf og framkvæmd eigi að styðja við fólk sem þarf á aðstoð að halda við barneignir. Ekki hvílir nein skylda á ríkjum til að að setja löggjöf eða aðstoða fólk sem er í þessari stöðu. Ef ríki kjósa að veita fólki aðstoð við barneignir er mikilvægt að það sé til hagsmuna fyrir barnið. Það á í raun enginn rétt á því að eignast eða ættleiða barn.³⁹ Sjá þó dóm MDE Dickson gegn Bretlandi, 4. desember 2007(44362/04) þar sem málsatvik voru þau að maður og kona, aðilar málsins, sátu bæði í

³⁷ Dómur Mannréttindadómstóls Evrópu í málum Pini og Bertani & Manera og Atripaldi gegn Rúmeníu, 22. júní 2004 (78028/01 og 78030/01).

³⁸ Hrefna Friðriksdóttir: *Ættleiðingar á Íslandi*, bls. 15.

³⁹ Hrefna Friðriksdóttir: *Ættleiðingar á Íslandi*, bls. 20.

fangelsi þegar þau kynntust. Þar sem maðurinn sá fram á mun lengri fangelsisdvöl en konan, var ljóst að aldur hennar yrði vandamál þegar kæmi að barneignum er hann yrði látinn laus. Þau óskuðu því eftir tæknifrjóvgun, en breska ríkið hafnaði og taldi að sér bæri ekki skylda til að aðstoða aðila málsins. Yfirdeild MDE taldi að ríkið gæti ekki bannað fólki að eignast börn, það væri í andstöðu við 8. gr. MSE og niðurstaða dómsins var að ekki hafi fundist sanngjarnt jafnvægi milli hagsmuna almennings annars vegar og kæranda hins vegar. Ríkjum geti því mögulega borið jákvæð skylda til að aðstoða fólk við barneignir svo 8. gr. verði uppfyllt, sér í lagi þegar um er að ræða eigið erfðaeefni fólks en betur verður komið inn á það síðar í ritgerðinni.

Þrátt fyrir þetta er mikilvægt að skapa ekki óraunhæfar væntingar hjá barnlausu fólki um að það geti ættleitt barn eða eigi í raun einhvern lagalegan rétt á því.⁴⁰ Umsækjendur um ættleiðingu þurfa einnig að vera mjög meðvitaðir um stöðu barna sem eru ættleidd og að upp geti komið vandamál í tengslum við ættleiðinguna sjálfa og börnin sem ættleidd verða.

Löggjöf um ættleiðingar þarf því að taka tillit til hagsmuna barna í fyrsta lagi. Auk þess þarf að gæta vandaðrar stjórnsýslu og þar verður að hafa í huga hagsmuni umsækjenda. Kröfur sem settar eru á þá sem hyggjast ættleiða barn þurfa að vera skýrar, gagnsæjar og raunhæfar. Í framkvæmd þarf svo að tryggja að umsóknir fái faglega og lögmæta afgreiðslu sem og að gæta þess að málsafgreiðslutími sé sanngjarn. Það er að segja, allt umsóknarferlið þarf að vera í samræmi við góða stjórnsýsluhætti.⁴¹

2.5 Alþjóðasamningar í tengslum við ættleiðingar sem Ísland er aðili að

2.5.1 Almenn

Skýr lög um ættleiðingar eru nauðsynleg og þá sérstaklega ef horft er til alþjóðlegra ættleiðinga. Þar sem fleira en eitt ríki kemur við sögu er mjög mikilvægt að skýr lög gildi sem ná milli ríkja. Þar koma ýmsir alþjóðasamningar við sögu. Alþjóðlegar ættleiðingar horfa öðruvísi við en innlendar, en algengast er að börn séu ættleidd frá fátækari ríkjum til kjörforeldra í efnaðri ríkjum.⁴² Ýmsar siðferðislegar spurningar vakna við þetta, líkt og tengsl barna við uppruna sinn og menningu, staða barna í fátækari ríkjum og því um líkt. Umsóknum um alþjóðlega ættleiðingar hefur farið mjög fjölgandi á sama tíma og ættleiðingum frá upprunaríkjum á borð við Kína og Indland hefur farið fækkandi. Þó nokkrar ástæður eru taldar liggja að baki því, þar á meðal að lífsskilyrði hafa batnað sem og samfélagsleg viðhorf, til að mynda til einstæðra

⁴⁰ Hrefna Friðriksdóttir: *Ættleiðingar á Íslandi*, bls. 21.

⁴¹ Hrefna Friðriksdóttir: *Ættleiðingar á Íslandi*, bls. 21.

⁴² Hrefna Friðriksdóttir: *Ættleiðingar á Íslandi*, bls. 17.

foreldra.⁴³ Auk þess hafa sum ríki lokað fyrir ættleiðingar vegna gruns um spillingu, þar sem eftirspurn kjörforeldra eftir börnum verður svo mikil að börn sem ekki eru munaðarlaus eru ættleidd. Það geta t.d. verið peningar í spilinu, börn seld eða kynforeldrar þeirra haldið að verið sé að bjóða börnunum menntun og þau muni snúa aftur til þeirra síðar meir.⁴⁴ Slíkir atburðir hafa átt sér stað á undanförunum árum, til dæmis í Frakklandi.⁴⁵ Indónesía lokaði á sínum tíma einnig fyrir allar alþjóðlegar ættleiðingar nánast án alls fyrirvara, vegna gruns um spillingu.⁴⁶ Nauðsynlegt er að vera á varðbergi gagnvart hverskyns misnotkun og spillingu í tengslum við ættleiðingar sem og hættu á kaupum og sölu á börnum.⁴⁷ Hættur af þessu tagi aukast þegar þau börn sem talin eru þurfa á ættleiðingu að halda eru mun færri en þeir sem óska þess að ættleiða barn.

Einnig má hér minnst á að fleiri börn með skilgreindar þarfir eru ættleidd en áður var.⁴⁸ Betri stefnu gæti þurft í slíkum ættleiðingum, til dæmis hvort búa þurfi kjörforeldra betur undir slíkar ættleiðingar. Á að auka kröfur á þá til að tryggja börnunum velferð?

2.5.2 *Norrænt samstarf*

Hér á landi eru í gildi alþjóðleg einkamálaréttarákvæði sem finna má í samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, um hjúskap, ættleiðingu og lögráð sbr. lög nr. 29/1931. Í öðrum hluta samningsins er fjallað um ættleiðingar og snúa ákvæðin að lögsögu og lagaskilum.⁴⁹ Í lögnum kemur þó ekki fram berum orðum að samningurinn hafi lagagildi hér á landi en þó verður að telja að hann hafi það. Ef litið er til *Hrd. 1984, 1444* þar sem er fjallað um norræna samninginn, um hjúskap, ættleiðingu og lögráð, sker Hæstiréttur úr um að sá samningur hafi vissulega lagagildi á Íslandi.⁵⁰

Dómurinn fjallar um ættleiðingar og snerist um hvort íslenskur maður búsettur í Svíþjóð hefði átt að sækja um ættleiðingarleyfi á Íslandi eða í Svíþjóð til að ættleiða barn konu sinnar gegn mótmælum bandaríks kynföðurs þess. Niðurstaðan var sú að íslenski maðurinn hefði átt að sækja um ættleiðingarleyfið í Svíþjóð þar sem hann hafði lögheimili þar og þar af leiðandi heimilisfesti.

⁴³ Hrefna Friðriksdóttir: *Ættleiðingar á Íslandi*, bls. 17 og sænska ættleiðingarhandbókin bls. 15.

⁴⁴ „Danir stöðva ættleiðingar frá Eþíópíu“: <https://www.ruv.is/frett/danir-stodva-aettleiðingar-fra-ethiopiu>.

⁴⁵ Vefsíða BBC, <http://news.bbc.co.uk/> og Vefsíða Le Parisien, <http://www.leparisien.fr/>

L'Arche de Zoé voru frönsk góðgerðasamtök sem komust í heimsfréttirnar árið 2007 þegar nokkrir meðlimir þeirra ætluðu að flytja 103 börn frá Mið-Afríkuríkinu Chad til Frakklands. Áætlun þeirra sneri að því að bjarga munaðarlausum börnum frá stríðshrjáðu Darfur-héraði í Súdan og koma þeim í föstur hjá frönskum fjölskyldum. Börnin voru mörg hver ekki munaðarlaus og var þessi „björgun“ ólögleg og meðlimir góðgerðasamtakana ákærðir. Eftir þessum atburði var gerð kvikmyndin *Hvítu riddararnir* (f. *Les chevaliers blancs*) eftir Joachim Lafosse en myndin skilur eftir sig ýmsar hugsanir, til dæmis um virðingu Evrópubúa við íbúa Afríku og þeirra menningu.

⁴⁶ Sigrún María Kristinsdóttir: *Óskabörn*, bls. 31.

⁴⁷ Hrefna Friðriksdóttir: *Ættleiðingar á Íslandi*, bls. 20.

⁴⁸ Sýlvía Rut Sigfúsdóttir: „Félagið ekki fjárhagslega drifið áfram af fjölda ættleiðinga“, <https://www.visir.is/g/2019190918975>

⁴⁹ Hrefna Friðriksdóttir: *Ættleiðingar á Íslandi*, bls. 33.

⁵⁰ Páll Sigurðsson: *Erfdaréttur*, bls. 90.

Norrænt samstarf er mikilvægt á sviðum sífjamála og er gott samstarf milli Norðurlandanna þegar kemur að ættleiðingarmálum. Þá má minnst á samstarf norrænna ættleiðingarfélaga innan félags sem kallast Nordic Adoption Council (NAC). NAC var formlega stofnað árið 1995 og er markmið þess að skapa góðar aðstæður til ættleiðinga á Norðurlöndunum og að góð skilyrði séu tryggð ættleiddum börnum til uppvaxtar. Félagið heldur reglulega ráðstefnur þar sem fulltrúar miðstjórnvalda Norðurlandanna og fulltrúar ættleiðingarfélaganna ræða saman um stöðu ættleiðingarmála og móta stefnur í málaflokknum.⁵¹

2.5.3 Evrópskt samstarf

Fyrst ber að nefna Mannréttindasáttmála Evrópu sem hluta af evrópsku samstarfi en eins og fram hefur komið er það helst 8. gr. um fjölskyldulíf sem snýr að ættleiðingum sem hefur gildi. Að sama skapi hefur Mannréttindadómstóll Evrópu fjallað um ættleiðingar í dómum sínum.

Áður hefur verið minnst á sáttmála um ættleiðingar á vegum Evrópuráðsins frá 1967 sem hafður var til hliðsjónar við setningu ættleiðingarlaga nr. 15/1978.⁵² Þessi samningur var svo endurskoðaður og nýr samningur Evrópuráðsins um ættleiðingar samþykktur 27. nóvember 2008. Samningurinn hefur ekki lagagildi á Íslandi.

2.5.4 Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins (SRB) er einn af víðtækustu alþjóðasamningum sem til eru. Hvað varðar aðkomu Íslands að sáttmálanum var hann fullgiltur hér á landi 27. nóvember 1992 og öðlaðist þar með gildi. Hann var svo lögfestur 13. mars 2013 með lögum nr. 19/2013. Samningurinn hefur að geyma borgaraleg, stjórnómálag, efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi barna, sem og ákvæði sem sérstaklega ættu að vernda þá sem ekki hafa náð 18 ára aldri.⁵³

Samningurinn inniheldur ýmsar grundvallarreglur sem skipta máli þegar um réttindi barna er að ræða. Eitt mikilvægasta ákvæði hans má finna í 2. gr. en það er jafnræðisreglan og reglan um bann við mismunun. Bannað er að mismuna börnum t.d. eftir kynþætti, litarþætti, uppruna með tilliti til þjóðernis, skoðana eða annarra aðstæðna þeirra sbr. 1. mgr. ákvæðisins. Í 2. mgr. 2. gr. er tekið fram að ekki meggi mismuna eða refsar börnum vegna stöðu eða athafna foreldra þeirra, lögráðamanna eða fjölskyldumeðlima, eða sjónarmiða sem þeir láta í ljós eða skoðana þeirra. Regluna um það sem er barni fyrir bestu má finna í 3. gr. sáttmálans. Þar segir að það

⁵¹ Hrefna Friðriksdóttir: *Ættleiðingar á Íslandi*, bls. 33 og Vefsíða NAC, <http://www.nordicadoption.org>.

⁵² Alþt. 1976-1977, A-deild, bls. 694-695.

⁵³ Þskj. 155, 141. lögb. 2012-13, bls. 29.

sem er barni fyrir bestu skuli ávallt hafa forgang við ráðstafanir er það varðar. Í 6. gr. er kveðið á um rétt til lífs, afkomu og þroska barna. Þá má sjá að 12. gr. lítur að rétti barns til að mynda skoðanir og láta þær frjálsglega í ljós.

Þessi ákvæði má öll heimfæra upp á mikilvægi í ættleiðingarmálum líkt og sjá má í skýrslunni *Ættleiðingar á Íslandi*. Þegar kemur að móttöku ættleiddra barna erlendis frá inn í nýtt ríki er mikilvægt að ríkin mæti þörfum þeirra og gæti að jafnræði þeirra á við önnur börn ríkisins. Það sem barni er fyrir bestu á að vera leiðarljós í allri lagasetningu og framkvæmdum þegar kemur að ættleiðingum. Það gildir einnig í máli sérhvers tiltekins barns sem ættleiða á, að hafa hag þess í forgrunni. Í 6. gr. kemur fram að skylda aðildarríkjanna er að börn búi við uppbyggjandi, þroskavænleg skilyrði. Til dæmis reynir á þetta í öllu samstarfi við upprunaríki barna sem ættleidd eru erlendis frá og þegar mótaðar eru kröfur til væntanlegra kjörforeldra og þeirrar þjónustu sem fjölskyldan fær eftir að ættleiðing á sér stað.⁵⁴ Því er samningurinn gagnlegur þegar horft er til skilyrða kjörforeldra ættleiddra barna en ekki er hægt að tryggja bestu hagsmuni barns nema að viðkomandi aðilar uppfylli skilyrði bæði uppruna- og viðtökuríkis barnsins.

Að virða skoðanir barns er sérlega mikilvægt í ættleiðingarmálum og þá sérstaklega þegar kemur að ættleiðingum barna sem geta tjáð skoðanir sínar á sinni eigin ættleiðingu. Hér má aftur minnast á *Dóm Mannréttindadómstóls Evrópu í málum Pini og Bertani & Manera og Atripaldi gegn Rúmeníu*, 22. júní 2004 (78028/01 og 78030/01) þar sem skoðanir stúlkanna sem átti að ættleiða voru lagðar til grundvallar ákvörðunar þess að þær færu ekki til kjörforeldra í viðtökuríki heldur byggju áfram í upprunaríki sínu. Skoðanir stúlkanna voru virtar þrátt fyrir að kjörforeldrar uppfylltu öll skilyrði til að ættleiða þær. Það reynir því klárlega á 12. gr. þegar kemur að samvinnu og trausti milli uppruna- og viðtökuríkis í ættleiðingarmálum.⁵⁵

Þó nokkur ákvæði Barnasáttmálans snúa að því að börn eigi að alast upp hjá foreldrum sínum og halda nánnum tengslum við upprunafjölskyldu sína. Það kemur fram í 7. og 8. gr. að barn eigi rétt á því, ef hægt er, að þekkja foreldra sína og njóta umönnunar þeirra. Aðildarríkin skuldbinda sig til þess að virða rétt barnsins til að viðhalda þeim einkennum sem auðkenna það, líkt og ríkisfangi og fjölskyldutengslum. Í 18. gr. segir að ríkin eigi að gera allt sem hægt er til að tryggja að meginreglan um að foreldrar beri sameiginlega ábyrgð á að ala upp barn og koma því til þroska, skuli virt.

⁵⁴ Hrefna Friðriksdóttir: *Ættleiðingar á Íslandi*, bls. 37-38.

⁵⁵ Hrefna Friðriksdóttir: *Ættleiðingar á Íslandi*, bls. 37-38.

Í 20. gr. segir að barn sem tímabundið, eða til frambúðar nýtur ekki fjölskyldu sinnar við, eigi rétt á sérstakri vernd og aðstoð ríkisvaldsins. Ríkið skal sjá barni fyrir umönnun sem getur m.a. falist í föstri, ættleiðingu eða vistun á stofnun en ávallt skal gæta þess að stöðugleiki verði í uppeldi barns og tillit tekið til þjóðlegs, trúarlegs og menningarlegs uppruna þess og tungumáls.

Ákvæði 21. gr. snýr svo sérstaklega að ættleiðingu. Samningurinn leggur ekki áherslu á að ættleiðing sé valin frekar en önnur leið. Þetta var umdeilt atriði við gerð samningsins enda er ættleiðing ekki leyfð í öllum aðildarríkjunum.⁵⁶ Ákvæðið gerir því aðeins kröfu til þeirra ríkja þar sem ættleiðing er leyfð eða viðurkennd en ekki er ætlast til að þess að slík úrræði séu til staðar skv. samningnum.⁵⁷ Í þeim ríkjum þar sem ættleiðing er leyfð er því fyrst og fremst horft til þess sem fram kemur í 1. mgr. 21. gr., að litið sé til þess sem er barninu fyrir bestu. Í ákvæðinu eru skilgreindar í fimm liðum þær lágmarkskröfur sem ríkin skulu fylgja. Aðildarríkin skulu:

- a. Sjá til þess að ættleiðing barns sé aðeins heimiluð af þar til bærum stjórnvöldum sem ákveða samkvæmt viðeigandi lögum og reglum um málsmeðferð og á grundvelli viðeigandi og áreiðanlegra upplýsinga að ættleiðing sé leyfileg með hliðsjón af stöðu barnsins gagnvart foreldrum þess, skyldmönnum og lögráðamönnum og þeir sem í hlut eiga hafi ef þess er krafist veitt samþykki sitt fyrir ættleiðingu, að íhuguðu máli og að fenginni nauðsynlegri ráðgjöf.
- b. Viðurkenna að taka megja ættleiðingu milli landa til athugunar sem aðra leið til að sjá barni fyrir umönnun, ef ekki er unnt að koma því í fóstur eða til ættleiðingar eða veita því með einhverjum viðeigandi hætti umönnun í upprunalandi sínu.
- c. Sjá til þess að barn sem ættleitt er milli landa njóti sömu verndar og við ættleiðingu innan lands og um það gildi sömu reglur.
- d. Gera allar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að ættleiðing milli landa hafi ekki í för með sér óeðlilegan fjárgróða fyrir þá sem hlut eiga að henni.
- e. Stuðla að því, þar sem við á, að markmiðum greinar þessarar verði náð með því að koma á tvíhliða eða marghliða tilhögun eða samningum, og leitast innan þess ramma við að tryggja að þar til bær stjórnvöld eða stofnanir sjái um að koma barni fyrir í öðru landi.

Í valfrjálssri bókun við samninginn um réttindi barnsins um sölu á börnum, barnavændi og barnaklámi, segir í inngangi að til þess að ná enn frekar fram markmiðum samningsins um réttindi barnsins og koma ákvæðum hans í framkvæmd, m.a. 21. gr., sé viðeigandi að aðildarríkin geri frekari ráðstafanir til þess að tryggja að barnið njóti verndar. Í a-lið 1. mgr. 2. gr. er sala á börnum skilgreind sem hvers kyns aðgerð eða viðskipti þar sem einstaklingur eða hópur fólks framselur öðrum barn gegn þóknun eða hvers kyns öðru endurgjaldi. Í 3. gr. segir að hvert aðildarríki skuli að lágmarki tryggja að tilteknaðar aðgerðir séu refsiverðar m.a. að fá fram, sem milligöngumaður, samþykki fyrir ættleiðingu barns á óviðeigandi hátt og með því að brjóta gegn gildandi alþjóðalagagerningum um ættleiðingu. Þá segir í 5. mgr. 3. gr.

⁵⁶ Hrefna Friðriksdóttir: „Samningur um réttindi barnsins“, bls. 314.

⁵⁷ Hrefna Friðriksdóttir: *Ættleiðingar á Íslandi*, bls. 39.

bókunarinnar að aðildarríkin skuli gera allar viðeigandi lagalegar og stjórnsýslulegar ráðstafanir til að tryggja að allir einstaklingar sem hlut eiga að máli við ættleiðingu barns aðhafist í samræmi við þá alþjóðalagagærnina sem við eiga.

2.5.5 Haag-samningurinn um ættleiðingar

Haag-samningur um vernd barna og samvinnu varðandi ættleiðingar milli landa var gerður árið 1993 á vegum Haag-stofnunarinnar um alþjóðlegan einkamálarétt. Hvatinn að samningnum var einna helst sú mikla fjölgun á ættleiðingum barna milli landa sem átti sér stað upp úr 1960.⁵⁸ Markmiðið með gerð samningsins var að koma ákvæði e-liðar 21. gr. SRB í framkvæmd þar sem ríki eru hvött til að koma á tvíhliða, eða marghliða, samningum eða fyrirkomulagi varðandi ættleiðingu milli landa. Samræming skilyrða sem sett eru af hálfu stjórnvalda samningsríkja til að ættleiðing milli landa fari fram með hagsmuni barnsins að leiðarljósi, er annað markmið Haag-samningsins. Þá er tilgangur hans að við ættleiðingu milli landa séu grundvallarréttindi barnsins virt og komið sé í veg fyrir brottnám og verslun með börn. Samningurinn byggir á samvinnu milli upprunaríkis og móttökuríkis⁵⁹ við meðferð ættleiðingarmála en góð samvinna er lykilatriði til að ná markmiðum samningsins fram. Í samningnum er fjallað um að hvert ríki tilnefni miðstjórnarvald sem sér um að samningnum sé framfylgt og hefur eftirlit með innlendum ættleiðingarfélögum og upplýsingaskyldu gagnvart miðstjórnarvöldum annara samningsríkja.⁶⁰

Í inngangsorðum samningsins kemur fram að ríkin geri sér ljóst að til að barn nái fullum þroska sem heilsteypt persóna er æskilegast að það vaxi úr grasi innan fjölskyldu og við hamingju, ástúð og skilning. Hverju ríki ber að veita því forgang að gera viðeigandi ráðstafanir til að barn geti notið umsjár upprunalegrar fjölskyldu sinnar en geri sér ljóst að ættleiðing milli landa getur veitt barni, sem á ekki kost á hentugri fjölskyldu í upprunalandi sínu, fjölskyldu til frambúðar.

Í samningnum má svo finna grunnskilyrði fyrir ættleiðingum milli landa. Í II. kafla hans er að finna skilyrði líkt og að stjórnvöld upprunaríkis hafi gengið úr skugga um að það megi ættleiða barnið og það sé því fyrir bestu. Þá þarf að hafa samþykki allra aðila fyrir ættleiðingunni, að það samþykki hafi verið veitt af fúsum og frjálsum vilja og að engin fjárútgjöld hafi áhrif á samþykkið sbr. 4. gr. Í 5. gr. segir svo að ættleiðing megi aðeins fara fram ef stjórnvöld móttökuríkis hafa komist að þeirri niðurstöðu að væntanlegir kjörforeldrar

⁵⁸ Hrefna Friðriksdóttir: *Ættleiðingar á Íslandi*, bls. 41.

⁵⁹ Hugtakið móttökuríkið er notað í samningnum sem hefur sömu merkingu og viðtökuríki sem hefur verið notað í þessari ritgerð.

⁶⁰ Þskj. 122, 125. lögþ. 1999–2000, 112. mál, bls 1.

séu hæfir og til þess fallnir að ættleiða, gengið hafi verið úr skugga um að væntanlegir kjörforeldrar hafi fengið alla nauðsynlega ráðgjöf; og að barninu sé heimilt eða verði heimilað að koma til þess ríkis og búa þar til frambúðar. Þá má finna í IV. kafla kröfur um málsmeðferð m.a. um hæfnismat kjörforeldra, upplýsingaskyldu upprunaríkis er varða barnið og samvinnu ríkjanna um upplýsingar varðandi framvindu ættleiðingarinnar.

Í samningnum er auk þess fjallað um viðurkenningu og áhrif ættleiðinga milli landa, almenn ákvæði má sjá í VI. kafla. Samningnum er ekki ætlað að samræma þær efnislegu kröfur sem einstök aðildarríki gera til væntanlegra kjörforeldra, til dæmis kröfur um hjúskaparstöðu, aldur, fjárhag, aðstæður og heilsu. Það er í höndum aðildarríkjanna sjálfra að ákveða einstök hæfisskilyrði.⁶¹

Allir þeir alþjóðlegu samningar sem fjallað hefur verið um hafa ríkt gildi þegar kemur að ættleiðingum milli landa. Það er mikilvægt að samvinna milli viðtöku- og upprunaríkja sé góð svo traust skapist á milli ríkja og til þess þarf traustan lagagrundvöll.

2.6 Ættleiðingarferlið á Íslandi í stuttu máli

2.6.1 Hlutverk löggilts ættleiðingarfélags – Íslensk ættleiðing

Þegar fólk stígur fyrstu skrefin í að kanna hvort ættleiðing erlendis frá sé leið sem henti til að eignast barn er byrjunarreiturinn félagið Íslensk ættleiðing. Íslensk ættleiðing (ÍÆ) er eina löggilta ættleiðingarfélagið á Íslandi og mega alþjóðlegar ættleiðingar einungis fara fram í gegnum það skv. 34. gr. og 35. gr. ætl. Reglugerð nr. 453/2009 gildir um ættleiðingarfélög (ætl.fél.rg.) og er hlutverki félags lýst í II. kafla reglugerðarinnar. Samkvæmt 3. gr. er hlutverk löggilts ættleiðingarfélags að sjá til þess að ættleiðing barns frá erlendu ríki fari aðeins fram sé tryggt að gætt hafi verið íslenskra laga og reglna um ættleiðingar auk laga og reglna upprunaríkis og ákvæða þeirra alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að og snerta ættleiðingar. Þá ber félaginu skylda til að upplýsa væntanlega kjörforeldra um meginákvæði íslenskra og alþjóðlegra reglna um ættleiðingar á börnum milli landa. Fram kemur í 2. mgr. 4. gr. að félaginu sé skylt að veita þeim aðstoð um milligöngu sem fullnægja skilyrðum sem íslensk lög setja fyrir útgáfu forsamþykkis og ættleiðingu á barni frá ríki sem löggilding félagsins tekur til og fullnægja skilyrðum þeim sem upprunaríkið, sem óskað er eftir barni frá, setur. Í því felst að félagið geri umsækjendum grein fyrir þeim skilyrðum sem þeir þurfa að uppfylla til að fá forsamþykki.

⁶¹ Hrefna Friðriksdóttir: *Ættleiðingar á Íslandi*, bls. 42.

Líkt og segir í 5. gr. þá er það eitt af hlutverkum félagsins að gæta þess að væntanlegir kjörforeldrar, sem félagið annast milligöngu fyrir, sækja námskeið til undirbúnings ættleiðingu á erlendu barni. Það kemur einnig fram í 20. gr. ætl.rg. að það er forsenda þess að forsamþykki sé gefið út að umsækjendur leggi fram staðfestingu á því, að þeir hafi sótt eða muni sækja námskeið á vegum löggilts ættleiðingarfélags um ættleiðingar erlendra barna. Námskeiðið fer fram, líkt og lagaskyldan segir, á vegum ÍÆ. Undirbúningsnámskeiðið *Er ættleiðing fyrir mig* er námskeiðið sem nefnt er í ætl.rg. og ætl.fél.rg. og öllum er skylt að sækja. Námskeiðið fjallar aðallega um hvort ættleiðing á barni sé skuldbinding sem fólk treystir sér í. Meðal annars er fjallað um hvernig það er að vera kjörforeldri, muninn á að eignast barn og að ættleiða, ábyrgðina sem í ættleiðingu felst og hvort viðkomandi sé tilbúinn að standa undir þeirri ábyrgð.⁶² Svona undirbúningsnámskeið eru einnig forsenda forsamþykkisins í Danmörku, Noregi og Svíþjóð líkt og sjá má í kafla ritgerðarinnar um ættleiðingar á Norðurlöndunum. Það þykir mikilvægt að umsækjendur geri sér grein fyrir öllum hliðum ættleiðingar, líka þeim erfiðari og ætti námskeiðið að hjálpa til við að allan undirbúning ættleiðingarinnar.

Félagið ber ábyrgð á að skýrslur um stöðu barns eftir komu þess til landsins séu sendar upprunaríki barns í samræmi við þær reglur sem um það gilda í ríkinu sbr. 10. gr. ætl.fél.rg. Þær skýrslur eru sendar til upprunaríkis eftir að barnið kemur heim og þannig fylgist upprunaríkið með hvort ættleiðingin hafi ekki gengið sem skyldi. Reglur um skýrslurnar eru mjög misjafnar eftir upprunalöndum, þ.e. hversu margar þær eru og hversu lengi barninu er fylgt eftir.⁶³

Í 7. gr. ætl.fél.rg. segir að félagið skuli veita samþykki sitt við ættleiðingu skv. c-lið 17. gr. Haag-samningsins og skv. 9. gr. c. sama samnings skal félagið sinna ráðgjafarþjónustu um ættleiðingar og veita félagsmönnum sínum þjónustu eftir að ættleiðing hefur verið farið fram. Verkefnum félagasins skal sinnt með hliðsjón af lögum um ættleiðingar og Haag-samninginn að leiðarljósi líkt og fram kemur í 11. gr. ætl.fél.rg.

Á heimasíðu ÍÆ má finna greinagóðar og aðgengilegar upplýsingar um fyrstu skref ættleiðingar. Allir sem uppfylla lagaleg skilyrði geta sótt um að ættleiða barn eða börn, hvort sem umsækjendur eru einhleypir, fólk í sambúð eða hjón, óháð kynhneigð. Algengast er að umsækjendur séu tveir, þ.e. hjón eða einstaklingar í óvígðri sambúð, þó einhleypir sækja líka um. Flestir umsækjendur glíma við barnleysi en þó alls ekki allir.⁶⁴

⁶² Vefsíða Íslenskrar ættleiðingar (ÍÆ), <http://www.isadopt.is/is/fyrstu-skrefin/er-aettleiðing-fyrir-mig>.

⁶³ Upplýsingar má finna á vefsíðu ÍÆ, <http://www.isadopt.is/is/lond>.

⁶⁴ Vefsíða ÍÆ, <http://www.isadopt.is/is/fyrstu-skrefin>.

2.6.2 Yfirvöld í ættleiðingarmálum

Hér verður örstutt fjallað um þau yfirvöld sem koma að ættleiðingu.

Dómsmálaráðuneytið

Samkvæmt 28. gr. ætl. hefur dómsmálaráðherra yfirumsjón með framkvæmd Haag-samnings. Dómsmálaráðuneytið er miðstjórnarvald sem skv. 7. gr. Haag-samningsins hefur m.a. það hlutverk að stuðla að samvinnu við önnur ríki og koma í veg fyrir hverskonar fjárhagslegan ávinning af ættleiðingum sbr. 8. gr. samningsins. Þá er minnst á fleiri verkefni miðstjórnarvalds í öðrum ákvæðum samningsins, til að mynda í 9., 14.-22. og 33. gr. hans.⁶⁵

Dómsmálaráðuneytið sér um stefnumál í ættleiðingum, setningu laga og reglugerða sem og að sinna eftirliti með löggildum ættleiðingarfélögum. Þá úrskurðar ráðuneytið einnig í kærumálum hafi sýslumaður synjað umsókn um ættleiðingu eða forsamþykki.⁶⁶

Sýslumaður

Samkvæmt 1. og 30. gr. ætl. er það sýslumaður sem veitir leyfi til ættleiðingar og gefur út forsamþykki til ættleiðingar barna erlendis frá. Þegar ætl. voru sett var þetta hlutverk í höndum dómsmálaráðuneytisins en var breytt með lögum nr. 143/2006 og fært til sýslumanns. Markmiðið var m.a. að létta verkefnum af ráðuneytinu, styrkja sýslumannsembættin og flýta afgreiðslu mála.⁶⁷ Með þessari tilfærslu verkefna til sýslumanns opnaðist einnig fyrir að fjallað yrði um mál á tveimur stjórnsýslustigum, þ.e.a.s. að ákvarðanir sýslumanns eru kærnlegar til dómsmálaráðuneytisins. Þar með er betur stuðlað að réttaröryggi í stjórnsýslunni.⁶⁸ Eftir þessa breytingu fór Sýslumaðurinn í Búðardal um tíma með ættleiðingarmál enda þótti vel hægt að sinna þessum málaflokki utan höfuðborgarsvæðisins. Með reglugerð um veitingu leyfa til ættleiðingar nr. 1264/2011 voru ættleiðingarmál flutt frá Sýslumanninum í Búðardal til Sýslumannsins í Reykjavík, nú Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu (breytt með reglugerð nr. 1152/2014).

Barnaverndarnefnd

Samkvæmt 16. og 31. gr. ætl. skal að jafnaði leita umsagnar barnaverndarnefndar varðandi umsókn um leyfi til að ættleiða barn og umsókn um forsamþykki til að ættleiða erlent barn. Þegar ætl. voru sett var í fyrstu gert ráð fyrir að ávallt skyldi leita umsagnar barnaverndarnefnda

⁶⁵ Hrefna Friðriksdóttir: *Ættleiðingar á Íslandi*, bls. 62.

⁶⁶ Vefsíða Stjórnarráðs Íslands, <https://www.stjornarradid.is/>.

⁶⁷ Þskj. 187, 133. lögb. 2006-7, bls. 5.

⁶⁸ Þskj. 187, 133. lögb. 2006-7, bls. 6.

í ættleiðingarmálum en með lögum nr. 69/2006 var dregið í land með þá fortakslausu reglu og nýrri 1. mgr. bætt inn í bæði 16. og 31. gr. Nú kemur fram að leita skuli umsagnar barnaverndarnefndar nema það sé augljóslega óþarft. Í frumvarpinu er lögð áhersla á að einungis verði látið hjá líða að leita umsagnar ef enginn vafi er á því að umsókn verði hafnað. Ekki þótti rétt að leggja þá vinnu á starfsfólk barnaverndarnefnda að gefa umsögn um umsókn sem augljóslega yrði hafnað.⁶⁹ Fram kemur í 16. gr. að leita skuli umsagnar barnaverndarnefnda varðandi umsókn um leyfi til ættleiðingar í umdæmi þar sem barn býr og þar sem umsækjendur búa og í 31. gr. ætl. að barnaverndarnefnd umdæmis þar sem umsækjendur búa veiti umsögn varðandi umsókn um forsamþykki. Umsagnarvald er því í höndum barnaverndarumdæmis umsækjenda en ekki sérfróðra aðila líkt og starfa í ættleiðingarnefnd.

Barnaverndarnefnir starfa á vegum sveitafélaga landsins líkt og segir í 1. mgr. 10. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 (hér eftir bvl.). Sum sveitafélög sameinast um nefndir þar sem samanlagður íbúafjöldi sveitarfélaga að baki hverri barnaverndarnefnd, skal ekki vera undir 1.500 manns sbr. 2. mgr. 10. gr. bvl. Það eru 26 barnaverndarnefndir starfandi á landinu.⁷⁰ Meginhlutverk þeirra skv. 12. gr. bvl. er að hafa eftirlit með aðbúnaði, hátterni og uppeldisskilyrðum barna og beita úrræðum ef þess þarf. Í 3. tl. 1. mgr. 12. gr. segir að barnaverndarnefndum beri líka að sinna öðrum verkefnum sem fram koma í öðrum lögum og þar fellur undir umsagnarhlutverk nefndanna í ættleiðingarmálum sbr. ætl.

Ættleiðingarnefnd

Samkvæmt 17. gr. ætl. skipar ráðherra nefnd sem veitir umsagnir í ættleiðingarmálum sem sýslumaður eða ráðuneytið leggur fyrir hana. Í 2. mgr. segir að nefndarmenn skuli vera þrír og jafnmargir til vara. Þeir skulu skipaðir til fjögurra ára í senn. Skal einn nefndarmanna vera lögfræðingur og skal hann vera formaður nefndarinnar, annar læknir og þriðji sálfræðingur eða félagsráðgjafi. Skipun nefndar voru nýmæli við setningu laganna árið 1999 og með henni var stefnt að því að tryggja betur úrlausn ættleiðingarmála. Líkt og kemur fram í frumvarpinu er það hlutverk nefndarinnar að veita faglega umsögn um einstakar umsóknir ef sýslumaður biður um álit vegna hverskyns vafa sem upp getur komið við útgáfu forsamþykki ættleiðingar. Sú umsögn er þá til viðbótar við umsögn barnaverndarnefndar skv. 16. gr.⁷¹

⁶⁹ Þskj. 294, 132. lögþ. 2005-6, bls. 5.

⁷⁰ Vefsíða Barnaverndarstofu, <http://www.bvs.is/almennigur/barnaverndarnefndir/>.

⁷¹ Þskj. 68, 125. lögþ. 1999-2000, bls. 24.

Dómstólar

Í III. kafla ætl. er fjallað um dómsmál vegna ættleiðinga. Hægt er að bera mál er varða ættleiðingar undir dómstóla en það er réttur allra líkt og fram kemur í 60. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944, að dómendur skeri úr öllum ágreiningi um embættistakmörk yfirvalda. Ekki er algengt að ættleiðingarmál fari alla leið fyrir dómstóla en aðeins eru örfá dæmi um það undanfarin ár.

3 Skilyrði um aldur og heilsufar

Meginumfjöllun ritgerðarinnar snýr að skilyrðum sem umsækjendur um ættleiðingu þurfa að uppfylla, þá sér í lagi skilyrðum um aldur og heilsufar. Því er mikilvægt að greina hvar þau er að finna og reyna sjá hvort skilyrðin séu ívilnandi eða íþyngjandi og verður gerð tilraun til þess hér í 3. kafla. Fyrst verða skoðuð almenn skilyrði sem finna má í íslenskum lögum og reglugerðum um ættleiðingar og síðan verða skilyrðin um aldur og heilsufar skoðuð sérstaklega.

3.1 Skilyrði í lögum um ættleiðingar nr. 130/1999

I. kafli ætl. ber heitið *Ættleiðingar og lagaskilyrði fyrir þeim*. Í 4. gr. er að finna almenn skilyrði ættleiðingar en þar segir að eigi megi veita leyfi til ættleiðingar, nema sýnt þyki eftir könnun viðkomandi barnaverndarnefndar á málefnum væntanlegs kjörbarns og þeirra sem óska ættleiðingar að ættleiðing sé barninu fyrir bestu, enda sé ætlun ættleiðenda að annast og ala barnið upp, sá sem ættleiða á hafi verið alinn upp hjá þeim eða aðrar alveg sérstakar ástæður mæli með ættleiðingu. Eins og sést eru þetta mjög almenn skilyrði en þó kemur grundvallarregla ættleiðingar skýrt fram, að ættleiðing fari aðeins fram sé það barninu fyrir bestu.

Í 2. gr. laganna er útlistað hverjir það eru sem geta verið ættleiðendur en meginreglan kemur fram í 1. mgr. um að hjón eða einstaklingar sem hafa verið í óvígðri sambúð í a.m.k. fimm ár skulu standa saman að ættleiðingu, enda þeim einum heimilt að ættleiða saman með þeim frávikum sem í grein þessari getur. Þær undantekningar eru í fyrsta lagi að maki megi með samþykki hins ættleiða barn hans eða kjörbarn. Í öðru lagi má veita leyfi til ættleiðingar ef hinn aðilinn er horfinn eða geðrænum högum hans svo hátt að hann beri ekki skyn á gildi ættleiðingar. Þá er um að ræða svo slæmt geðrænt heilsufar maka að skilyrði sem finna má í ætl.rg. um heilsu ná ekki yfir umrætt tilvik. Í þriðja lagi er heimilt að leyfa einhleypum manni að ættleiða barn ef sérstaklega stendur á og ættleiðing er ótvírætt talin barninu til hagsbóta. Síðasta skilyrði í fyrsta kafla laganna sem snýr beint að skilyrðum sem væntanlegir kjörforeldrar þurfa að uppfylla kemur fram í 5. gr. um aldur ættleiðenda. Þar segir að leyfi til ættleiðingar verði veitt þeim einum sem náð hefur 25 ára aldri, en þó má, ef sérstaklega stendur á, veita þeim sem orðinn er 20 ára leyfi til ættleiðingar.

Eins og áður sagði var sett reglugerð árið 2005 sem er þó nokkru eftir að lögin voru sett eða í kringum sex árum seinna. Einnig er minnst á reglugerðir um afmörkuð atriði í 17., 28., 30., 34. og 35. gr ætl. Miðað við það sem fram kemur í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 4. janúar 2008 sem og í frumvarpi með ætl., var alltaf ætlunin að setja reglugerð um nánari útfærslu

laganna sem var gert með reglugerð nr. 238/2005 um ættleiðingar. Þar er að finna nákvæmari skilyrði sem skoðuð verða í næsta kafla.

3.2 Almennt um reglugerð um ættleiðingar nr. 238/2005

Reglugerð um ættleiðingar nr. 238/2005 (ætl.rg.) var sett þann 28. febrúar 2005 með stoð í 41. gr. laga um ættleiðingar nr. 130/1999. Upphaflega var 41. gr. á þessa leið: Dómsmálaráðherra getur sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara í reglugerð.⁷² Núverandi ákvæði 41. gr. var breytt með lögum nr. 69/2006 og í frumvarpinu var lagt til að hún verði gerð skýrari. Nú segir í greininni: Ráðherra getur sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara í reglugerð, þar á meðal um þau skilyrði sem umsækjendur þurfa að uppfylla.

Reglugerðir eru stjórnarsýslufyrirmæli, algengustu fyrirmælin og þau sem reynir oftast á.⁷³ Það er því mikilvægt að reglugerðir standist þau lög sem þær eru settar eftir. Með reglugerðarsetningu er um að ræða ákveðið framsal lagasetningarvalds, þ.e. að nánari almennar reglur um efni sem lögin fjalla um eru settar af handhöfum framkvæmdarvalds, oftast ráðherrum og hefur það tíðkast lengi í íslenskum lögum.⁷⁴

Það má velta því upp hvort ætl.rg. standist ekki örugglega ætl., sér í lagi þar sem ástæða þótti til að skerpa á stoðum hennar í lögum með breytingarlögum nr. 69/2006. Til er hæstaréttardómur sem snertir á þessum fleti og verður að leggja hann til grundvallar þess að ætl.rgl. teljist eiga sér fulla stoð í ætl.

Árið 2008 fór mál um stjúptættleiðingu fyrir Hæstarétt, *Hrd. 187/2008*, þar sem meðal annars var látið reyna á það hvort þau skilyrði sem talin eru upp í reglugerðinni hefðu lagastoð.

Málsatvik voru þau að X hafði sótt um að ættleiða stjúpdætur sínar, A og B en verið hafnað af dóms- og kirkjumálaráðuneytinu þar sem skilyrði 3. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 238/2005 um sambúðartíma voru ekki uppfyllt. Í málinu byggði X meðal annars á því að reglu um fimm ára sambúðartíma hjóna væri ekki að finna í lögum nr. 130/1999, enda séu í I. kafla þeirra tæmandi talin skilyrði til ættleiðinga. X taldi að ákvæði 3. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 238/2005 um ættleiðingar um samfelldan fimm ára sambúðartíma hafi skort lagastoð þegar umsókn hans um ættleiðingu var lögð inn. Eftir að umsóknin var lögð inn þann 22. júlí 2005 en áður en úrskurðað var í málinu þann 18. október 2006, var 41. gr. ætl. breytt með 9. gr. laga nr. 69/2006 sem tók gildi 30. júní 2006 og taldi X að breytingin gæti ekki gilt afturvirk. Hæstiréttur sagði hins vegar að þegar úrskurðir stefnda höfðu verið kveðnir upp 18. október sama ár var 41. gr. svo orðuð því í gildi og stefnda bar að fara þá að gildandi lögum. Hæstiréttur vísaði svo til forsendna héraðsdóms og sýknaði stefnda, íslenska ríkið, af kröfum X.

Reglugerð um ættleiðingar er talin hafa ótvíræða lagastoð miðað við ofangreint.

⁷² Þskj. 68, 125. lögb. 1999-2000, bls. 8.

⁷³ Sigurður Lindal: *Um lög og lögfræði*, bls. 116-117.

⁷⁴ Sigurður Lindal: *Um lög og lögfræði*, bls. 120.

3.3 Skilyrði reglugerðar um ættleiðingar nr. 238/2005 önnur en aldur og heilsufar

Skilyrði sem umsækjendur verða að uppfylla er að finna í III. kafla ætl.rg. Líkt og kaflaheitið gefur til kynna með orðinu „verða“, ber að líta á sem svo að skilyrðin séu ófrávíkjanleg nema annað komi fram. Í fyrsta lagi er það skýrt út í 7. gr. að ákvæði kaflans taki til ættleiðinga barna undir 18 ára aldri. Í 8. gr. má finna tiltölulega matskennt og almennt ákvæði um hæfni umsækjenda til að fara með forsjá. Þar segir orðrétt að umsækjendur skuli hafa til að bera eiginleika og skilning á þörfum barna sem gera þá vel hæfa til að sinna forsjárskyldum gagnvart barni í samræmi við ákvæði barnalaga. Um foreldraskyldur og forsjá barna almennt má sjá í 28. gr. V. kafla barnalaga nr. 76/2003. Það er áhugavert að velta 28. gr. fyrir sér í samhengi við skilyrði sem væntanlegir kjörforeldrar þurfa að uppfylla, þá sér í lagi skilyrðin um aldur og heilsufar sem komið verður betur að síðar. Til dæmis bera foreldrar fjárhagslega ábyrgð á barninu, hvenær er besti aldurinn til að geta staðið undir þeirri ábyrgð? Eins eiga foreldrar að geta fylgt barni eftir í leik og þroska, hvaða aldurs- og heilsufarskröfur er þá raunhæft að setja í því samhengi? Fjárhagslega stendur fólk betur þegar það er orðið eldra en til að geta fylgt barni eftir í leik og starfi er það yngra og heilsuhraustara fólk sem stendur betur.

Í 10. gr. ætl.rg. eru sett fram skilyrði um sambúðartíma hjóna eða einstaklinga í óvígðri sambúð. Sæki hjón um frumættleiðingu eða um forsamþykki til ættleiðingar á erlendu barni skulu þau sannanlega hafa verið í samfelldri sambúð í a.m.k. þrjú ár. Sæki karl og kona í óvígðri sambúð um frumættleiðingu eða um forsamþykki til ættleiðingar á erlendu barni skulu þau sannanlega hafa verið í samfelldri sambúð í a.m.k. fimm ár.

Hér er vert að vekja athygli á að reglugerðin virðist aðeins fjalla um aðstæður gagnkynhneigðra para. Vissulega tekur orðið hjón bæði yfir gagnkynhneigð og samkynja gift pör en í 2. mgr. segir einungis „karl og kona“ sem mætti frekar orða sem „einstaklingar í óvígðri sambúð“ líkt og orðað er í ætl. Tvisvar hefur farið fram heildaruppfærsla á lögum er varða réttarstöðu samkynhneigðra (hinsegin fólks) sem hefur haft áhrif á lög um ættleiðingar. Það eru í fyrsta lagi lagabreytingar með lögum nr. 65/2006 þar sem ætl. voru uppfærð m.t.t. ákvæða um staðfesta samvist. Þeim ákvæðum sem sneru að því var svo aftur breytt með lögum nr. 65/2010 þar sem lög um staðfesta samvist var felld úr gildi. Í 2. gr. ætl. er að finna ákvæði um hverjir það eru sem geta verið ættleiðendur. Sjá má í 5. mgr. að nú stendur að óvígðri sambúð í lögum þessum sé átt við sambúð tveggja einstaklinga, þar sem áður stóð sambúð karls og konu.⁷⁵ Orðið hjón nær yfir bæði gagnkynhneigð sem og samkynja hjónabönd. Ættleiðingarlögin eru því uppfærð í öllu tilliti til þess að samkynhneigðum (hinsegin fólki) sé leyft að ættleiða.

⁷⁵ Þskj. 1445, 132. lögb. 2005-6, bls. 3.

Ættleiðingarreglugerðin hefur hins vegar ekki verið uppfærð samkvæmt nýjustu reglum en þar er ennþá talað um staðfesta samvist þó svo að lög um staðfesta samvist hafi verið felld úr gildi árið 2010.⁷⁶ En reikna verður með þeirri grundvallarreglu að reglugerð eigi sér lagastoð og lögin séu rétt hærrí svo ekki ætti að þurfa að efast um að reglugerðin eigi líka við um samkynhneigða. Hins vegar ætti að uppfæra reglugerðina svo hún verði í samræmi við lögin í þessu samhengi.

Skilyrðið um sambúðartíma snýr líka að stjúpættleiðingu, sbr. 3. mgr. 10. gr. ætl.rg. og þarf sambúðin að hafa staðið yfir í fimm ár. Þetta gildir hvort sem um er að ræða hjón, karl og konu í óvígðri sambúð eða tvo einstaklinga í staðfestri samvist. Eina undantekningin sem tekin er fram er í reglugerðinni er að ef um er að ræða stjúpættleiðingu vegna tæknifrjógungunar sem ekki verður fjallað nánar um hér. Þá er áhugavert að skoða *Hrd. 187/2008*, sem áður hefur verið reifaður, þar sem helst var deilt um 3. mgr. 10. gr. ætl.rg. Í niðurstöðu héraðsdóms segir að „tilgangurinn með [ákvæðinu] sé augljóslega sá að tryggja að nægileg reynsla hafi fengist á sambúð hjónanna þegar ákvörðun er tekin um ættleiðingu stjúpforeldris á barninu. Fram hefur komið [í rökstuðningi stefnda] að þessari reglu hafi verið beitt í framkvæmd lengi.“ Það liggi því málefnaleg sjónarmið að baki ákvæðinu um að gera það sem er barninu fyrir bestu. Þá segir jafnframt í niðurstöðu Héraðsdóms að ráðuneytið hafi ekki komist hjá því að hafna umsókn stefnanda um ættleiðinguna þar sem skilyrðið um lágmarkssambúðartíma var einfaldlega ekki uppfyllt. Þá var í úrskurðunum „tekið tillit til röksemda stefnanda og konu hans þegar metið var hvort eitthvað hafi komið fram er réttlæti að vikið yrði frá reglugerðarákvæðinu um lágmarks sambúðartíma.“ Hvergi er að finna í ætl.rg. einhverjar undanþágur til að víkja frá þessum lágmarksskilyrðum og því erfitt að átta sig á hvers er verið að vísa til. Þá féllst dómurinn ekki á þau málörök stefnanda „að fortakslaust ákvæði um lágmarks sambúðartíma brjóti gegn jafnræðis- eða meðalhófsreglu stjórnisýslulaga, enda er ákvæðið reist á málefnalegum sjónarmiðum, eins og þegar hefur komið fram.“ Í dómnum er því bæði gefið í skyn að hægt sé að fá undanþágu frá skilyrðum um lágmarks sambúðartíma sem og að þetta sé fortakslaust ákvæði. Hvorugt er útskýrt neitt frekar. Það verður að draga þá ályktun að horfa beri beint á texta reglugerðarákvæðisins og telja að ekki sé hægt að víkja frá ákvæðinu, bæði vegna titils III. kafla sem er skilyrði sem umsækjendur *verða* að uppfylla og þar sem ekkert í texta ákvæðisins gefur annað til kynna en að nauðsynlegt sé að uppfylla lágmarksskilyrði.

⁷⁶ Lög um staðfesta samvist nr. 87/1996 voru felld úr gildi svo ekki er lengur hægt að stofna til staðfestrar samvistar. Hugtakið var jafnframt felld úr sérkögum en í stað þess kom 141. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993 um réttaráhrif fyrir þá sem kjósa að vera enn í staðfestri samvist. Skv. 3. mgr. 141. gr. hefur staðfest samvist sömu réttaráhrif og hjúskapur.

Í 12. gr. ætl.rg. er að finna síðasta ákvæði III. kafla og ber ákvæðið heitið *Önnur skilyrði*. Í 1. mgr. 12. gr. kemur fram að umsækjendur skuli hafa yfir að ráða fullnægjandi húsnæði og öðrum aðbúnaði til þess að geta veitt barni þroskavænleg uppeldisskilyrði. Í 2. mgr. segir að efnahagur umsækjenda skuli vera traustur. Að lokum kemur fram í 3. mgr. að umsækjendur megi ekki hafa hlotið refsidóm sem gefur tilefni til að draga í efa hæfni þeirra til að veita barni gott uppeldi.

3.3.1 Umsagnir barnaverndarnefnda

Í 3. mgr. 16. gr. ætl. kemur fram að setja skuli reglugerð um gerð umsagna barnaverndarnefnda. Þessar reglur má finna í IV. kafla ætl.rg. sem fjallar um umsagnir barnaverndarnefnda í ættleiðingarmálum og í V. kafla um umsóknir um forsamþykki til ættleiðingar á erlendu barni. Í 13. gr. ætl.rg. er gullna reglan um það sem er barninu fyrir bestu lögð fram sem grundvallarskilyrði í umsögn barnaverndarnefnda. Í umsögninni skal koma fram hvort nefndin mæli með ættleiðingu eða ekki og skal niðurstaðin vera ítarlega rökstudd. Í 15. gr. ætl.rg. er lagt upp með að barnaverndarnefnd kanni hvort umsækjendur uppfylli skilyrði III. kafla reglugerðarinnar. Þá eru í 15. gr. talin upp atriði sem skulu koma fram í umsögn barnaverndarnefndar.

Til að nefna nokkur atriði skulu meðal annars koma fram ástæður þess að umsækjendur óski eftir að ættleiða barn, lýsing á uppvexti umsækjenda, menntun þeirra og störfum. Þá lýsing á persónulegum eiginleikum umsækjenda, áhugamálum og afstöðu til uppeldis barna. Einnig lýsing á heilsufari, notkun á tóbaki, áfengi eða öðrum vímuefnum sem og lýsing á félagslegri og fjárhagslegri stöðu. Þá skulu koma fram upplýsingar um samband umsækjenda, sambúð og eftir atvikum hjónabandi auk þess sem heimilisaðstæður eru vandlega kannaðar. Þessar upplýsingar fást með heimsóknum frá barnaverndarnefnd þar sem aðili á þeirra vegum heimsækir umsækjendur og ræðir við þá.

Í 2. mgr. 15. gr. er fjallað um að ef einhleypur einstaklingur sækir um ættleiðingu þurfi barnaverndarnefnd að gera rækilega grein fyrir því að umsækjandi sé sérstaklega hæfur umfram aðra til að taka að sér barn vegna eiginleika sinna eða reynslu. Til dæmis að umsækjandi hafi mikla reynslu af umönnun og uppeldi barna eða náin skyldleika- eða vináttutengsl séu á milli barns og foreldra þess og umsækjanda. Einnig er fjallað um þær aðstæður þegar um er að ræða ættleiðingu fösturbarns eða stjúp barns og ber að hafa ákveðna hluti í huga með hliðsjón af því. Í V. kafla, um aðkomu barnaverndarnefnda við umsókn um forsamþykki til ættleiðingar á erlendu barni, er í 16. gr. sérstaklega fjallað um hæfni umsækjenda til að ættleiða erlent barn. Í umsögninni skal koma fram hvort nefndin telji umsækjendur vel hæfa, hæfa eða ekki hæfa, vel

rökstutt og skilar nefndin álit sín á því hvort hún mæli með að umsækjendur fái forsamþykki útgefið eða ekki. Í 17. gr., um annað efni umsóknar, kemur fram að umsækjendur þurfi að uppfylla skilyrði III. kafla, atriðin sem listuð eru í 1. mgr. 15. gr. og einnig skal koma fram í skýrslunni lýsing á undirbúningi umsækjenda fyrir komu barns til landsins.

Atriði sem snúa að því að uppfylla hvers kyns skilyrði og hæfni eru því rækilega skoðuð af barnaverndarnefnd. Umsagnir nefndanna eru undirstöðupáttur þess hvort leyfi til ættleiðingar verði veitt eða ekki. Þær eru auk þess mikilvægar þegar umsókn um ættleiðingu er send til upprunaríkis og er mikið litið til umsagnanna við þörun kjörforeldra og barna.

Leiðbeiningar fyrir barnaverndarnefndir varðandi umsagnir í ættleiðingarmálum voru gefnar út af Dómsmálaráðuneytinu árið 1997, þá til fyllingar eldri lögum um ættleiðingar nr. 15/1978. Ekki hafa verið gefnar út nýjar leiðbeiningar síðan og eru þær úreltar að vissu leyti enda ekki í samræmi við núgildandi lög.⁷⁷ Í fyrsta hluta eru talin upp almenn skilyrði sem barnaverndarnefnd skal kanna, eins og aldur umsækjenda, skilyrði um sambúðartíma o.þ.h. sem og vottorð sem umsækjendur skulu skila inn. Þetta eru tiltölulega sambærileg skilyrði og koma fram í III. kafla ætl.rg. Í öðrum hluta leiðbeininganna er að finna upplýsingar um hvernig könnun á högum og uppeldishæfi umsækjenda skal fara fram. Talið er að slíkar kannanir gegni tvöföldum tilgangi ef vel er staðið að þeim. Í fyrsta lagi eru þær grundvöllur fyrir umsögn barnaverndarnefndar og í öðru lagi geti þær jafnframt undirbúið umsækjendur undir foreldrahlutverkið og hjálpað þeim að meta hvort ákvörðun um ættleiðinguna sé nægilega vel íhuguð. Gefið er í skyn að starsfólk barnaverndarnefnda eigi að vera í einhverskonar ráðgjafahlutverki en líka tekið fram að erfitt geti verið að samræma það og könnunarhlutverkið. Öllum sem koma að málinu ber að hafa í huga grundvallarhugsunina um að þetta sé allt gert með hagsmuni barnsins að leiðarljósi og það ætti að auka líkur á góðri samvinnu milli aðila. Í öðrum hlutanum eru persónulegri skilyrði könnuð líkt og uppvaxtarár, menntun, atvinna, efnahagur og heimilisáðstæður o.fl. sambærilegt og talið er upp í 15. gr. ætl.rg. Þó svo leiðbeiningarnar séu gamlar er þó að finna þar aðeins nánari skýringar á atriðum ólíkt núgildandi reglugerð þar sem atriðin eru einungis talin upp. Það er hjálplegt að geta lesið um tilgang ákveðinna atriða og verður að teljast synd að slíkar uppfærðar leiðbeiningar er hvergi að finna opinberlega hér á landi.

Við skoðun á ættleiðingarmálum hjá Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu, sem betur verður fjallað um síðar í ritgerðinni, fékkst innsýn inn í störf barnaverndarnefnda við könnun á högum umsækjenda. Misjafnt var hvaða barnaverndarnefndir var um að ræða eftir búsetustað

⁷⁷ Munnleg heimild frá dómsmálaráðuneytinu (4.6.2019).

fólks en greinagerðirnar voru allar fremur áþekkar. Í einu málanna var sett fram, í upphafi greinagerðar, hvaða atriði kæmu til skoðunar við könnunina, m.a. andlegur og félagslegur stöðugleiki og innsæi til að koma til móts við tilfinningalegar og líkamlegar þarfir barns. Auk þess kom fram að mikilvægt sé að umsækjendur geti sett barni mörk og varið það fyrir hættum sem og að geta nýtt sér stuðning frá umhverfi sínu, fjölskyldu, vinum, skóla og öðrum. Umsækjendur ættu einnig að hafa sterka ábyrgðartilfinningu og siðferðiskennd.

Í sumum málum biður sýslumaður barnaverndarnefndir að kanna sérstaklega einstök atriði við könnunina, t.d. aldur, heilsufar og fjármál umsækjenda, ef þeim þykir vafi á. Í þeim málum sem aðgangur fékkst að var barnaverndarnefnd sveitafélagsins jákvæð í öllum tilvikum og mælti með ættleiðingu.

3.3.2 Umsagnir ættleiðingarnefndar

Ekki er að finna upplýsingar í lögum eða reglugerðum er varða ættleiðingar, um hvað skuli koma fram í umsögnum ættleiðingarnefndar. Líkt og áður hefur komið fram leitar sýslumaður til ættleiðingarnefndar sem gefur umsögn til viðbótar umsögn barnaverndarnefndar ef ástæða þykir til. Í málunum sem voru skoðuð leitaði sýslumaður umsagna hjá ættleiðingarnefnd í þremur af fimm málum. Þar var ættleiðingarnefnd sammála barnaverndarnefnd í tveimur af þremur málum. Í þessum málum var uppi vafi um hvort gefa ætti út forsamþykki til ættleiðingar vegna annað hvort aldurs eða heilsufars umsækjenda.

Hvorki umsagnir barnaverndarnefndar né ættleiðingarnefndar eru aðgengilegar almenningi. Umsagnir ættleiðingarnefndar sem höfundur skoðaði við yfirferð mála voru nokkuð ítarlegar, skýrar og vel rökstuddar. Í fjórða kafla ritgerðarinnar, þegar málin verða reifuð, sjást dæmi úr umsögnum ættleiðingarnefndar en þar er greinilega horft til norrænna laga og eru umsagnirnar í raun um margt ítarlegri en kemur fram í íslenskum lögum og reglugerðum.

3.4 Aldur

3.4.1 Almennt um aldur og barneignir

Aldur fólks og barneignir eiga óhjákvæmilega saman. Konur eru frjóar yfir ákveðið tímabil ævi sinnar og karlar líka þó þeirra tímabil vari lengur. Það er kannski enginn „réttur“ tími til að eignast barn en það eru vissulega líffræðileg takmörk fyrir því. Séu tölur og fréttir frá Hagstofu Íslands skoðuð má sjá að frjósemi, þ.e. lifandi fædd börn á hverja konu, hefur farið minnkandi og meðalaldur mæðra hefur farið hækkandi. Frá upphafi sjöunda áratugarins og fram yfir 1980 var meðalaldur frumbyrja 22 ár en eftir miðjan níunda áratuginn hefur aldurinn aðeins farið

hækkandi⁷⁸ og var meðalaldurinn 28,2 ára hjá frumbyrjum árið 2018. Til samanburðar má sjá að meðalaldur feðra árið 1981⁷⁹ var 24,6 ára en 30,5 ára árið 2018. Hækkandi meðalaldur við fæðingu frumburðar virðist því haldast nokkurn veginn í takt hjá móður og föður.

Fólk hefur barneignir síðar nú til dags og má telja upp ýmsar ástæður fyrir hækkandi aldri, svo sem aukin menntun kvenna, breytt staða á vinnumarkaði ofl. Frjósemi fer minnkandi með aldrinum og þegar fólk ákveður að eignast barn getur það í sumum tilvikum hreinlega verið orðið of seint. Erfiðleikar koma upp vegna aldurs og þá getur ósk konu um að ganga sjálf með eigið barn oft verið kapphlaup við tímann.⁸⁰ Talið er að fólk reyni yfirleitt tæknifrjóvgun áður en það leiðir hugann að ættleiðingu. Þörfin til að eignast „sitt eigið barn“ er mjög sterk og þegar það gengur ekki upp hefur verið bent á að fólk þurfi yfirleitt að syrgja þá tilfinningu hvort sem það ákveður að sleppa barneignum eða leita eftir enn öðrum leiðum til að eignast barn.⁸¹ Ef fólk óskar eftir að eignast barn með ættleiðingu þarf það að uppfylla skilyrði um lágmarks- og hámarksaldur.

3.4.2 Aldur í reglum um ættleiðingar

Í 5. gr. ætl. segir að leyfi til ættleiðingar verði veitt þeim einum sem náð hefur 25 ára aldri, en þó má, ef sérstaklega stendur á, veita þeim sem orðinn er 20 ára leyfi til ættleiðingar. Í frumvarpinu er 25 ára aldur lagður til sem lágmarksaldur ættleiðenda og er það rökstutt eftirfarandi orðrétt: „Er auðsætt að þeir þurfa að vera fulltíða menn með nokkra lífsreynslu.“⁸² Það má kannski velta því upp að frumvarpið er samið fyrir 1999 og spurning hvort 25 ára fólk nú til dags þyki falla undir að vera fulltíða með nokkra lífsreynslu, þá í því samhengi að hafa þroska til að ættleiða barn. Að minnsta kosti er meðalaldur foreldra þegar frumburður kemur í heiminn talsvert yfir 25 ára.

Þá segir einnig í athugasemdum með 5. gr. að með ættleiðingu sé stefnt að fjölskylduskiptum og eðlilegast að staða barns sé svipuð því að það væri eigið barn ættleiðenda sem ganga því í foreldra stað. Því er æskilegast að ekki sé öllu meiri aldursmunur á kjörbarni og kjörforeldrum en tíðkast á líffræðilegu barni og kynforeldrum þess. Ákveðið var að setja ekki aldurshámark í lögin en eftirláta ráðuneytinu að setja það í verklagsreglur í samræmi við áratugahefð í framkvæmd. Ekki var þó talin þörf á neinni breytingu eða hækkun

⁷⁸Vefsíða Hagstofunnar, <https://www.hagstofa.is/>.

⁷⁹Miðað er við árið 1981 þar sem það eru elstu tölur yfir meðalaldur feðra á vef Hagstofunnar. Elstu tölur um meðalaldur mæðra ná til ársins 1961 og var þá meðalaldur frumbyrja 22 ár.

⁸⁰„Draga það of lengi að eignast börn“, <https://www.ruv.is/frett/draga-thad-of-lengi-ad-ignast-born>.

⁸¹Sigrún María Kristinsdóttir: Óskabörn, bls. 47-48.

⁸²Þskj. 68, 125. lögþ. 1999-2000, bls. 18.

lágmarksaldurs, ef umsækjendur uppfylla önnur skilyrði um ættleiðingu er ekkert óeðlilegt við það að hefja slíkt ferli þegar 25 ára aldri hefur verið náð.

Nánari aldursskilyrði eru svo útfærð í 11. gr. ætl.rg. og þar er meginreglan um hámarksaldur í 1. mgr. 11. gr. og hljóðar svo: Þegar umsókn um frumættleiðingu eða um forsamþykki til ættleiðingar á erlendu barni er lögð fram mega umsækjendur ekki vera eldri en 45 ára. Undantekningar eru í þrem staflaðum í 2. mgr.

Víkja má frá ákvæði 1. mgr. í þeim tilvikum sem annar tveggja umsækjenda er nokkuð eldri en hinn nokkuð yngri skv. a-lið. Í umfjöllun fjórða kafla má sjá að í málum 1 og 2 er þessi undanþága til umfjöllunar og má þar fá einhverja mynd af því hvernig reglunni er beitt í framkvæmd. Í b-lið segir að víkja megi frá 1. mgr. ef umsækjendur hafi ættleitt barn á síðustu tveimur árum áður en umsókn er lögð fram. Í c-lið kemur fram víkja megi frá 1. mgr. ef alveg sérstakar ástæður mæla með því að umsókn verði tekin til greina, svo sem ef um er að ræða systkini barns sem umsækjendur hafa áður ættleitt eða önnur sérstök tengsl eru við væntanlegt kjörbarn. Þessi grein er einnig til umfjöllunar í máli nr. 2 í rannsókn og má sjá nánari túlkun á reglunni í reifuninni.

Ætl.rg. var breytt með reglugerð nr. 996/2009 og nýjum lið bætt við 11. gr. sem segir:

Þegar svo stendur á að gildistími forsamþykkis eða framlengds forsamþykkis til ættleiðingar rennur út eftir að umsækjandi hefur náð 45 ára aldri og umsókn hans um ættleiðingu er þegar til meðferðar hjá stjórnvöldum í upprunaríki, sem heimilar ættleiðingar til umsækjenda sem eru eldri en 45 ára, er heimilt að gefa út nýtt forsamþykki eða framlengja forsamþykki sem getur gilt þar til sá umsækjenda sem yngri er, sé um hjón, samvistarmaka eða sambúðarfólk að ræða, nær 50 ára aldri.

Þessar breytingar voru gerðar til að koma til móts við óskir einstaklinga sem vilja ættleiða börn erlendis frá. Þar sem biðtími eftir börnum hafði lengst (og er enn langur) þótti rétt að rýmka reglurnar eins og hægt var án þess að gengið yrði gegn hagsmunum barna.⁸³

Í málunum sem höfundur skoðaði hjá sýslumanni voru umsækjendur yfir hámarksaldri í tveimur málum. Í kaflanum um norræna umfjöllun síðar í ritgerðinni má sjá frekari umfjöllun um aldur í Danmörku, Noregi og Svíþjóð og ýmis rök fyrir bæði lágmarks- og hámarksaldri og hvort það eigi að vera einhver aldursmörk yfir höfuð.

3.4.3 Reglur upprunaríkjanna um aldur

Það þarf ekki aðeins að uppfylla skilyrði íslenskra stjórnvalda um aldur (og önnur skilyrði) heldur eru upprunaríkin einnig með sín skilyrði varðandi aldur. Þau eru ekki endilega eins

⁸³ Hrefna Friðriksdóttir: *Ættleiðingar á Íslandi*, bls. 80. (Vísað er í frumheimild nr. 146, vefslóð sem er ekki lengur aðgengileg).

uppsett og íslensku skilyrðin og verða skoðuð hér stuttlega hvaða skilyrði löndin sem ÍÆ er í samstarfi við, setja. Talin verða upp þau lönd sem heimasíða ÍÆ nefnir sem lönd sem þau eru í samstarfi við en ekki eru virkar ættleiðingar núna frá öllum löndunum.

Indland

Ef hjón sækja um að ættleiða barn að fjögurra ára aldri, má sameiginlegur aldur þeirra ekki vera hærri en 90 ár en sé barnið á bilinu fjögurra til átta ára, má sameiginlegur aldur þeirra ekki vera hærri en 100 ár. Ef barnið er átta til átján ára, hækkar leyfilegur sameiginlegur aldur hjóna upp í allt að 110 ár. Sama gildir um einhleypa umsækjendur nema hámarksaldur þeirra miðast við helming sameiginlegs aldurs hjóna, þ.e. ef einhleypur umsækjandi sækir um að ættleiða barn að fjögurra ára aldri, má hann ekki vera eldri en 45 ára o.s.frv. Minnsti aldursmunur á barni og öðru foreldri má ekki vera minna en 25 ár.⁸⁴

Búlgaría

Skilyrðin sem Búlgaría setur eru rýmri. Við lágmarksaldursskilyrði þarf foreldri eða annað foreldrið að vera 15 árum eldra en barnið. Þegar hámarksskilyrði eru skoðuð má sjá að yngra foreldri má vera að hámarki 50 árum eldra en barnið og eldra foreldrið 55 árum eldra en barnið. Einhleypir mega að hámarki vera 50 árum eldra en barnið. Hér eru skilyrðin miðuð út frá mismun á aldri foreldris og barns en ekki einungis út frá aldri foreldra eins og er gert í íslenskum reglum.⁸⁵

Kína

Þeir þættir sem koma til skoðunar varðandi aldur hjá umsækjendum til Kína eru að tilvonandi ættleiðingarforeldrar ættu að vera orðnir þrítugir. Þegar hjón ættleiða barn og yngri maki er eldri en fimmtugur, ætti aldursmunur milli hans og barnsins þó ekki að vera meiri en 50 ár. Aldursmunur einhleyptrar konu og barns ætti ekki að vera meiri en 45 ár. Hér er lágmarksaldurinn hærri en íslenskar reglur segja til um og að sama skapi er hámarksaldur hjóna einnig hærri.⁸⁶

Kólumbía

Aldursskilyrði sem kólumbísk yfirvöld setja eru eftirfarandi: Séu umsækjendur á aldrinum 25-45 ára mega þeir ættleiða barn á aldrinum 0-5 ára. Ef systkini eru ættleidd má elsta systkinið

⁸⁴ Vefsíða ÍÆ, <http://www.isadopt.is/is/lond/indland/skilyrði>.

⁸⁵ Vefsíða ÍÆ, <http://www.isadopt.is/is/lond/bulgaria/skilyrði>.

⁸⁶ Vefsíða ÍÆ, <http://www.isadopt.is/is/lond/kina/skilyrði>.

vera orðið 7 ára. Umsækjendur á aldrinum 46-50 ára geta ættleitt barn á aldrinum 5-10 ára en sé um systkini að ræða skal elsta barnið vera á bilinu 7-10 ára. Hvergi kemur fram í íslenskum reglum að umsækjendur á ákveðnum aldri ættleiði börn á ákveðnum aldri líkt og kólumbísku reglurnar segja til um. Á heimasíðu ÍÆ kemur fram að í augnablikinu sé aðeins hægt að senda umsókn til Kólumbíu um börn með skilgreindar þarfir og eldri börn.⁸⁷

Tógó

Skilyrðin í Tógó eru að umsækjendur hafi náð 30 ára aldri þegar þeir ættleiða börn þaðan. Ekkert kemur fram um hámarksaldur. Bæði hjón og einhleypar konur mega ættleiða börn frá Tógó.⁸⁸

Tékkland

Í Tékklandi eru ekki reglur um hámarksaldur umsækjenda. Náttúrulegur aldursmunur milli foreldra og barna er þó hafður til hliðsjónar. Til dæmis fara yngstu börnin ekki til umsækjenda sem eru eldri en 45 ára. Ef faðir er eldri en 45 ára á meðan móðir er töluvert yngri hafa tékknesk yfirvöld þó samþykkt undanþágu á þeirri reglu.⁸⁹

Undanfarin ár hafa langflest börn verið ættleidd frá Tékklandi hingað til lands og því nærtækast að skoða nánar hvaða kröfur Tékkland gerir í sambandi við aldur umsækjenda miðað við íslensku reglurnar. Ekki eru tiltekna kröfur um hámarksaldur en lágmarkið er 16 ára aldursbil milli barns og foreldris. Líkt og kom fram er horft til náttúrulegs aldursbils og miðað við að aldursbilið sé ekki óeðlilegra en gengur og geris milli kynforeldra og líffræðilegs barns.⁹⁰ Séu umsækjendur orðnir eldri en 45 ára þegar ættleiðing frá Tékklandi fer fram (að því gefnu að hafa uppfyllt skilyrði forsamþykkis) er ólíklegt að mjög ung börn yrðu þöruð við eldri foreldra, út frá skilyrðinu um náttúrulegan aldursmun. Þá er gerð krafa frá Tékklandi um að ættleidda barnið sé yngsta barnið í kjörfjölskyldunni og jafnframt eru barnlausir umsækjendur í forgangi. Stundum er þó talið henta betur að barn fari inn á heimili þar sem önnur börn eru fyrir. Alltaf það sem barninu er fyrir bestu.⁹¹ Tékknesku skilyrðin stemma vel við íslensku reglurnar að mestu leyti.

⁸⁷ Vefsíða ÍÆ, <http://www.isadopt.is/is/lond/kolumbia/skilyrði>.

⁸⁸ Vefsíða ÍÆ, <http://www.isadopt.is/is/lond/togo/skilyrði>.

⁸⁹ Vefsíða ÍÆ, <http://www.isadopt.is/is/lond/tekkland/skilyrði>.

⁹⁰ Vefsíða ÍÆ, <http://www.isadopt.is/static/files/2016.04.16-methodology-of-intercountry-adoption-facilitation.pdf>, bls.2.

⁹¹ Vefsíða ÍÆ, <http://www.isadopt.is/is/lond/tekkland/skilyrði>.

3.4.4 Samantekt um aldur

Þau skilyrði sem upprunaríkin setja um aldur eru flest innan um það bil sama ramma og íslensku reglurnar segja til um. Lágmarksaldurinn sem er 25 ára á Íslandi er 30 ár í Kína og Tógó. Meginreglan segir til um að hámarksaldur, þegar sótt er um forsamþykki á Íslandi, sé 45 ára en hámarksaldurinn er rýmri víðast hvar. Það er því í raun mjög mikilvægt að flest upprunaríkin gefi svigrúm fyrir hámarksaldur sem nái hærra en 45 ár þar sem það getur tekið tíma að vinna úr forsamþykkinu og ferlinu eftir það. Það er því ljóst að aldur umsækjenda skiptir miklu máli.

Varðandi aldurinn má velta því upp hvort endurskoða ætti skilyrði um aldur í íslensku reglunum og horfa meira til aldursmunar eins og Tékkarnir gera. Mun algengara er að börnin sem nú eru ættleidd til landsins séu eldri en áður og því kannski raunhæfara að horfa til aldursmunar en ákveðins hámarksaldurs. Til að fá samanburð er vænlegast að horfa til þess hvernig lög og reglur um aldur í ættleiðingarmálum eru á hinum Norðurlöndunum og verður fjallað um síðar í ritgerðinni.

3.5 Heilsufar

3.5.1 Heilsufar í reglum um ættleiðingar

Ekki er að finna bein ákvæði í ætl. um heilsufar hjá umsækjendum að ættleiðingu en skilyrði um heilsufar er hins vegar að finna í 9. gr. ætl.rg. sem er sett með stoð í ætl. líkt og áður hefur komið fram. Í 41. gr. ætl. er sérstaklega tekið fram að ætl.rg. nái meðal annars yfir skilyrði sem umsækjendur um ættleiðingar þurfa að uppfylla.

Í 1. mgr. 9. gr. ætl.rg segir að umsækjendur skuli vera svo andlega og líkamlega heilsuhraustir að tryggt sé, eftir því sem unnt er, að ættleiðing verði barni fyrir bestu. Því mega umsækjendur ekki vera haldnir sjúkdómi eða þannig á sig komnir að það dragi úr lífslíkum þeirra á þeim tíma þar til barn verður sjálfráða, eða minnki möguleika þeirra til að annast vel um barn. Þetta er tiltölulega almenn og eðlileg skilgreining á heilsufarsskilyrðum með þá grundvallarreglu bak við eyrað, að ættleiðing sé barni fyrir bestu. Það er að sjálfsögðu eðlilegt og raunhæft skilyrði að kjörforeldrar barns séu nógu heilsuhraustir til að annast barnið á allra besta hátt. Ekki má gleyma að ættleidd börn geta í mörgum tilvikum verið að glíma við meiri erfiðleika, til dæmis vegna áfalla, aðskilnaðar og stofnanavistar, en börn sem alast upp hjá líffræðileg foreldrum sínum frá fæðingu. Því er eðlilegt að gerðar séu kröfur til heilsufars umsækjenda. Þessi 1. mgr. 9. gr. er þó fremur matskennd og á 2. mgr. að vera til þess fallin að gefa skýrari mynd af hvaða sjúkdómar það eru sem geta dregið úr lífslíkum eða minnkað möguleika á að annast vel um barn. Í 2. mgr. 9. gr. eru taldir upp sjúkdómar eða líkamsástand,

ekki þó tæmandi upptalning, sem geta leitt til synjunar á umsókn um ættleiðingu eða um forsamþykki til ættleiðingar á erlendu barni:

- a. Alnæmi og aðrir alvarlegir smitsjúkdómar.
- b. Fötlun eða hreyfihömlun.
- c. Geðsjúkdómar, geðraskanir eða þroskahömlun.
- d. Hjarta- og æðasjúkdómar.
- e. Innkirtlasjúkdómar.
- f. Krabbameinssjúkdómar.
- g. Líffæraþegar.
- h. Lungnasjúkdómar.
- i. Meltingafærasjúkdómar.
- j. Nýrnasjúkdómar.
- k. Offita.
- l. Sjálfsöfnæmissjúkdómar.
- m. Sykursýki og taugakerfissjúkdómar.

Hafa verður í huga að reglugerðin er sett árið 2005 og hefur 9. gr. hennar ekki verið uppfærð um efnisatriði síðan þá. Telja verður að læknavísindin hafi þróast talsvert síðan þá og má velta því upp hvort þessi listi sé eðlilegur miðað við ástandið í dag. Betri lyf og árangursríkari lækni meðferðir eiga við um suma sjúkdóma líkt og alnæmi og spurning hvort það ætti enn heima á þessum lista. Þá má almennt velta því upp hvort það sé rétt að telja upp sjúkdóma eða líkamsástand með þessum hætti og hvort þessi útlistun eigi sér fordæmi. Það er best að kanna slíkt með samanburði og verður það gert í næstu köflum.

Í 3. mgr. 9. gr. segir að sýslumaður setji nánari reglur um heilsufarsskilyrði umsækjenda til fyllingar ákvæðinu en það hefur ekki verið gert þó svo vissulegi komi fram skilyrði á eyðublöðum, sjá umfjöllun hér að neðan. Í 4. mgr. kemur svo fram að víkja megi frá ákvæðinu ef sérstaklega stendur á en það á einungis við þegar um stjúpættleiðingu er að ræða.

3.5.2 Læknisvottorð

Í 3. gr. ætl.rg. kemur fram að með umsókn um ættleiðingu barns, sem og um forsamþykki til ættleiðingar á erlendu barni, skuli m.a. fylgja með gögn er varða upplýsingar um heilsufar umsækjenda og læknisvottorð. Samkvæmt 4. gr. skulu gögnin rituð á sérstök eyðublöð frá ráðuneyti (nú sýslumanni). Læknisvottorð skal gefið út af heimilislækni umsækjenda, en ef honum er ekki til að dreifa þá af lækni sem annast hefur umsækjendur. Þá þarf læknisvottorðið að vera gefið út innan þriggja mánaða áður en umsókn er lögð fram. Ef sýslumaður telur ástæðu til getur hann kallað eftir vottorði eða áliti sérfræðings um heilsufar umsækjenda. Þó svo það komi ekki beint fram er talið að barnaverndarnefndir sem og ættleiðingarnefnd geti einnig leitað til sérfræðinga til nánara álits.

Ýmis eyðublöð er varða umsókn til ættleiðingar og forsamþykkis má finna inn á vef sýslumannsembættisins.⁹² Þar á meðal er eyðublað sem kallast Heilsufarsupplýsingar og læknisvottorð fyrir væntanlegt kjörforeldri.⁹³ Þar er um að ræða mjög nákvæmt vottorð sem snýr að öllu sem við kemur heilsufari og sjúkdómasögu umsækjenda. Það gengur mun lengra og er mun nákvæmara en ákvæðið í reglugerðinni segir til um.

Í I. hluta vottorðisins eru taldir upp sjúkdómar eða líkamsástand frá a) – x) eða 24 liðir samanborið við a) – m) eða 13 liði sem fram koma í 2. mgr. 9. gr. ætl.rg. Þá er tekið fram í upplýsingum til umsækjenda á eyðublaðinu að ef svar við einhverjum spurningum frá a) – x) er játandi, er hægt að leggja fram læknisvottorð frá sérfræðilækni með umsókn um ættleiðingu, sé þess talin þörf. Enn fremur er tekið fram að þrátt fyrir að svar við einhverjum spurningum frá a) – x) sé játandi, leiðir það ekki sjálfkrafa til höfnunar umsóknarinnar. Þá er beðið um nánari upplýsingar sé svarað játandi við einhverjum spurningum, hvort bati sé algjör eða að hluta og ávallt gefið færi á nánari útskýringu. Þá er spurt um lyfjanotkun vegna sjúkdóms og hvort inntaka á lyfjum sé nauðsyn á þeim tíma þegar vottorðið er útfyllt. Í I. hluta er einnig spurt hvort umsækjandi hafi orðið fyrir slysi, hvort hann reyki eða neyti áfengis og stundi reglulega hreyfingu. Það verða að teljast mjög eðlilegar spurningar sem tengjast heilsufari og lífstíl.

Í II. hluta koma fram upplýsingar úr læknisskoðun sem viðkomandi umsækjandi sækir og læknir fyllir út. Þar er spurt hvort læknir telji að útlit eða framkoma umsækjanda bendi til einhvern veiklunar eða heilsubrests, þ.m.t. geðrænna sjúkdóma. Einnig hvort eitthvað óvenjulegt sé við umsækjenda, t. d. höfuð, bak, útlimi eða taugakerfi o.fl. sem talið er upp í spurningu þrjú. Þá er púls, heyrn, sjón, blóðþrýstingur og þvag skoðað og mælt. Í raun er þessi læknisskoðun ekkert svo frábrugðin mæðravernd og þeim skoðunum sem henni fylgja.⁹⁴ Þó fara báðir umsækjendur í læknisskoðun á meðan aðeins tilvonandi móðir er skoðuð í mæðravernd. Í fimmtu spurningu II. hluta er sérstaklega óskað eftir mati læknis á því hvort sjúkdómur/sjúkdómar, ástand eða vandamál, muni hafa áhrif á lífslíkur umsækjanda næstu 15 – 20 árin hafi umsækjandi merkt „já“ við einhverja eða einhverjar af spurningum a) – x) í I. hluta skjalsins.

Það virðist vera ákveðin vísbending, sé svarað játandi við þeim sjúkdómum eða því líkamsástandi sem ýmist er talið upp í 2. mgr. 9. gr. sbr. það sem kemur fram á vottorðinu, að

⁹² Vefsíða Sýslumanna, <https://www.syslumenn.is/thjonusta/fjolskyldumal/aettleiðingar/>.

⁹³ Vefsíða Sýslumanna, <https://www.syslumenn.is/media/eydublod/aettleiðingar/upplýsingar-um-heilsufar-og-laeknisvottord.pdf>.

⁹⁴ Vefsíða Sýslumanna, <https://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item2548/4407.pdf>.

nánari skoðun verði gerð á viðkomandi umsækjanda. Það er að segja að við skoðun á umsókn gæti þetta atriði skipt máli varðandi samþykki við ættleiðingu á barni.

3.5.3 Atriði er varða heilsufar í upprunaríkjunum

Forsamþykki gefið út af embætti sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu er forsenda fyrir því að ættleiðingarferli í ákveðnu landi fari af stað. Með umsókn um forsamþykki fylgir með læknisvottorð eins og áður hefur komið fram. Þá fylgja einnig skýrslur frá barnaverndarnefnd og eftir atvikum ættleiðingarnefnd sem geta innihaldið upplýsingar tengdar heilsufari umsækjenda. Öll upprunaríki sem ÍÆ starfar með krefjast þar að auki sálfræðimats á umsækjendum.⁹⁵

Búlgaría

Umsögn barnaverndarnefndar sem inniheldur upplýsingar um heilsufar umsækjenda skal fylgja með umsókn. Þá skal einnig fylgja með vottorð lækni um andlega og líkamlega heilsu umsækjanda/umsækjenda, sem tiltekur að hann/þau þjáist ekki af alvarlegum kynsjúkdómum, alnæmi, berklum eða öðrum lífshættulegum sjúkdómum.⁹⁶ Það verður að teljast í samræmi við heilsufarskröfur í íslenskum reglum þó svo að kynsjúkdómar, aðrir en alnæmi, séu ekki taldir sérstaklega upp.

Indland

Umsækjendur skulu vera andlega og líkamlega heilbrigðir og ekki þjáast af lífshættulegum sjúkdómi.⁹⁷

Kína

Umsækjendur eiga að vera vel á sig komnir bæði líkamlega og andlega og ekki glíma við ákveðin vandamál sem talin eru upp í 10 liðum á heimasíðu ÍÆ.⁹⁸ Hér verður minnst á þessi atriði í styttra máli. Umsækjendur skulu ekki vera þroskaskertir, HIV-jákvæðir eða með smitnæman sjúkdóm með virku smiti né vera með geðklofa eða aðrar andlegar raskanir. Umsækjendur skulu ekki vera blindir, heyrnarlausir, skorta hreyfigetu eða hafa takmarkaða virkni í útlimum eða líkama. Þá segir með skilyrði um heyrnarleysi að ef umsækjendur vilji ættleiða börn með sömu vandamál og þeir glími við eða ef annað hjóna er heilsuhraust eigi

⁹⁵ Vefsíða ÍÆ, <http://www.isadopt.is/is/moya/news/fravarpsprof>.

⁹⁶ Vefsíða ÍÆ, <http://www.isadopt.is/is/lond/bulgaria/umsokn>.

⁹⁷ Vefsíða ÍÆ, <http://www.isadopt.is/is/lond/indland/skilyrði>.

⁹⁸ Vefsíða ÍÆ, <http://www.isadopt.is/is/lond/kina/skilyrði>.

skilyrðið ekki við. Það er að segja ef umsækjandi er heyrnarlaus mætti hann ættleiða heyrnarlaust barn en fengi annars ekki leyfi til að ættleiða.

Þá mega umsækjendur ekki þjást af veikindum sem krefjast langvarandi meðferðar eða hafa undirgengist líffæraskipti á síðustu 10 árum. Undantekning er þó að ef annað hjóna er heilbriggt og hitt lifir eðlilegu lífi dagsdaglega þrátt fyrir veikindi eða líffæraskipti. Sama undantekning á við um andlega heilsu. Síðasta skilyrðið sem talið er upp er þyngdarskilyrði og settur er fram líkamspýngdarstuðull ($BMI = \text{þyngd (kg)} / \text{hæð}^2 \text{ (m}^2\text{)} \geq 40$).

Í þessari upptalningu er helst áhugavert að sjá að undanþágur gilda ef annað hjóna er heilt heilsu en hitt þjáist af einhverjum sjúkdómi. Sé hægt að halda sjúkdómi niðri að einhverju leyti með meðferð eru allar líkur á að undanþágur séu veittar. Það er spurning hvort þessar undanþágur hafi þýðingu fyrir íslenska umsækjendur en hvergi kemur fram í reglum um ættleiðingar að það nægi að annar umsækjandi sé heilsuhraustur meðan hinn glími við heilsubrest. Í máli 4 sem fjallað er um í rannsóknarkafli ritgerðarinnar má þó glögg sjá að þar virðist það hafa sitthvað að segja að annað hjóna glími við veikindi en hitt sé heilsuhraust samanborið við mál 3 þar sem umsækjandi er einhleypur. Þá er einnig áhugavert að sjá að heyrnarskertir foreldrar séu vel til þess fallnir að ættleiða heyrnarskert börn en varðandi líkamlegar fatlanir er ekki sama uppi á teningnum.

Kólumbía

Læknisvottorð og sálfræðimat skulu fylgja með umsókn.⁹⁹

Tékkland

Sálfræðimat skal fylgja með umsókn til Tékklands. Þá er gerð krafa um að umsækjendur taki einnig frávarpspróf¹⁰⁰, sálfræðileg próf sem ganga út frá því að fólki eru sýnd tvíræð áreiti eins og blekklessur eða ókláraðar setningar. Í framhaldi muni það túlka áreitin í samræmi við hugðarefni sín og tilfinningar.¹⁰¹ Tékkland er eina landið sem krefst slíkra prófa.

Tógó

Umsækjendur skulu vera líkamlega og andlega heilbrigðir.¹⁰²

⁹⁹ Vefsíða ÍÆ, <http://www.isadopt.is/is/lond/kolumbia/umsokn>.

¹⁰⁰ Vefsíða ÍÆ, <http://www.isadopt.is/is/lond/tekkland/umsokn>.

¹⁰¹ Vísindavefurinn, <http://visindavefur.is/svar.php?id=5039>.

¹⁰² Vefsíða ÍÆ, <http://www.isadopt.is/is/lond/togo/skilyrði>

3.5.4 Samantekt um heilsufar

Eins og sjá má gera upprunaríkin mjög misjafnar kröfur um heilsufar umsækjenda til viðbótar við þær sem koma fram í íslenska forsamþykkinu. Heilsufar er stór hluti af forsamþykkinu og getur haft afgerandi áhrif á hvort forsamþykki verði veitt eða ekki. Það helsta sem mætti segja að væri óljóst í íslenskum reglum er það hvort umsækjendur sem sækja um sem hjón eða sambýlisfólk þurfi báðir að uppfylla skilyrði um heilsufar eða hvort nægi að annar uppfylli skilyrði. Þá má líka velta upp hvort réttast væri að það kæmi fram í reglum um ættleiðingar að þó umsækjendur glími við sjúkdóm geti þeir fengið leyfi til ættleiðingar ef sjúkdómurinn hefur ekki áhrif á daglegt líf þeirra. Sjá má dæmi um það í framkvæmd í málum nr. 3 og 5 í rannsóknarkafli. Líkt og með aldur umsækjenda er einnig áhugavert að skoða heilsufarskröfur á Norðurlöndunum til að sjá hvort íslensku reglurnar séu vægar eða íþyngjandi í samanburði við þær.

4 Rannsókn

Til að framkvæma rannsókn þessarar ritgerðar fékk höfundur aðgang að fimm málum Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu er varða ættleiðingar sem snúa að heilsufari og aldri þar sem þau atriði eru til sérstakrar athugunar. Hér verða málin reifuð en hafa ber í huga að ekki er hægt að fjalla nákvæmlega um öll málsatvik vegna persónuverndar. Í lok reifunar um málin fimm er umræðukaflir þar sem þau verða borin saman og niðurstöður ræddar.

4.1 Málin sem komu til skoðunar

Mál 1

Fyrsta málið sneri að aldri umsækjenda A og B. Þau uppfylltu öll skilyrði til að fá að ættleiða barn nema skilyrðið um aldur. Þegar sótt var um forsamþykki var A 48 ára og B 38 ára. Í 11. gr. ætl.rg. segir að þegar umsókn um forsamþykki til ættleiðingar á erlendu barni er lögð fram megi umsækjendur ekki vera eldri en 45 ára en undanþágan í a-lið 2. mgr. um að annar tveggja umsækjenda sé nokkuð eldri og hinn nokkuð yngri kemur til skoðunar hér. A og B óska eftir í umsókn að tekið verði tillit til undanþágunnar varðandi aldurs þeirra. Barnaverndarnefnd skoðaði aldurinn sérstaklega, m.a. út frá heilsufari og töldu A og B falla undir undanþáguna þar sem B er talsvert yngri en 45 ára og A er aðeins þremur árum eldri en 45 ára sem verði að teljast sem „nokkuð eldri“. Sýslumaður féllst á það og A og B fengu útgefið forsamþykki til ættleiðingar á erlendu barni.

Mál 2

Annað málið sneri einnig að aldri umsækjenda C og D. Þegar umsókn barst var C 57 ára og D 39 ára. Sýslumaður hafnaði umsókninni vegna aldurs C og vísaði í 1. mgr. 31. gr. ætl. um að barnaverndarnefnd þurfi ekki að veita umsögn þar sem augljóst sé að skilyrði fyrir útgáfu forsamþykkis séu ekki uppfyllt.

Í niðurstöðu sýslumanns um málið er reglan um hámarksaldur í 11. gr. ætl.rg. túlkuð sem svo að best sé fyrir kjörbarn að kjörforeldrar séu fyrirfram líklegir til að hafa líkamlega getu og andlegt heilbrigði til að annast það öll uppvaxtarár þess. Þeir þurfi að geta tekist á við erfiðleika ættleidds barns sem komi ekki endilega fram fyrstu árin heldur geta verið langvarandi. Undanþágunum í 2. mgr. 11. gr. ætl.rg. er aðeins beitt ef umsækjendur teljast hæfir að öðru leyti til að taka að sér barn til ættleiðingar. Undanþáguna í a-lið, um að annar umsækjenda sé nokkuð eldri og hinn nokkuð yngri, ber að túlka þröngt. C var 12 árum eldri við umsókn um forsamþykki en meginreglan um hámarksaldur í 11. gr. ætl.rg. segir til um. Sýslumaður telur

ekki hægt að fallast á að undantekningin nái til þess aldursmunar. Skiptir þá ekki máli að D sé vel innan aldursrammans.

Umsækjendur vildu að tekið yrði tillit til c-liðar 2. mgr. 11. gr. um að alveg sérstakar ástæður mæltu með því að umsókn þeirra yrði tekin til greina vegna annarra kosta þeirra. Sýslumaður sagði orðalagið „alveg sérstakar ástæður“ gefa til kynna þrönga túlkun. Í c-lið er tekið dæmi um hvað teljist sem sérstakar ástæður, svo sem ef um er að ræða systkini barns sem umsækjendur hafa áður ættleitt eða önnur sérstök tengsl eru við væntanlegt kjörbarn. Þetta virðast ekki tæmandi taldar ástæður en gefa þó til kynna að ekki sé verið að vísa í að búi umsækjendur við sérlega góðar aðstæður geti það talist sérstök ástæða til að veita undanþágu. Sýslumaður staðfestir það í úrskurði sínum að ekki sé heimild til að víkja frá aldursskilyrðunum á þeim forsendum að aðstæður umsækjenda séu að öðru leyti góðar.

Umsækjendur voru ekki sáttir með afgreiðslu málsins hjá sýslumanni og kærðu synjunina til dómsmálaráðuneytisins sem tók málið til umfjöllunar. C og D vildu í fyrsta lagi að ákvörðun sýslumanns yrði felld úr gildi og sýslumaður tæki nýja ákvörðun þar sem leitað yrði umsagnar barnaverndarnefndar. Þau bentu á rök með því séu að aðeins væri vísað í lágmarksaldur í lögum, hvergi hámarksaldur og að reglugerðarheimildin í 41. gr. ætl. væri ekki nógu skýr. Því ætti ekki að láta reglugerðina hafa jafn afgerandi áhrif á niðurstöðu málsins og raun bæri vitni. Þessu hafnaði ráðuneytið, sagði reglugerðina hafa fullnægjandi stoð í 41. gr. ætl. C og D vildu meina að þau væru enn á barneignaraldri og aldursmunur á kjörbörnum og kjörforeldrum væri oft meiri en hjá líffræðilegum börnum og foreldrum. Ráðuneytið vísaði á móti til líffræðilegs aldursbils og þeirra erfiðleika í umönnun ættleiddra barna sem geta komið upp.

Þá telja umsækjendur að túlka megi aldursskilyrðið rýmra út af breytingarreglugerð nr. 996/2009. Þar bætist við 11. gr. málsgrein sem heimilar að gefið sé út nýtt forsamþykki eða það framlengt, sé umsókn umsækjanda, sem náð hefur 45 ára aldri, þegar til meðferðar hjá stjórnvöldum í upprunaríki, sem heimilar ættleiðingar til umsækjenda sem eru eldri en 45 ára. Þá er heimilt að gefa út nýtt forsamþykki eða framlengja forsamþykki sem getur gilt þar til sá umsækjenda sem yngri er, sé um hjón, samvistarmaka eða sambúðarfólk að ræða, nær 50 ára aldri. C og D benda einnig á að ef yngri aðili máls væri einhleypur kæmi aldur ekki til skoðunar og eftir ættleiðingu mætti aðili á aldri við C stjúpættleiða barnið án þess að gert yrði mál úr því.

Í niðurstöðu ráðuneytisins kemur fram að skilyrðið „nokkuð eldri“ í a-lið 11. gr. ætl.rg. ætti að taka til fárra ára umfram 45 ára aldurinn og að mati þess eru 12 ár talsvert umfram það að teljast geta verið „nokkuð“ í skilningi ákvæðisins. C, verandi 58 ára þegar málið var hjá ráðuneytinu, geti ekki talist uppfylla skilyrðið um að teljast „nokkuð eldri“ en 45 ára. Ekki

komu aðrar undantekningar 11. gr. til greina að mati ráðuneytisins. Þá er vísað í norræn lög um ættleiðingar og nefnt að þar gildi svipaðar reglur um aldur og hér. Hér er hægt að taka dæmi sem kemur fram í 6. kafla þessarar ritgerðar um ættleiðingar í Noregi en þar er vísað í nokkur norsk mál um aldur umsækjenda. Sá elsti sem fékk samþykki til að ættleiða var þá 49 ára en í Noregi er einnig miðað við 45 ára hámarksaldur. Umsóknum þar sem aldursbil umsækjenda er breitt líkt og í máli C og D, þar sem annar aðilinn var eldri en fimmtugt var öllum hafnað.

Þrátt fyrir að C og D búi við mjög ákjósanlegar ástæður fyrir ættleitt barn, þau séu vel stödd á allan hátt, bæði fjárhagslega og atvinnulega séð og heilsufar teljist gott, hefur aldur C afgerandi áhrif á niðurstöðu málsins. Ráðuneytið staðfesti úrskurð sýslumanns og taldi einnig augljóst að 11. gr. ætl.rg. um aldur væri ekki uppfyllt og þar af leiðandi að ekki væri þörf fyrir umsögn barnaverndarnefndar.

Mál 3

Þriðja málið sneri að heilsufari umsækjanda E. Sá umsækjandi var einhleypur og hafði það meira að segja við umfjöllun málsins en heilsufar. Hér verður aðeins skoðað það sem snýr að heilsufari. Á fyrsta læknisvottorði sem umsækjandi skilaði kom fram að umsækjandi E glímdi við kvíða og tók við honum lyf og fengi einnig millivefjablöðrubólgu. Læknir taldi kvíða tengjast barnleysi sem myndi e.t.v. batna fengi umsækjandi að ættleiða barn. E taldi kvíðann og lyfjatöku vegna hans ekki hafa áhrif á daglegt líf. Varðandi millivefjablöðrubólgu þurfti umsækjandi aðeins að passa sig í kulda og hefði aldrei verið frá vinnu vegna þessa. Að öðru leyti var almennt heilsufar gott, E þjáðist af frjókornaofnæmi og vöðvabólgu en það hafði engin áhrif auk þess sem fram kom að E snerti ekki tóbak og neytti varla áfengis. Ekki var talin þörf á ítarlegri læknisvottorði. E lagði síðar í ferlinu fram nýtt vottorð þar sem fram kom að kvíðinn væri betri og ekki væri lengur þörf á lyfjum vegna hans. Þá fór E í aðgerð vegna millivefjablöðrubólgunnar og höfðu einkenni þá minnkað. Meðmælendur E töldu umsækjanda vera heilsuhraustan og við skoðun barnaverndarnefndar kom fram að samkvæmt læknisvottorði væri ekkert í heilsufari sem benti til þess efa varðandi getu E til að ættleiða barn eða annast barnauppeldi. Barnaverndarnefnd gaf jákvæða umsögn og mælti með að E fengi að ættleiða barn.

Sýslumaður bað þrátt fyrir það um umsögn ættleiðingarnefndar en þá helst vegna þess að umsækjandi E er einhleypur. Ættleiðingarnefnd skoðaði þó heilsufar og kom fram í umsögn þeirra að „jafnvel þó líkur séu á að ofangreind heilsufarsvandamál kæmu ein og sér ekki í veg fyrir að umsækjandi uppfyllti skilyrði til að ættleiða barn þá telur ættleiðingarnefnd upplýsingar um heilsufar umsækjanda til þess fallnar að draga úr því að umsækjandi teljist sérstaklega hæfur

umfram aðra til að axla ábyrgð á umönnun og uppeldi ættleidds barns.“ Tekið var fram að miðað væri við heilsufar eins og það birtist þeim í gögnum og ekki væri hægt að taka tillit til þess að ástand geti batnað síðar. Ættleiðingarnefnd mælti gegn því að E fengi leyfi til að ættleiða barn. Sýslumaður synjaði E um útgáfu forsamþykkis en E kærði synjunina til dómsmálaráðuneytisins og er málið sem stendur í gangi þar. Í málinu er heilsufar ekki meginástæða synjunar en hefur greinilega áhrif.

Mál 4

Fjórða mál sneri að heilsufari umsækjenda F og G. Ári áður en umsókn um forsamþykki var lögð inn hafði umsækjandi G verið greindur með vefjagigt, einkenni streitu og þunglyndis og þurfti að taka veikindaleyfi frá vinnu. Á læknisvottorði sem fylgdi með umsókn var staða umsækjanda talin betri, hann væri vissulega með vefjagigt en andleg heilsa væri góð. Fram kom í máli sýslumanns að G tæki lyf og væri í endurhæfingu vegna vefjagigtar sem gengi vel, G hefði fundið nýtt starf með styttri vinnutíma og batahorfur væru almennt góðar. Sýslumaður óskaði eftir að barnaverndarnefnd skoðaði heilsufar G sérstaklega með tilliti til 9. gr. ætl.rg. Í greinagerð barnaverndarnefndar var minnst á vefjagigt G og veikindaleyfið en jafnframt að endurhæfing hefði skilað góðum árangri. Umsögn barnaverndarnefndar var jákvæð og mælt var með að F og G fengju að ættleiða barn.

Sýslumaður leitaði til ættleiðingarnefndar vegna heilsufars G. Í umsögn nefndarinnar var lagt upp með að horfa þyrfti til þess hversu miklar líkur væru á að sjúkdómur dragi einstakling til dauða á næstu 15-20 árum. Það þyrfti að meta hvort einstaklingur væri með sjúkdóm sem ylli umtalsverðri hættu á afgerandi eða erfiðum veikindum, aðgerðum eða annarri lækni meðferð á þessu tímabili. Taka þyrfti tillit til áhrifa sjúkdóms á daglegt líf og möguleika umsækjanda til að mæta þörfum barns fyrir tryggar og þroskavænlegar uppeldisaðstæður. Við heildarmat er meðal annars horft til aðstæðna og lífsstíls. Vefjagigt er langvinnur sjúkdómur sem er mismunandi milli einstaklinga. Nefndin taldi G hafa góða innsýn í sjúkdóminn og vinna í honum markvisst. Sjúkdómurinn getur skert færni en útiloki umsækjendur ekki frá því að ættleiða barn. Ættleiðingarnefnd skilaði jákvæðri umsögn og mælti með því að umsækjendur fengju að ættleiða barn og sýslumaður gaf út forsamþykki í framhaldinu.

Í þessu máli virðist skipta máli að G hafi strax hafið að vinna markvisst að bata vefjagigtarinnar þegar sjúkdómurinn greindist. Þá hafði G skipt um starf auk þess sem lækni taldi batahorfur góðar. Þó það sé hvergi tekið fram þá lítur út fyrir að það hafi jákvæð áhrif að umsækjandi F sé heilbrigður og að almennt séu aðrar aðstæður F og G góðar.

Mál 5

Fimmta mál sneri að heilsufari umsækjenda H og I. Í þessu máli voru bæði H og I greind með sjúkdóm. Umsækjandi H var greindur með flogaveiki eftir að hafa fengið tvö flogaköst 7 árum áður en umsögn um forsamþykki var lögð inn. Í læknisvottorði sagði að H tæki lyf, hefði hvorki fengið flog eftir þessi tvö né hefðu komið fram aukaverkanir af lyfjunum. Allt væri í lagi með heilsu að öðru leyti og flogaveikisgreiningin breytti ekki lífslíkum H. Með umsókn um forsamþykki fylgdi einnig læknisvottorð frá sérfræðingi þar sem fram kom það sama og í hinu auk þess sem sá læknir sagði að sjúkdómurinn hefði engin áhrif á ættleiðingu eða hæfni H til að ala upp barn. Umsækjandi I greindist með hæggengt kyrningahvítblæði rúmum 10 árum áður en umsókn var lögð inn um forsamþykki. Á tímapunkti umsóknar var I skv. læknisvottorði í fullkomnu sjúkdómshléi og í vottorðinu frá sérfræðilækni sagði að það væri eins gott og hægt verði að mæla. Sjúkdómurinn væri ekki læknaður. I tæki lyf við sjúkdómnum og væri í reglulegu eftirliti. Horfur væru góðar og töldu læknar lífslíkur I næstum jafngóðar og jafnaldra. Umsækjandi I var hraustur og heilbrigður að öðru leyti.

Sýslumaður óskaði eftir því að barnaverndarnefnd skoðaði heilsufar sérstaklega við könnun á högum umsækjenda. Í greinagerð var sjúkdómssaga þeirra rakin en jafnframt tekið fram að heilsufar H og I væri almennt gott og þessir sjúkdómar hefðu ekki áhrif á daglegt líf þeirra. Barnaverndarnefnd taldi H og I mjög vel hæf til að ættleiða barn enda aðstæður þeirra góðar. Sýslumaður óskaði einnig eftir umsögn ættleiðingarnefndar. Þar var farið í gegnum svipuð skilyrði og rakin voru í *máli 4*, að skoða skuli lífslíkur umsækjenda næstu 15-20 árin, líkur á alvarlegum veikindum og hver áhrif sjúkdómanna eru á daglegt líf þeirra. Einnig hvort sjúkdómar umsækjenda komi í veg fyrir möguleika umsækjanda á að mæta þörfum barns fyrir tryggar og þroskavænlegar uppeldisaðstæður. Horfa þurfi til aðstæða og lífsstíls umsækjenda við heildarmat. Nefndin taldi H og I hafa góða innsýn í sína sjúkdóma. Engar vísbendingar væru um að þeir háðu þeim í daglegu lífi né hefðu áhrif á H og I sem uppalendur. Lífshorfur þeirra væru góðar og heilsufar umsækjenda væri ekki þess eðlis að útiloka ætti þau frá því að ættleiða barn. Ættleiðingarnefnd veitti jákvæða umsögn og sýslumaður gaf út forsamþykki.

4.2 Umræða um rannsókn

Þar sem málin sem fengust til rannsókna eru fá er þessi rannsókn ekki marktæk og ekki hægt að fullyrða margt í raun um stöðu ættleiðingarmála hér á landi. Hún veitir þó ákveðna innsýn í vinnslu mála og í skilyrði um aldur og heilsufar sem þarf að uppfylla við umsókn um forsamþykki til ættleiðingar á erlendu barni. Benda má á að barnaverndarnefnd mælir með

ættleiðingu í öllum málunum en sýslumaður telur þörf á frekara mati á heilsufari en metur ekki sjálfur fyrr en að fenginni umsókn ættleiðingarnefndar. Athugavert er að sýslumaður það ekki um umsögn í málunum varðandi aldur, hvorki frá barnaverndarnefnd né ættleiðingarnefnd. Það sýnir að heilsufar er talsvert matskenndara skilyrði en aldurinn, erfiðara viðfangs og þarfnast frekar álits frá fleirum en sýslumanni.

Í þeim tveimur málum um aldur sem voru skoðuð var annað málið samþykkt en hinu synjað þar sem annar umsækjenda í báðum málum var yfir 45 ára aldurshámarkinu í 11. gr. ætl.rg. Aðallega er horft til undanþágunnar í a-lið 2. mgr. 11. gr. og þeirra hugtaka að annar umsækjandi skuli vera „nokkuð eldri“ og hinn „nokkuð yngri“. Ef horft er eingöngu til málanna tveggja er ljóst að 48 ára einstaklingur fellur undir að vera „nokkuð eldri“ á meðan 58 ára fellur utan þess. 38 ára umsækjandi telst „nokkuð yngri“ ef hinn fær undanþágu en það kom ekki til álits í hinu málinu þar sem 58 ára þótti það mikið yfir hámarkinu. Með vísan í undanþáguna frá breytingareglugerðinni nr. 996/2009 verður að telja að umsækjendur sem uppfylli öll skilyrði nema vegna aldurs, geti verið allt að 50 ára þegar ættleiðing fer fram. Hins vegar verður að horfa til meginreglunnar um 45 ára hámarksaldur í 11. gr. ætl.rg. og telja að best sé fyrir alla að væntanlegir kjörforeldrar séu ekki mikið eldri en það.

Varðandi heilsufar er það mun matskenndara skilyrði heldur en aldursskilyrðið. Engar nánari leiðbeiningar eru opinberar hér á landi aðrar en þær sem fram koma í 9. gr. ætl.rg. og á læknisvottorðum sem skila á til sýslumanns með umsókn um forsamþykki. Í málunum hér að ofan eru ólíkir sjúkdómar sem koma til skoðunnar. Þar sem ættleiðingarmál eru ekki svo mörg hér á landi er ólíklegt að hægt sé að líta til fordæma þegar kemur að heilsufari umsækjenda enda skal hvert mál fyrir sig skoðað. Miðað við málin sem voru skoðuð virðist ekki afgerandi að sjúkdómur sé til staðar heldur hvort hann hafi teljandi áhrif á daglegt líf og að lífslíkur næstu 15-20 árin séu góðar. Þá er mikilvægt að sjúkdómurinn komi ekki í veg fyrir að það sé barninu fyrir bestu að alast upp við tryggar og þroskvænlegar uppeldisaðstæður. Þyki ljóst að umsækjendur séu meðvitaðir um sjúkdóm sinn og ef þeir eru að vinna að bata og/eða bættum lífsstíl eykur það líkurnar á að forsamþykki verði veitt. Í málunum að ofan er barnaverndarnefnd í öllum tilvikum jákvæð og veitir meðmæli með ættleiðingu. Í öllum málunum leitar sýslumaður til ættleiðingarnefndar til nánari umsagnar. Í nefndinni sitja læknir og sálfræðingur sem ættu að geta gefið sérfræðilegra álit en starfsmenn barnaverndarnefnda en yfirleitt eru það félagsráðgjafar sem sjá um könnun á umsækjendum. Verður að teljast að ættleiðingarnefnd skili af sér greinagóðum og sanngjörnum umsóknum í *málum 4 og 5* en að sama skapi verður að teljast skjóta skökku við hversu mikið vægi heilsufar umsækjanda í *máli 3* hefur á umsóknina.

Vissulega er heilsufar ekki aðalástæða þess að máli E var synjað en kemur engu að síður til skoðunar við heildarmat og hefur neikvæð áhrif. Í samanburði við heilsufar í *málum 4 og 5* þar sem alvarlegri sjúkdómar koma til skoðunar en meðhöndlaður kvíði og millivefjablöðrubólga¹⁰³ sem E þjáist af, er erfitt að sjá af hverju þar verður neikvæð niðurstaða. Af læknisvottorði sem og umsögn barnaverndarnefndar að dæma hefur hvorugt áhrif á daglegt líf, batahorfur eru góðar og ættu sjúkdómarnir ekki að hafa áhrif á hæfni E sem uppalanda. Það er því ekki algjört samræmi milli umsagna nefndarinnar um heilsufar í þessum þremur málum að mati höfundar og frekar óljóst hvers vegna nefndin tekur svo neikvæða afstöðu í *máli 3*. Það mál er þó enn í fjarvegi og ekki ljóst hver málalokin verða.

¹⁰³ Fræðsluvefur um vefjagigt og síþreytu, <http://www.vefjagigt.is/>.

5 Samanburður við aðrar leiðir til að stofna fjölskyldu

Í þessum kafla verða skilyrði til ættleiðinga úr kafla þrjú borin saman við skilyrði sem umsækjendur um tæknifrjógungun og fósturforeldrar þurfa að uppfylla, með sérstakri áherslu á aldur og heilsufar. Til frekari samanburðar verða skilyrðin einnig borin saman við nýlegt frumvarp um staðgöngumæðrun sem ekki varð að lögum. Samanburður er gerður til að sjá hvernig skilyrði, sérstaklega um aldur og heilsufar, birtast í lögum sem eiga það sameiginlegt að fjalla um leiðir, þó ólíkar séu, til barneigna með aðstoð. Það er mikilvægt að skoða skilyrðin á þessum þremur sviðum, tæknifrjógungun, fóstur og staðgöngumæðrun, til að sjá hvort þau séu meira eða minna íþyngjandi en skilyrði í ættleiðingarlögunum. Þá er einnig hægt að sjá hvaða kröfur eru gerðar til aðila sem óska sér barns eftir mismunandi leiðum, hvar eru þær strangastar og hvar eru minni kröfur.

5.1 Rétturinn til barneigna

Hægt væri að skipta leiðum til að stofna fjölskyldu í þrjá flokka. Í fyrsta lagi verður barn til án aðstoðar, þar þurfa foreldrar ekki að uppfylla nein skilyrði. Í öðru lagi verður barn til með aðstoð þar sem notað er erfðaeefni væntanlegra foreldra, þ.e.a.s. tæknifrjógungun eða jafnvel staðgöngumæðrun. Við þá leið þurfa viss skilyrði að vera uppfyllt. Í þriðja lagi verður barn hluti af fjölskyldu án þess að erfðaeefni foreldra komi við sögu. Þær leiðir eru tæknifrjógungun þar sem gjafafrumur eru notaðar, staðgöngumæðrun með gjafafrumur, fóstur og ættleiðing. Við þessar leiðir þurfa foreldrar einnig að uppfylla ákveðin skilyrði til að fá barn í hendurnar. Í umfjölluninni hér á eftir verða þessar leiðir skoðaðar nánar og hvort mikill munur sé á skilyrðum eftir því hvaða leið er farin til barneigna.

Fyrr í þessari ritgerð var þeirri spurningu velt upp hvort það sé réttur fólks að eignast barn eða ættleiða barn. Því er þeirri spurningu einnig varpað fram þegar kemur að tæknifrjógungunum, er tæknifrjógungunarmeðferð réttur einstaklings? Líkt og á við fyrri spurninguna er svarið hér einnig nei. Það á enginn óskilyrtan rétt á að gangast undir tæknifrjógungun en þó má til dæmis minnst á dóm MDE *Dickson gegn Bretlandi*. Þar taldi dómstóllinn að hægt væri að túlka 8. gr. MSE um friðhelgi einkalífs og fjölskyldu sem svo að aðildarríkin gætu borið jákvæðar skyldur til að aðstoða fólki við að eignast fjölskyldu t.a.m. með tæknifrjógungun. Í athugasemdum með frumvarpinu til laga um tæknifrjógungun kemur fram að eðlilegt sé að skipa reglum þannig að réttur konunnar eða parsins víki fyrir þeim hagsmunum sem varða uppeldisaðstæður barnsins og að ákvörðun um hvort tæknifrjógungun skuli fara fram verði endanlega tekin af til þess bærum aðila. Í framhaldi af þessu er dreginn fram áhugaverður punktur:

Í fljótu bragði mætti ætla að þversögn sé fölgín í því að gera kröfur til þeirra sem óska eftir að verða foreldrar við tæknifrjóvgun meðan engar kröfur eru gerðar til þeirra sem eignast barn með venjulegum hætti. Málið horfir hér þó á annan veg við þar sem gert er ráð fyrir að tæknifrjóvgun verði framkvæmd á heilbrigðisstofnun. Því er eðlilegt að barninu verði tryggð þroskavænleg uppeldiskjör eftir því sem unnt er.¹⁰⁴

Að mati höfundar er ekki óeðlilegt að gera ákveðnar kröfur til verðandi foreldra þar sem vissulega á sér stað inngrip við getnað barns þar sem opinber þjónusta er veitt. Fólki sem leitar aðstoðar tækninnar við að eignast barn er líklega í langflestum tilvikum fólk sem virkilega þráir að eignast barn en þarf á heilbrigðisþjónustu að halda til þess. Það er ólíkt ættleiðingarferli að því leyti að heilbrigðisvísindi eiga stóran þátt í getnaði barns við tæknifrjóvgun og þar liggur annað að baki eins og siðfræði læknávisinda og slíkt. Ættleiðingar snúa fremur að félagsfræði en jafnframt einnig siðfræði. Hagsmunir barns eiga að vera allsráðandi í ættleiðingum og eru það einnig samkvæmt lögum um tæknifrjóvgun en hvort það er þannig í reynd verður að láta liggja milli hluta.

5.2 Tæknifrjóvgun

5.2.1 *Almennt um tæknifrjóvgun*

Lög um tæknifrjóvgun og notkun kynfrumna og fósturvísa manna til stofnfrumurannsókna nr. 55/1996 (hér eftir tfl.) tóku gildi 1. júní 1996 en veigamiklar breytingar hafa orðið frá því að upphaflegu lögin voru sett. Þróun á sviði tæknifrjóvgana hefur farið vaxandi síðustu áratugi og hægt að bjóða fólki, sem á í erfiðleikum með að geta barn á náttúrulegan hátt, upp á aðstoð við getnað með ýmsum hætti. Þegar lögin voru sett var talið gott að hafa sérstök heildarlög enda höfðu tæknifrjóvganir verið framkvæmdar hér á landi um árabíl án sérstakrar lagasetningar.

Til að skilja hugtakanotkun betur skal tekið fram að skv. tfl. er tæknifrjóvgun yfirheiti yfir getnað sem verður í framhaldi af tæknisæðingu eða glasafrjóvgun. Tæknisæðing er einfaldasta formið af tæknifrjóvgun en þá er sæði komið fyrir í leggöngum konu við egglos. Þessi meðferð hentar oft ungum pörum, samkynhneigðum eða einhleypum konum og hefur reynst vel. Glasafrjóvgun þýðir að frjóvgun á sér stað utan líkama, egg eru sótt úr eggjastokkum konu og sett saman við sæði og fósturvísi komið fyrir í legi konu sem óskar eftir tæknifrjóvgun. Þetta er í raun náttúruleg frjóvgun en við stýrðar aðstæður. Þessi aðferð hentar til dæmis ef vandamál tengjast eggjaleiðurum kvenna eða sæði karla. Eins getur þessi aðferð hentað við óskýrðri ófrjósemi. Við glasafrjóvgun gengur konan sem leggur til eggfrumuna undir hormónameðferð sem ekki er endilega nauðsynleg við tæknisæðingu. Þá er hægt að gangast undir

¹⁰⁴ 120. lögþ. 1995, 154. mál, 184. frumvarp til laga um tæknifrjóvgun, almennar athugasemdir: VIII. kaflí.

smásjárfrjógvun þar sem sæði og egg er látið frjógvast undir smásjá.¹⁰⁵ Fyrirtækið Livio Reykjavík er eina viðurkennda meðferðarstöðin í tæknifrjógvunum á Íslandi og býður upp á ofangreindar meðferðir og sér almennt um tæknifrjógvunarferli fólks hér á landi.

Hafa ber í huga að gera þarf greinarmun á notkun eigin kynfrumna og notkun gjafakynfrumna við tæknifrjógvun. Ekki gilda nein sérstök skilyrði, til dæmis um aldur eða heilsufar fyrir verðandi foreldra, um þann mun sem er á notkun eigin kynfrumna eða gjafakynfrumna. Það mætti velta því upp hvort skilyrði ættu að vera strangari sé fólk að nota gjafakynfrumur þar sem barnið verður ekki blóðskyld foreldrum sínum.

Margir sem hefja ættleiðingarferlið hafa áður reynt að geta barn með aðstoð tæknifrjógvunar.¹⁰⁶ Það er því áhugavert að skoða og bera saman hvaða kröfur eru gerðar til þeirra skilyrða sem umsækjendur þurfa að uppfylla. Það reynir á svipuð eða sambærileg siðferðileg álítaefni í þessum tveimur málaflokkum, þá sérstaklega hvað varðar notkun kynfrumna annarra en verðandi foreldra, gjöf fósturvísa og staðgöngumæðrun, sem verður tekin fyrir síðar. Samkvæmt 2. mgr. 5. gr. tfl. er heimilt á Íslandi að nota gjafakynfrumur við tæknifrjógvun en eingöngu ef frjósemi er skert, um er að ræða alvarlegan erfðasjúkdóm eða aðrar læknisfræðilegar ástæður mæla með notkun gjafakynfrumna. Sé frjósemi beggja maka eða einhleyprar konu skert er heimilt að nota bæði gjafaegg og gjafasæði við glasafirjógvun. Þá er ætíð heimilt að nota gjafasæði sé um að ræða einhleypa konu eða konu í hjónabandi eða óvígðri sambúð með annarri konu.

Í dómi Mannréttindadómstóls Evrópu í máli *MDE Hand o.fl. gegn Austurríki*, 1. apríl 2010 (57813/00) sneru málsatvik að gjafakynfrumum. Málið fór fyrir yfirdeild sem komst að annarri niðurstöðu en málið verður reifað að neðan og báðar niðurstöður skoðaðar.

Mannréttindadómstóll Evrópu komst að þeirri niðurstöðu að gjafakynfrumur skyldu vera möguleiki fólks við ófrjósemi. Þar voru málsatvik sú að tvenn austurrísk hjón glímdu við ófrjósemi, annað parið þurfti á gjafasæði að halda en hitt á gjafaegg. Börn beggja hjóna sem yrðu til við tæknifrjógvun væru þá einungis líffræðileg börn annars foreldris en það var bannað skv. austurrískum lögum.

Kærendur héldu því fram að með því að banna notkun á gjafasæði og gjafaeggjum við glasafirjógvun væri brotið í bága við rétt þeirra til friðhelgi fjölskyldu samkvæmt 8. gr. sáttmálans. Með þessu skapaðist mismunur milli þeirra para sem vildu nýta sér tæknifrjógvun til að eignast barn, þar sem greinarmunur væri gerður á þeim sem þyrftu að nýta sér gjafasæði eða gjafaegg við

¹⁰⁵ Vefsíða Livio Reykjavík, <https://www.livio.is/>.

¹⁰⁶ Hrefna Friðriksdóttir: *Ættleiðingar á Íslandi*, bls. 21.

glasafjrjóvgun og þeirra para sem ekki þyrftu á kynfrumugjöf að halda. Með þessu væri brotið gegn 14. gr. samhliða 8. gr. sáttmálans.¹⁰⁷

Í niðurstöðu MDE var bent á að ekki væri samræmd stefna í reglum um tæknifrjóvganir í Evrópu og þeim væri ekki skylt að tryggja slíka stefnu. Ríkin ættu hins vegar að tryggja samræmi í lagaramma þar sem fullt tillit væri tekið til allra þeirra lögmætu hagsmuna sem reynt gæti á. Mismununin sem hjónin hvort um sig urðu fyrir var ekki réttlætanleg og rökin sem Austurríki færði fram ekki heldur.

Hvað varðaði þá röksemdafærslu að takmörkuninni væri ætlað að koma í veg fyrir stofnun óhefðbundinna tengsla milli foreldra og barna benti dómstóllinn á að slík tengsl væru ekki ný af nálinni. Slík tengsl hefðu komið til um leið og ættleiðingar hefðu farið að tíðkast. Með þeim væru sköpuð fjölskyldutengsl sem byggðust á samningum í stað eiginlegra blóðtengsla.¹⁰⁸

Ekkert þótti hindra að heimila báðum hjónum að gangast undir tæknifrjóvgun í Austurríki og varð það niðurstaða dómstólsins. Niðurstaða yfirdeildar var hins vegar á þá leið að 8. gr. samningsins hefði ekki verið brotin og að austríska ríkið hefði ekki gengið lengra en þurfti með banninu. Dómstóllinn benti á að niðurstaða í austurrískum rétti hafi verið í samræmi við tímann þá en þar sem tæknifrjóvgun og slík vísindi væru í stöðugri þróun væri rétt að láta lögin reyna fylgja eftir.

Þó svo að tæknifrjóvgun með gjafakynfrumum en ekki eigin kynfrumum sé framkvæmd gilda í íslenskum lögum og reglum engin sérstök skilyrði né meiri kröfur á væntanlega foreldra. Í 1. kafla A í barnalögum nr. 76/2004 (hér eftir bl.) er fjallað um rétt barns til að þekkja uppruna sinn. Barn á skv. 1. gr. a. rétt á að þekkja báða foreldra sína. Þá er þar að finna í 6. gr. sérstakar reglur um uppruna barns sem getið er við tæknifrjóvgun. Kona sem getur barn telst ávallt móðir þess, bæði skv. 1. mgr. 6. gr. bl. sem og í skilningi tfl.¹⁰⁹ Þá telst kona sem samþykkt hefur tæknifrjóvgun á eiginkonu sinni, foreldri barns og að sama skapi telst eiginmaður konu faðir barns skv. 2. sbr. 3. mgr. 6. gr. bl. Þar sem nafnleynd kynfrumugjafa er leyfð á Íslandi skv. 2. mgr. 4. gr. tfl. getur sú staða komið upp að barn sem getið er með gjafafrumu fái aldrei að vita uppruna sinn. Í 1. mgr. 7. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna segir að barn skuli skráð þegar eftir fæðingu, og á það frá fæðingu rétt til nafns, rétt til að öðlast ríkisfang, og eftir því sem unnt er rétt til að þekkja foreldra sína og njóta umönnunar þeirra. Í 26. gr. ætl. er kveðið á um að kjörforeldrar segi kjörbarni sínu að það sé ættleitt um leið og það hefur þroska til. Engin slík grein er í tfl. og því engin lagaleg krafa að skýra barni frá því að það sé getið með gjafafrumu.

¹⁰⁷ Mannréttindadómstóll Evrópu 2010, dómareifanir 1. hefti 2010 (janúar – júní), bls. 112.

¹⁰⁸ Mannréttindadómstóll Evrópu 2010, dómareifanir 1. hefti 2010 (janúar – júní), bls. 113.

¹⁰⁹ 120. lögþ. 1995, 154. mál, 184. frumvarp til laga um tæknifrjóvgun, almennar athugasemdir: VI. kafli.

Ekki verður farið nánar út í siðferðislegar vangaveltur um rétt barna til að þekkja uppruna sinn þó umræðuefnið sé vissulega áhugavert.

Lögin, bæði um ættleiðingar og tæknifrjóvganir, hafa það grundvallarsjónarmið að hagsmunir barnsins ganga fram yfir allt annað. Í athugasemdum með frumvarpi laganna um tæknifrjóvgun kemur fram að tilgangur þeirra sé einkum sá að hjálpa barnlausu pari að eignast barn. Gæta verði vel að hverskyns siðferðilegum sjónarmiðum og við tæknifrjóvgun þurfi að meta hagsmuni barns þess er til verður með þessum hætti, hagsmuni hins barnlausa pars og margvíslega þjóðfélagslega hagsmuni. Þar vega hagsmunir barnsins þyngst og það að því verði tryggð þroskavænleg uppvaxtarskilyrði.¹¹⁰ En hvernig á að tryggja það?

Í 1. mgr. 3. gr. tfl. er fjallað um skilyrði þess að framkvæma megi tæknifrjóvgun. Í a-lið segir að skriflegt og vottað samþykki konunnar verði að liggja fyrir og sé hún gift eða í sambúð þarf skriflegt og vottað samþykki hins aðilans jafnframt að liggja fyrir. Tæknifrjóvgun verður ekki framkvæmd nema ætla megi að barninu sem til verður við aðgerðina verði tryggð þroskavænleg uppeldisskilyrði skv. b-lið. Í c-lið eru þau skilyrði sem snúa að væntanlegum foreldrum að konan sé á eðlilegum barneignaaldri og hafi líkamlega burði og fullnægjandi heilsufar til að takast á við það álag sem fylgir meðferð, meðgöngu og fæðingu barns. Þá skiptir líka máli að andleg heilsa og félagslegar aðstæður parsins eða konunnar séu góðar sbr. d lið. Áður en tæknifrjóvgun fer fram skal veita upplýsingar um meðferðina og þau læknisfræðilegu, félagslegu og lögfræðilegu áhrif sem hún kann að hafa sbr. 2. mgr. 3. gr. tfl.

Samkvæmt 3. mgr. 3. gr. verður tæknifrjóvgun einungis framkvæmd að uppfylltum skilyrðum allra fjögurra liða 1. mgr. Þau eru því ófrávikjanleg. Læknir leggur mat á það hvort skilyrðin séu uppfyllt áður en hann ákveður hvort tæknifrjóvgun fari fram og sé synjað má skjóta þeirri synjun til landlæknis. Í 4. mgr. er svo heimild ráðherra til að setja reglur um framkvæmd ákvæðisins, m.a. um heimild eða skyldu til að leita umsagnar félagsráðgjafa eða annarra fagaðila og eftir atvikum barnaverndarnefndar um félagslegar aðstæður parsins eða konunnar. Að auki er að finna reglugerðarheimild í 15. gr. laganna þar sem lagt er fyrir ráðherra að setja nánari reglur um ákveðin atriði sem eru talin upp í liðum a) – i).

5.2.2 Reglugerð um tæknifrjóvgun nr. 144/2009

Reglugerð um tæknifrjóvgun nr. 144/2009 (tf.rg.) útsetur nánari skilyrði fyrir framkvæmd tæknifrjóvgunar í II. kafla. 1. mgr. 4. gr. tf.rg. er nákvæmlega eins og 1. mgr. 3. gr. tfl. en þar eru skilyrði tæknifrjóvgunar talin upp í fjórum liðum. Í 5. gr. tf.rg. er ákvæði um umsögn

¹¹⁰ 120. lögb. 1995, 154. mál, 184. frumvarp til laga um tæknifrjóvgun, almennar athugasemdir: VII. kafli.

fagaðila. Með lagabreytingum nr. 54/2008 var 4. mgr. 3. gr. bætt inn í tæknifrjóvgunarlögin sem veitti ráðherra heimild til að setja nánari reglur um framkvæmd, m.a. heimild eða skyldu til að leita umsagnar félagsráðgjafa eða annarra fagaðila og eftir atvikum barnaverndarnefndar um félagslegar aðstæður parsins eða konunnar sem vill gangast undir meðferð. Þetta ákvæði virðist helst til komið vegna þess að þessi lagabreyting hafði einnig í för með sér að einhleypar konur fengu leyfi til að gangast undir tæknifrjóvgun. Í athugasemdum við ákvæðið í frumvarpinu segir að mögulega kunni að vera frekari ástæður til að gera kröfur um umsagnarleit þegar í hlut á einhleyp kona þannig að fyrir liggi að hún geti tryggt barni sínu þroskavænleg uppeldisskilyrði.¹¹¹

Í 1. mgr. 5. gr. tf.rg. segir að ef læknir telji ástæðu til megi hann, með samþykki parsins eða konunnar, krefjast vottorða frá viðeigandi sérfræðingum um andlega og líkamlega heilsu þeirra. Þá má hann með sama hætti krefjast vottorða frá félagsráðgjafa eða öðrum sem veitt geta upplýsingar um félagslegar aðstæður parsins eða konunnar. Samþykki parið eða konan ekki framangreinda upplýsingaöflun er lækni heimilt að synja um tæknifrjóvgun. Samkvæmt 2. mgr. getur læknir leitað umsagnar barnaverndarnefndar telji hann leika vafa á að félagslegar aðstæður parsins eða konunnar til uppeldis barns séu nægilega góðar. Í 6. gr. tf. rg. er fjallað um ráðgjöf til pars eða konu sbr. 3. gr. laganna og í 7. gr. tæknifrjóvgun með gjafakynfrumum. Þá segir í 8. gr. tf.rg. að leita megi til landlæknis ef læknir synjar um tæknifrjóvgun og svo um kæruleiðir eftir það, alveg samanborið við 3. mgr. 3. gr. tfl.

Eins og sést bætir reglugerðin ekki miklu við lögin. Skilyrði heilsufars eru þau sömu, orðrétt, í reglugerðinni og í lögnum og engu er bætt við um aldur. Það er í raun einungis 5. gr. reglugerðarinnar sem bætir einhverju við framkvæmd skilyrða laganna sem snúa að kröfum til tilvonandi foreldra en sú grein á sér þó sterka stoð í lögnum. Lækni ber ekki skylda til að fá mat fagaðila heldur er það einungis gert í þeim tilvikum sem hann telur ástæðu til.

Í grein frá 2015 um tæknifrjóvgunarstöðina Art Medica, forvera Livio, er fjallað um skilyrði til tæknifrjóvgunar, þar sem sjónum er aðallega beint að einhleypum konum. Þar segir að til að hefja tæknifrjóvgunarmedferð þurfi að fara í gegnum skoðanir og viðtal þar sem veita þurfi upplýsingar um líkamlega og andlega heilsu sem og félagslegan bakgrunn. Í greininni segir læknir að síðustu ár hafi komið upp nokkur tilvik þar sem lækna Art Medica hafi hafnað meðferð vegna þess að kona vilji ekki veita upplýsingar um félagslegar aðstæður sínar líkt og lækna hafa rétt til að fá upplýsingar um skv. 5. gr. tf.rg. Þá er í meðferðinni farið í gegnum sögu kvennanna, hvort þær hafi verið í sambúð, reynt þungun eftir hefðbundnum leiðum eða

¹¹¹ Þskj. 992, 135. lögþ. 2007-8, bls. 8.

eigi börn fyrir. Spurt er hvort barnaverndarnefnd hafi þurft að hafa afskipti af málefnum kvennanna. Læknur ber að kanna bakgrunn vegna þess að verið er að beita læknisfræðinni til að stuðla að þungun.

Ef það er aftur á móti eitthvað í sambandi við félagslegar aðstæður konunnar sem myndi orka tvímælis, þá fáum við félagsráðgjafa til að kafa nánar ofan í það með leyfi konunnar. Ef hún hafnar því og vill ekki veita upplýsingar eða að málið verði skoðað nánar hjá viðkomandi aðilum, þá neitum við meðferð,“ útskýrir Þórður og segir að nokkrum sinnum hafi reynt á þetta hjá Art Medica.¹¹²

Þessi grein sýnir aðeins stöðuna út frá einhleypum konum, ekki pörum.

5.2.3 Breytingar á skilyrðum er snúa að aldri og heilsufari

Skilyrði 3. gr. um framkvæmd tæknifrjóvgunar eru talsvert frábrugðin þeim sem sett voru upphaflega. Hafa ber í huga að tfl. tóku fyrst gildi 1. júní 1996 en breytingin á 3. gr. kom inn með lögum nr. 54/2008, sem tóku gildi 7. júní 2008, þ.e. 12 árum eftir að lögin voru sett. Helstu breytingar með þeim lögum voru að einhleypum konum varð heimilt að gangast undir tæknifrjóvgunarmeðferð hér á landi með sömu skilyrðum og pör. Skilyrði um hámarksaldur konu við framkvæmd tæknifrjóvgunarmeðferðar var breytt svo ekki væri ákveðinn aldur notaður sem viðmið heldur yrði hvert tilfelli skoðað fyrir sig og metið hvort kona væri fær um að ganga með barn. Þá hefur 3. gr. einnig breyst, sem og lögin í heild, með tilliti til samkynhneigðra kvenna eða kvenna í samkynja sambúð eða hjónabandi. Fyrst með lögum nr. 65/2006 og svo aftur með lögum nr. 65/2010 þar sem staðfest samvist var felld úr gildi.

Varðandi skilyrði um aldur var b-liður 1. mgr. orðaður sem svo að aldur parsins mætti teljast eðlilegur, m.a. með tilliti til velferðar barnsins á uppvaxtarárum. Í athugasemdum með upphaflega frumvarpinu var fjallað um aldur verðandi foreldra og talið rétt að settar yrðu reglur til viðmiðunar um aldur umsækjenda, bæði lágmarksaldur og hámarksaldur, en að þær reglur verði ekki lögfestar.¹¹³ Reglurnar mátti finna í reglugerð nr. 568/1997 sem nú er brottfallin. Við setningu reglnanna voru skilyrði um aldursmörk umsækjenda um ættleiðingu höfð til hliðsjónar.¹¹⁴ C-liður 3. gr. var svohljóðandi:

Báðir aðilar skulu að jafnaði vera fullra 25 ára þegar meðferð hefst. Kona skal að jafnaði ekki vera eldri en 42ja ára þegar meðferð hefst. Heimilt er að víkja frá greindu aldursskilyrði konu þegar um er að ræða notkun geymnds fósturvísis, geymdrar eggfrumu eða gjafaeggfrumu. Kona

¹¹² „Art Medica hefur hafnað meðferðum“, <https://www.mbl.is/>.

¹¹³ 120. lögþ. 1995, 154. mál, 184. frumvarp til laga um tæknifrjóvgun, almennar athugasemdir: VIII. kafli.

¹¹⁴ 120. lögþ. 1995, 154. mál, 184. frumvarp til laga um tæknifrjóvgun, almennar athugasemdir: VIII. kafli.

skal þó aldrei vera eldri en 45 ára þegar settur er upp fösturvísir og eiginmaður eða sambýlismaður skal að jafnaði ekki vera eldri en 50 ára.

Rökin fyrir því að hafa hámarksaldur voru aðallega útskýrð sem svo að frjósemi kvenna minnkar verulega með aldrinum og varðandi karla að rétt væri að tryggja að barn nyti föðurs í uppvextinum. Þá segir í athugasemdum með upphaflega frumvarpinu að reglum um aldursmörk sé ekki ætlað að binda hendur lækni heldur vera honum til leiðbeiningar við ákvörðun um hvort tæknifrjóvgun skuli heimiluð.¹¹⁵

Einnig var að finna sambærilegt ákvæði og nú er í lögunum um að andleg og líkamleg heilsa og félagslegar aðstæður parsins væru góðar. Þá var það talið vera megin skilyrði fyrir tæknifrjóvgun að aðrar aðgerðir til að sigrast á ófrjósemi hefðu brugðist eða væru ekki tiltæknar.¹¹⁶ Það ákvæði var fellt brott með lögum nr. 54/2008, óhjákvæmilega vegna þeirrar breytingar sem var gerð með því að leyfa einhleypum konum og konum í samkynjasamböndum¹¹⁷ að gangast undir tæknifrjóvgun. Þetta skilyrði gat ekki átt við um þær aðstæður og ekki þótti rétt að láta strangara skilyrði gilda um gagnkynja pör.

Áður en 3. gr. tfl. var breytt gekk dómsmál, *Hérd. Rvk. 22. júní 2007 (E-5280/2006)*, sem sneri að aldri konu sem vildi fá aðstoð við að geta barn með tæknifrjóvgun. Læknir sem framkvæmdi tæknifrjóvgunina synjaði konunni vegna aldurs hennar og var úrskurðarnefnd honum sammála. Konan höfðaði þá mál gegn læknum fyrir héraðsdómi. Hún var 44 ára gömul þegar henni var synjað en undanþágan í 2. málslið c-liðar 3. gr. reglugerðar nr. 568/1997 sem heimilaði frávík frá 42 ára aldurssskilyrði átti ekki við um hana. Mörkin sem læknum bar að fylgja voru því að framkvæma ekki tæknifrjóvgun á konu eldri en 42 ára. Konan vildi meina að reglugerðin ætti ekki lagastoð en því var héraðsdómur ekki sammála. Læknisfræðilegar ástæður voru einnig ástæða synjunar læknisins, ekki einungis aldur hennar. Konan taldi að jafnræðisregla stjórnarskrárinnar væri brotin vegna þess greinamunar sem gerður var á aldri karla og kvenna í skilyrðum reglugerðarinnar. Héraðsdómur vísaði hins vegar til þess að almenn, hlutlæg og málefnaleg rök, sem m.a. mátti finna stoð í athugasemdum við frumvarp til laga um tæknifrjóvgun lægju til grundvallar þessum aldursmun og bryti ákvæðið því ekki í bága við jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar. Héraðsdómur sýknaði lækinn og sá ekki ástæðu til að efast um ákvörðun hans um synjunina.

Með núverandi 3. gr. tfrg. hefur verið vikið frá þessum aldurssskilyrðum og aldur konu metinn í hverju tilviki fyrir sig. Nú er talað um eðlilegan barneignaraldur og að kona hafi

¹¹⁵ 120. lögþ. 1995, 154. mál, 184. frumvarp til laga um tæknifrjóvgun, almennar athugasemdir: VIII. kafli.

¹¹⁶ 120. lögþ. 1995, 154. mál, 184. frumvarp til laga um tæknifrjóvgun, athugasemdir við ákvæði 3. gr.

¹¹⁷ Samkynhneigðum konum var leyft að gangast undir tæknifrjóvgun með lögum nr. 65/2006.

líkamlega burði og fullnægjandi heilsufar til þess að ganga í gegnum ferlið frá framkvæmd tæknifrjóvgunar og til fæðingar barns. Eins og fram hefur komið í þessari ritgerð hefur meðalaldur foreldra sem eignast sitt fyrsta barns hækkað talsvert. Því er ekki ólíklegt að fólk byrji tæknifrjóvgunarferli enn seinna en áður og eðlilegra að meta hvert einstaka tilvik fyrir sig án fasts viðmiðunaraldurs. Rök fyrir því að eðlilegra sé að meta aldur í hverju tilviki fyrir sig við tæknifrjóvgun en ekki í ættleiðingu er að tæknifrjóvgunarferlið tekur allt miklu styttri tíma. Sé fólk að nálgast það að falla utan við „eðlilegan barneignaraldur“ þegar það hyggst gangast undir tæknifrjóvgun líður mun styttri tími þar til barn verður til, ef allt gengur upp, heldur en við ættleiðingu þar sem ferlið tekur yfirleitt nokkur ár. Þar með er aldur fólks óljósari við lok ættleiðingar heldur en við lok tæknifrjóvgunar. Það gefur samt færi á matskenndari skoðun lækni en áður. Lögunum var breytt eftir áðurnefndan héraðsdóm frá 22. júní 2007 þó ekki sé að sjá, miðað við athugasemdir í frumvarpinu, að hann hafi haft bein áhrif á breytingu aldursskilyrðisins. Skilgreiningin á eðlilegum barneignaraldri kvenna er að jafnaði 46 ár, en afar sjaldgæft er að konur eignist börn á náttúrulegan hátt eftir þann aldur þó konur upp að fimmtugu eignist börn en talið er að hugtakið „eðlilegur barneignaaaldur“ verði þó tæplega teygt lengra en það með góðum rökum.¹¹⁸

Það að meta hvort kona sé á eðlilegum barneignaraldri og við fullnægjandi heilsu er að mestu leyti í höndum þess læknis sem framkvæmir meðferðina.

Mat á heilsufarslegum og öðrum aðstæðum er að mestu fært til meðhöndlandi læknis og þá gert ráð fyrir að læknirinn miði við almenn heilsufarsleg atriði sem talin eru valda áhættu fyrir móður eða barn eða þau bæði. Hér getur verið um að ræða atriði eins og aukna hættu á blóðsegamyndun, ýmsa alvarlega sjúkdóma, svo sem háþrýsting, sykursýki, hjarta- og æðasjúkdóma, nýrna-, lifrar- eða heilasjúkdóma, fíkisjúkdóma (þ.m.t. miklar reykingar) og verulega offitu.¹¹⁹

Þessi skilyrði er eingöngu að finna í frumvarpinu með lögunum og því ekki bindandi. Þau eru þó væntanlega leiðbeinandi fyrir lækna sem starfa við tæknifrjóvganir og þurfa að taka ákvörðun um að framkvæma tæknifrjóvgun. Þessir sjúkdómar sem eru taldir upp eru til þess fallnir að valda því að meðganga geti ekki gengið sem skyldi en ekki eru upptaldir sjúkdómar sem gætu hamlað uppeldi barns.

Helstu rökin vegna afnáms hámarksaldurs karla sem sett eru fram í frumvarpinu eru að engin lækisfræðileg rök liggi að baki 50 ára hámarkinu. Mikilvægt væri samt sem áður að líta til þess skilyrðis að foreldrar geti verið til staðar fyrir barnið þar til það nær þroska og sjálfræði.¹²⁰

¹¹⁸ Þskj. 992, 135. lögþ. 2007-8, bls. 6.

¹¹⁹ Þskj. 992, 135. lögþ. 2007-8, bls. 8.

¹²⁰ Þskj. 992, 135. lögþ. 2007-8, bls. 8.

5.2.4 Samanburður á tæknifrjógungun og ættleiðingu

Ef skoðaður er munur á þeim skilyrðum sem gerð eru til umsækjenda ættleiðinga og þeirra sem vilja gangast undir tæknifrjógungunarmeðferð má sjá að talsverður munur er á. Í fyrsta lagi hafa skilyrði til framkvæmdar tæknifrjógungunar verið uppfærð, sbr. 3. gr. tfl. og tf.rg. í kjölfarið á árunum 2008-2009. Skilyrði umsækjenda til ættleiðinga hafa ekki breyst frá því að reglugerð nr. 238/2005 var sett að einni breytingu undanskilinni er varðar aldur og forsamþykki við ákveðnar kringumstæður.¹²¹

5.2.4.1 Aldur

Ef bera á saman aldursskilyrði þá hefur skilyrðið um hámarks- og lágmarksaldur verið fellt úr gildi í tfl. og miðað við eðlilegan barneignaraldur. Í ætl. er lágmarkið skilgreint í 5. gr. eða 25 ára til að fá leyfi til að ættleiða með þeirri undanþágu að við sérstakar aðstæður má vera 20 ára að aldri. Hámarkið kemur fram í ætl.rg. en það er 45 ára nema einhverjar af undanþágunum eigi við. Þessi mörk eru þau sömu og giltu áður um tæknifrjógungun en hefur verið breytt og má því velja upp hvort endurskoða mætti reglur um há- og lágmarksaldur ættleiðenda í samræmi við rökin sem færð eru fyrir breytingum á tfl. Standa einhver rök á móti því að afnema lágmarksaldur í ætl.? Í raun ekki. Þau rök sem sett voru fram á sínum tíma við setningu ætl. voru þroski ættleiðenda við 25 ára aldur. Ekki voru færð nein rök fyrir því að afnema lágmarksaldur við breytingu á tfl. og í raun hvergi minnst á það í frumvarpinu.¹²² Í Svíþjóð er enginn lágmarksaldur, hvorki við ættleiðingar né tæknifrjógungun en frekari rök fyrir þeirri stefnu verða skoðuð síðar í ritgerðinni. Svo má velja upp kostum og göllum þess að hafa fastmótaðar eða matskenndar reglur. Eins og hvort betra sé að skilyrði líkt og aldursmörk ættu að koma fram í lögum, reglugerðum eða verklagsreglum.

Varðandi hámarksaldurinn eru mun fleiri álitamál sem koma til greina enda mun líklegra að reyni á þau takmörk, bæði við tæknifrjógunganir og ættleiðingar. Hafa ber í huga að aldursskilyrði í 11. gr. ætl.rg. eiga við þegar sótt er um forsamþykki og getur því aldur umsækjenda verið orðinn eitthvað hærri þegar ættleiðing á sér stað. Aftur á móti eru börn sem hafa verið ættleidd hingað til lands undanfarið ár ekki ungabörn heldur í flestum tilvikum eldri en tveggja ára gömul við komuna og því er aldursbil milli kjörforeldra og kjörbarns þ.a.l. yfirleitt minna. Líkt og skoðað var framar í ritgerðinni setja upprunaríkin einnig sín skilyrði um aldur sem umsækjendur þurfa að uppfylla. Þau skilyrði eru í grundvallaratriðum innan þess ramma sem ætl.rg. setur en veita ögn meira svigrúm, enda aldur kjörforeldra yfirleitt orðinn

¹²¹ 2. gr. reglugerðar um breytingu á reglugerð um ættleiðingar nr. 238/2005, nr. 996/2009.

¹²² Þskj. 992, 135. lögþ. 2007-8.

hærri við ættleiðingu í ríkinu en við forsamþykki hér á landi. Upprunaríkið Tékkland var sérstaklega skoðað þar sem flest ættleidd börn koma þaðan til Íslands undanfarin ár en þar eru ekki sérstök aldursskilyrði heldur miðað við svokallað náttúrulegt aldursbil milli foreldra og barns. Þau rök sem sett voru fram fyrir breytingu á hámarksaldri við tæknifrjóvgun voru helst þau að reglurnar væru ekki nógu sveigjanlegar og meta þyrfti hvert tilvik fyrir sig. Með þeirri þróun sem á sér stað með hækkandi barneignaraldri ætti eðlilegur barneignaraldur eða náttúrulegt aldursbil foreldra og barna kannski betur við sem aldursskilyrði ættleiðinga þó matskenndara sé.

5.2.4.2 Heilsufar

Varðandi heilsufar eru skilyrði við tæknifrjóvgun mun minni en sett eru fram í ætl.rgl. Aðeins er talað um líkamlega burði og fullnægjandi heilsufar konu sem undirgengst tæknifrjóvgunarmedferð og að hún geti gengið með og fætt barn. Ekki er minnst á heilsufar föðurs. Engin sérstök skilyrði eiga við eftir ferlið önnur en þau sem minnst er á í b-lið 1. mgr. 3. gr. tfl. um að barni skuli tryggð þroskavænleg uppeldisskilyrði. Í því hlýtur að felast að foreldrar barns séu heilsuhraustir bæði andlega og líkamlega og reiðubúnir að takast á við foreldrahlutverkið og það sem því fylgir.

Í frumvarpinu með lögum nr. 54/2008 eru nokkrir sjúkdómar taldir upp sem sjá má að ofan. Þetta eru aðallega sjúkdómar sem geta komið í veg fyrir eðlilega meðgöngu. Í ættleiðingarferli er ekki um að ræða meðgöngu en heilsufarsskilyrði sem þar eru upptalin í ætl.rg. eru mun strangari en í tfl. Rökin eru helst að kjörforeldrar þurfi almennt að hafa fulla heilsu og orku í uppeldið og að geta tekist á við hin ýmsu vandamál sem hugsanlega fylgja því að ættleiða barn, eins og vandamál með tengslamyndun og slíkt. Því eru þær kröfur um heilsufar sem gerðar eru í ætl.rg. til þess fallnar að kjörforeldrar geti sinnt ættleidda barninu á sem allra besta hátt. Ekki eru gerðar neinar kröfur í tfl. um að foreldrar hafi ekki fengið sjúkdóma eins og krabbamein líkt og gert er í ætl.rg. Svo lengi sem kona getur gengið með, fætt barn og séð fram á að það alist upp við þroskavænleg skilyrði eru ekki gerðar frekari kröfur um heilsufar hennar. Í ættleiðingarferlinu er heilsufar beggja aðila kannað með læknisskoðun en í tæknifrjóvgunarferlinu er heilsufar föður ekki skoðað sérstaklega. Þroskavænleg uppeldisskilyrði í heilsufarslegu samhengi snúa að því að að konan og maðurinn, eða að minnsta kosti annað þeirra, geti sinnt foreldrahlutverki sínu þar til barnið hefur náð þroska og sjálfræði.¹²³

¹²³ Þskj. 992, 135. lögþ. 2007-8, bls. 8.

5.2.4.3 Umsagnir og ráðgjöf

Varðandi umsagnir fagaðila þá er það skylda í ættleiðingarferli að hitta hina ýmsu aðila við undirbúning ættleiðingar, líkt og t.d. mæting í viðtal hjá ÍÆ við ættleiðingu erlendis frá, úttekt barnaverndarnefndar og skil á læknisvottorði. Þetta er allt óhjákvæmilegt í ferlinu. Við tæknifrjógvgun fer fram skoðun og viðtal hjá lækni tæknifrjógvgunarmeðferðarstöðvarinnar og aðeins ef læknirinn hefur einhverjar grunsemdir um frávík getur hann leitað til fagaðila. Það er ekki skylda allra sem gangast undir tæknifrjógvgun að gangast undir úttekt fagaðila eins og t.d. barnaverndarnefndar. Það myndi líklega skapa tímaþröng og aukna bið eftir meðferðum.

Aftur á móti er heilbrigðisstofnuninni skylt að veita konu eða pari upplýsingar um meðferðina sbr. 6. gr. tfl.rg. auk þess sem heilbrigðisstofnun skv. 3. gr. tfl. er skylt að bjóða þeim sem sækja um tæknifrjógvgunarmeðferð faglega ráðgjöf sérfræðinga, svo sem félagsráðgjafa eða sálfræðinga. Ekki er að finna sambærileg ákvæði um ráðgjöf í lögum um ættleiðingar. Einungis 2. mgr. 26. gr. ætl. að kjörforeldrar eigi rétt á ráðgjöf barnaverndarnefndar ef þörf er á þegar skýra skal barni frá því að það sé ættleitt. Íslensk ættleiðing sinnir ráðgefandi hlutverki á sviði ættleiðingarmála sem löggilt ættleiðingarfélag þegar um er að ræða ættleiðingu erlendis frá. Í reglugerð um ættleiðingarfélög nr. 453/2009 er í 2. mgr. 3. gr. talið eitt af hlutverkum löggilts ættleiðingarfélags að upplýsa væntanlega kjörforeldra um meginákvæði íslenskra og alþjóðlegra reglna um ættleiðingar á börnum milli landa. Félagið ber ábyrgð á að kjörforeldrar sækji námskeið sem vissulega mætti líta á sem einhvers konar ráðgjöf og ber öllum skylda að sækja það. Samkvæmt 9. gr. ætl.rg.fél. skal félagið sinna ráðgjafarþjónustu um ættleiðingar og veita félagsmönnum sínum þjónustu eftir að ættleiðing hefur verið veitt, sbr. 9. gr. c Haag-samningsins. Almennu ráðgjafahlutverki varðandi ættleiðingu ætti embætti Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu að sinna sem stjórnvald sem fer með málefni ættleiðinga hér á landi en ekki verður rætt hér um hversu ríka skyldu embættið telur sig bera að til þess.

5.2.4.4 Einhleypir

Líklega er aðeins skilyrðið um einhleypa sem hefur verið til meiri umfjöllunar þegar kemur að tæknifrjógvgunum en ættleiðingum. Í ætl. er aðeins að finna í 4. mgr. 2. gr. skilyrði um ættleiðingu einhleypa en þar segir að heimilt sé að leyfa einhleypum manni að ættleiða barn ef sérstaklega stendur á og ættleiðing er ótvírætt talin barninu til hagsbóta. Bæði konur og karlar mega ættleiða börn og hafa þó nokkrar konur ættleitt börn erlendis frá en enginn karl hefur enn

gert það.¹²⁴ Misjafnt er hvort upprunaríki leyfa ættleiðingar einhleypa eða ekki.¹²⁵ Tfl. var breytt með lögum nr. 54/2008 og þá var einhleypum konum veittur réttur til að gangast undir tæknifrjóvgun. Í frumvarpinu er talað um breytta samfélagsgerð og aðstæður kvenna hér á landi, breytingar á fjölskyldumynstri og fjölgun einhleypa almennt. Eins hafi, þegar lögin voru sett, tæknifrjóvganir einhleypa kvenna verið leyfðar í Finnlandi og Danmörku og vel þekkt að íslenskar og aðrar norrænar konur leituðu þangað til að gangast undir meðferð. Lagaleg staða einhleypa er góð hér á landi og ekki hefur verið sýnt fram á að það eitt að alast upp hjá einstæðu foreldri skaði hagsmuni barnsins. Sérstaða einhleypa kvenna sem eignast barn með tæknifrjóvgun er fyrst og fremst sú að þar með eru þær aðstæður búnar til meðvitað að barnið eigi einungis eitt skilgreint foreldri að lögum.¹²⁶ Þá vakna spurningar um rétt barna til að þekkja báða foreldra en út í þá sálma verður ekki farið nánar hér.

Í frumvarpinu eru athugasemdir með áðurnefndri 4. mgr. 2. gr. ætl. raktar en þar segir m.a. að gera verði þær kröfur til einhleypa umsækjanda, að sýnt sé fram á að þeir séu sérstaklega hæfir umfram aðra til að taka að sér barn vegna eiginleika sinna eða reynslu.¹²⁷ Tæknifrjóvgunarmeðferð einhleypa og heimild einhleypa einstaklinga til að ættleiða börn er eðlislík upp að tilteknu marki. Hafa ber þó í huga að heimild einhleypa einstaklinga til ættleiðinga er undantekningarheimild og eru bæði gerðar tiltölulega miklar kröfur til hins einhleypa og þess að ættleiðingin sé barninu ótvírætt til hagsbóta. Ættleiðing eigi aðeins að koma til greina sé umsækjandi á einhvern hátt hæfari heldur en þar eða hjón væru til að ala upp hið ættleidda barn.

Í álitum UA 3. ágúst 2000 (2435/1998) kvartaði A, einhleyp kona, yfir ákvörðun dóms- og kirkjumálaráðuneytisins um hafna umsókn hennar um viljrði til að ættleiða erlent barn. Var henni sýnjað á þeim grundvelli að ekki hefði verið sýnt fram á að hún væri sérstaklega hæf umfram aðra til að taka að sér erlent barn. Þegar úr þessu máli var leyst voru enn í gildi lög um ættleiðingar nr. 15/1978 en þar var ekki að finna ákvæði um að einhleypir mættu ættleiða aðeins hjón. Hins vegar tók Umboðsmaður Alþingis fram að hvorki ættleiðingarlög né sáttmáli Evrópuráðsins mæltu fyrir um sérstök skilyrði um persónulega kosti eða aðstæður umsækjanda um leyfi til ættleiðinga. Þeir yrðu þó að vera þeim kostum búnir að samrýmdist þeirri forsendu 2. gr. laganna að ættleiðing yrði barni til gagns. Með tilliti til orðalags og efnis 2. gr. taldi umboðsmaður ráðherra hafa svigrúm við mat á því hvort leyfi yrði veitt til ættleiðinga.

Vegna þessa og annarra annmarka á afgreiðslu málsins hjá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu í máli A beindi Umboðsmaður Alþingis þeim tilmælum til ráðuneytisins að taka beiðni hennar

¹²⁴ „Enginn einhleypur karlmaður hefur ættleitt“, <https://www.mbl.is/>.

¹²⁵ Vefsíða ÍÆ, <http://www.isadopt.is/is/lond>.

¹²⁶ Þskj. 992, 135. lögþ. 2007-8, bls. 4.

¹²⁷ Þskj. 992, 135. lögþ. 2007-8, bls. 3-4.

fyrir að nýju. Stuttu síðar öðluðust nógildandi ættleiðingarlög gildi og þar er að finna ákvæði um ættleiðingar einhleypra.

Við tæknifrjógungun tekur einhleyp kona þá meðvituðu ákvörðun að ala upp barnið sjálf, að uppfylltum skilyrðum, eftir hafa metið sínar aðstæður og hæfni sem uppalanda bæði með tilliti til líkamlegrar heilsu sinnar og félagslegrar og fjárhagslegrar stöðu.¹²⁸ Það er vissulega sambærileg ákvörðun þegar einhleyp kona ákveður að ættleiða barn en þar eru flókin skilyrði og ferli framundan en ekki má gleyma að ekki allar konur geta eða vilja ganga með börn og því mikilvægt að báðir möguleikar séu fyrir hendi.

5.3 Staðgöngumæðrun

5.3.1 *Almennt um staðgöngumæðrun*

Samkvæmt 4. mgr. 5. gr. tfl. er staðgöngumæðrun óheimil á Íslandi. Staðgöngumæðrun er skilgreind sem tæknifrjógungun framkvæmd á konu sem hyggst ganga með barn fyrir aðra konu og hefur fallist á það fyrir meðgönguna að láta barnið af hendi strax eftir fæðingu sbr. 7. mgr. 1. gr. tfl. Þó eru einnig dæmi um að samkynhneigðir eða einhleypir karlmenn nýti eða hafi áhuga á að nýta staðgöngumæðrun til barneigna.¹²⁹ Það er misjafnt eftir ríkjum heims hverjar reglur tengdar staðgöngumæðrun eru. Í sumum löndum er staðgöngumæðrun bönnuð með lögum en í öðrum er hún leyfð með misjöfnum skilyrðum. Á Íslandi hafa farið fram umræður um staðgöngumæðrun en vilji hefur verið til að festa reglur í lög og var frumvarp lagt fram árið 2015 en ekki náð í gegnum þingið.¹³⁰ Það er áhugavert að skoða þetta frumvarp en þar má finna nýjustu hugmyndir um hvernig setja má fram skilyrði sem verðandi foreldrar, sem ekki eignast barn með náttúrulegum hætti, þurfa að uppfylla.

Í þessum kafla verður frumvarpið skoðað út frá skilyrðum væntanlegra foreldra og borið saman við lög um ættleiðingar. Það eru mörg álitaefni sem varða staðgöngumæðrun og margir aðilar sem hafa hagsmuna að gæta. Til þess að þetta ferli gangi upp er mikilvægt að traust lagaumhverfi sé til staðar og ákvæði laganna nái til framkvæmdarinnar frá upphafi til enda.

5.3.2 *Meginefni frumvarpsins*

Markmið frumvarpsins er fyrst og fremst að tryggja hag barnsins sem fæðist, sjálfræði og velferð staðgöngumóðurinnar og fjölskyldu hennar og að lokum farsæla aðkomu hinna

¹²⁸ Þskj. 992, 135. lögþ. 2007-8, bls. 4-5.

¹²⁹ „Enginn einhleypur karlmaður hefur ættleitt“, <https://www.mbl.is/>.

¹³⁰ Þskj. 245, 145. lögþ. 2015-2016. Mál nr. 229, lagafrumvarp. Athuga að frumvarpið er endurflutt, var upphaflega flutt sem mál nr. 671 á 144. löggjafarþingi 2014–2015. Aðeins var lagt fram stjórnarfrumvarp. Mál nr. 229 fór í gegnum fyrstu umræðu á þingi en náði ekki lengra.

væntanlegu foreldra.¹³¹ Frumvarpinu sjálfu er skipt upp í átta kafla sem stefna að þessum markmiðum.

Staðgöngumæðrun mætti skv. frumvarpinu eingöngu fara fram í velgjörðarskyni, það er að segja með vilja staðgöngumóðurinnar og að hún þiggi engar frekari greiðslur umfram kostnað sem tengist ferlinu beint. Í 4. gr. frumvarpsins segir að ekki megi veita leyfi til staðgöngumæðrunar í velgjörðarskyni nema sýnt þyki eftir könnun á högum og aðstæðum staðgöngumóður og maka hennar og væntanlegra foreldra að andleg og líkamleg heilsa, fjárhagsstaða og félagslegar aðstæður þeirra allra séu góðar og ætla megi að barnið sem til verður muni búa við þroskavænleg uppeldisskilyrði. II. kafli frumvarpsins fjallar um skilyrði staðgöngumæðrunar í velgjörðarskyni bæði að því sem við kemur staðgöngumóðurinni, maka hennar og væntanlegum foreldrum.

Samkvæmt frumvarpinu væri það aðeins staðgöngumæðrun að fullu sem yrði leyfð hér á landi ef frumvarpið hefði orðið að lögum. Það þýðir að staðgöngumóðirin leggur ekki til sitt egg og barnið verður því aldrei líffræðilega skylt henni. Í 10. gr. kemur fram sú meginregla að kynfruma verði að koma frá allavega öðru tilvonandi foreldrinu, barnið yrði þá líffræðilega skylt þeim og það eykur einnig líkur á því að foreldrarnir standi við skuldbindingar sínar um að taka við barninu. Undantekning frá þessu samræmist 2. mgr. 5. gr. tæknifrjógungunarlaganna sem segir að einungis sé heimilt að nota gjafakynfrumu hjá einhleypum einstaklingi eða ef frjósemi annars væntanlegs foreldris er skert sem og ef líffræðilegar ástæður mæla með notkun gjafakynfrumu.¹³²

Frumvarpið er verulega ítarlegt og mikið lagt upp úr að hafa það skýrt og skilvirkt. Sérstakur starfshópur var skipaður til að semja frumvarpið og leitaðist hann við að láta lögin um staðgöngumæðrun falla sem best að íslensku lagaumhverfi. Það voru uppi hugmyndir um að gera staðgöngumæðrun að sérstakri tegund af ættleiðingu sem þótti við nánari skoðun ekki ganga upp. Grundvallarmunurinn á ættleiðingu og staðgöngumæðrun er sá að við ættleiðingu er reynt eftir öllum leiðum að gefa kynforeldrum tækifæri til að ala barn sitt upp og ástæða fjölskylduskipta er sú að verið er að búa barninu betri framtíð. Þegar um staðgöngumæðrun ræðir er markmiðið alltaf að barnið alist ekki upp hjá konunni sem gengur með það.¹³³

Í frumvarpinu segir einnig að ættleiðing sé ekki úrræði við ófrjósemi enda ekki gerð krafa um að væntanlegir kjörforeldrar geti ekki eignast barn án aðstoðar. Tæknifrjógungun er svo í eðli sínu annars konar úrræði við stofnun fjölskyldu en ættleiðing. Framförum á sviði læknavísinda

¹³¹ Þskj. 245, 145. lögþ. 2015-2016, bls. 25.

¹³² Þskj. 245, 145. lögþ. 2015-2016, bls. 61.

¹³³ Þskj. 245, 145. lögþ. 2015-2016, bls. 24.

hafa fylgt miklar framfarir á sviði tæknifrjógungunarmeðferða og er tilgangurinn einkum sá að hjálpa einstaklingum eða þörum að eignast barn.¹³⁴ Staðgöngumæðrun myndi henta þeim sem ekki geta gengist undir tæknifrjógungun en myndu, ólíkt ættleiðingu, eiga möguleika á að eignast sitt líffræðilega barn, að einhverju eða öllu leyti.

Kostirnir við að tengja lög um staðgöngumæðrun við lög um ættleiðingar þóttu nokkrir. Til dæmis er ættleiðing leið þar sem barn slítur tengsl við kynforeldra og ný lagaleg tengsl stofnast við kjörforeldra. Ættleiðing fer alltaf fram eftir fæðingu barns en það myndi virða rétt og sjálfræði staðgöngumóður, þ.e. yfirfærsla á foreldrastöðu til verðandi foreldra fer ekki fram fyrr en barnið er fætt. En á móti kemur að Haag-samningurinn gildir um ættleiðingar en erlendis hefur verið stefnan að láta hann einungis gilda um ættleiðingar og koma í veg fyrir að honum verði beitt um staðgöngumæðrun. Staðreyndin er að hér á landi fara langflestar frumættleiðingar fram sem ættleiðingar á milli landa en staðgöngumæðrun færi alfarið fram innanlands. Þessar tvær leiðir þóttu því ekki eiga heima saman í lögum.

Þá var skoðað hvort fella ætti ákvæði um staðgöngumæðrun undir lög um tæknifrjógungun og notkun kynfrumna og fósturvísa manna til stofnfrumurannsókna nr. 55/1996 (tæknifrjógungunarlög) eða barnalög nr. 76/2003 en hvorugt þótti ganga upp. Frumvarpið um staðgöngumæðrun var tilraun til að búa til nýja leið við stofnun fjölskyldu sem hvorki væri sérstakt tilvik ættleiðingar né útfærsla á tæknifrjógungun. Staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni var því framsett sem nokkurs konar millileið milli þeirra tveggja leiða sem hingað til hafa ráðið ferðinni þegar ófrjósemi er til staðar, tæknifrjógungun og ættleiðingar.¹³⁵

5.3.3 Samanburður á staðgöngumæðrun og ættleiðingu

Við gerð frumvarpsins var horft laga og reglna um ættleiðingar varðandi skilyrði sem staðgöngumóðir, maki hennar eftir atvikum, og væntanlegir foreldrar þyrftu að uppfylla. Skilyrði sem varða staðgöngumóður og maka hennar er að finna í 8. gr. frumvarpsins en þau verða ekki rakin frekar hér heldur horft til þeirra skilyrða sem væntanlegir foreldrar þurfa að uppfylla. Samkvæmt 3. tölulið. 1. mgr. 3. gr. eru væntanlegir foreldrar hjón, sambúðarfólk eða einstaklingar sem óska eftir leyfi nefndar um staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni til að taka við og annast barn sem tiltekin staðgöngumóðir elur og skuldbinda sig til að sækja um yfirfærslu á foreldrastöðu í samræmi við ákvæði barnalaga.

Í 4. gr. má finna svokallað grundvallarskilyrði um hagsmuni barnsins og að það alist upp við þroskvænleg uppeldisskilyrði þar sem væntanlegir foreldrar búi við góða andlega og

¹³⁴ Þskj. 245, 145. lögb. 2015-2016, bls. 23.

¹³⁵ Þskj. 245, 145. lögb. 2015-2016, bls. 25.

líkamlega heilsu og fjárhagsstaða og félagslegar aðstæður séu góðar. Skilyrði sem væntanlegir foreldrar þurfa auk þess að uppfylla eru útlistuð í 9. gr. Þar segir m.a. að hjón eða einstaklingar skuli standa saman að umsókn en einhleypir geti fengið leyfi ef sérstaklega stendur á og hagsmunir barns verði tryggðir. Væntanlegir foreldrar eigi að vera lögráða og hafa haft samfellda, löglega dvöl hér á landi í fimm ár fyrir umsókn. Samþykki þeirra skal liggja fyrir sem og skuldbinding um yfirfærslu á foreldrastöðu. Þá eru aldursskilyrði sett í ákvæði laganna en væntanlegir foreldrar skulu hafa náð 25 ára aldri og séu ekki eldri en 45 ára. Ekki skulu þeir eiga fyrir barn undir tveggja ára aldri. Að lokum er það skilyrði að væntanlegir foreldrar geti af læknisfræðilegum ástæðum ekki tekist á við það álag sem fylgir meðgöngu og fæðingu barns eða líffræðilegar ástæður útiloki meðgöngu.

Ef skilyrðin eru skoðuð í samhengi við ættleiðingar varðandi einhleypa er í báðum ákvæðum ætlast til að það sé í raun undantekning frá meginreglunni um að þar fái barn, barninu þarf í raun að vera enn betur búið hjá einhleypa einstaklingnum en ella væri.

Í 1. tölulið. 4. mgr. 9. gr. er talað um búsetutíma hér á landi í 5 ár en í ætl. er ekki minnst á slíkt, aðeins í tengslum við lögsögureglur enda er ákvæðið í staðgöngumæðrunarfrumvarpinu sett til að koma í veg fyrir að fólk leiti til Íslands eingöngu til að nýta sér staðgöngumæðrun og fara svo úr landi með barnið.¹³⁶ Foreldrarnir skuldbinda sig til að taka við barninu eftir á með yfirfærslu sem er ekki ósvipað og kjörforeldrar sem skuldbinda sig til að ættleiða barnið. Skuldbindingin er af siðferðislegum toga en ekki lagalegum og er sett til að koma í veg fyrir að þær aðstæður komi upp að enginn vilji annast barnið.¹³⁷ Aldurskilyrðin eru þau sömu og sett eru fram í ætl. og ætl.rg. en í frumvarpinu bæði sett inn í lögin. Talið er að sambærileg sjónarmið eigi við um aldur væntanlegra foreldra og kjörforeldra, t.d. um að eðlilegt aldursbil sé á milli þeirra og barnsins, þeir geti annast barnið fram á fullorðinsár og að barnið muni njóta tveggja hraustra foreldra í uppvextinum. Í tfl. er talað um eðlilegan barneignaraldur og er það metið í hverju tilviki fyrir sig enda gengur móðirin þá sjálf með barnið.¹³⁸ Tæknifrjóvgun og skilyrði aldurs er því að einhverju leyti matskenndara en í hinum tveimur tilvikunum.

Samkvæmt 4. tölulið 4. mgr. skulu væntanlegir foreldrar ekki eiga barn undir tveggja ára aldri og er það til að tryggja að þeir hafi nægjanlegt svigrúm til að veita barni sem fætt er af staðgöngumóður þroskavænlegt uppeldi. Í 2. mgr. 2. gr. ætl.rg. kemur fram að hafi umsækjendur þegar ættleitt erlent barn sé þeim heimilt að leggja fram beiðni um forsamþykki fyrir ættleiðingu annars erlends barns að liðnum sex mánuðum frá heimkomu barnsins. Það er

¹³⁶ Þskj. 245, 145. lögþ. 2015-2016, bls. 59.

¹³⁷ Þskj. 245, 145. lögþ. 2015-2016, bls. 59.

¹³⁸ Þskj. 245, 145. lögþ. 2015-2016, bls. 60.

sambærilegt norrænum reglum um ættleiðingar en tilgangur með slíkri reglu er að eðlilegt aldursbil myndist á milli systkina. Til að taka dæmi frá upprunaríki gerir Tékkland þá kröfu um að ættleidda barnið sé yngsta barnið á heimilinu.

Það skilyrði sem hins vegar er sérstakast og ekki er að finna, hvorki í lögum og reglum um ættleiðingar né tæknifrjóvgun, er skilyrðið í 5. tölulið 4. mgr. um ófrjósemi. Tilgangur skilyrðisins er að útloka staðgöngumæðrun fyrir hjón eða einstaklinga ef konan getur gengið með og fætt barn. Skilyrðið felur tvennt í sér. Annars vegar þegar læknisfræðilegar ástæður útiloka væntanlega foreldra frá barneignum en þá eru nefndar læknisfræðilegar ástæður tengdar heilsu konu. Til dæmis vandkvæði tengd legi konu, svo sem skortur á því eða vansköpun, endurtekin slæm útkoma úr þungunum og áhættusamir sjúkdómar á meðgögu. Hins vegar er um að ræða líffræðilegar ástæður sem útiloka meðgöngu væntanlegra foreldra en þá er átt við karlpör í hjónabandi eða sambúð og einhleypa karlmenn.¹³⁹

Í III. kafla frumvarpsins eru ákvæði um meðferð og úrlausn mála um staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni. Það þarf að skila umsókn til nefndar um staðgöngumæðrun og í 12. gr. eru talin upp gögn sem fylgja skulu umsókn. Til hliðsjónar var höfð 3. gr. ætl.rg og eru þetta sambærileg og eðlileg skilyrði þar sem um er að ræða verulega hagsmuni barns þó þau séu að einhverju leyti íþyngjandi fyrir væntanlega foreldra. Þá þarf að gefa nefndinni heimild til að skoða sakarvottorð og upplýsingar frá barnaverndarnefnd. Ekki er verið að tala um sérstakt mat barnaverndarnefndar eins og fer fram við feril til ættleiðingar heldur fyrst og fremst upplýsingar um hvort barnaverndarnefnd sjái nokkuð því til fyrirstöðu að viðkomandi aðilar fái leyfi til staðgöngumæðrunar. Þá með hliðsjón af því hvort, hvenær og með hvaða hætti umsækjendur hafi komið við sögu við meðferð barnaverndarmála.¹⁴⁰ Ferlið við staðgöngumæðrun er því ólíkt ættleiðingarferlinu að því leyti að barnaverndarnefnd fer ekki á staðinn og hittir, í raun tekur út, væntanlega foreldra og skoðar baksögu þeirra og heimilisaðstæður.

Samkvæmt 13. gr. frumvarpsins er ráðgjöf skylda og lögbundinn hluti af ferlinu. Áður en leyfi yrði veitt myndi umsækjendum vera skylt að sækja ráðgjöf þar sem veittar eru meðal annars ítarlegar upplýsingar um þau læknisfræðilegu, lögfræðilegu, siðferðilegu og félagslegu áhrif sem staðgöngumæðrun kann að hafa. Þá skulu umsækjendur jafnframt hitta ráðgjafa að lágmarki tvisvar á meðan á tæknifrjóvgunarmeðferð og meðgöngu staðgöngumóður stendur og einu sinni eftir fæðingu barns. Nánari útlistanir og útskýringar á mikilvægi og skipulagi ráðgjafarinnar má finna í frumvarpinu og vísast í það til glöggvunar.¹⁴¹ Fjallað var um ráðgjöf

¹³⁹ Þskj. 245, 145. lögþ. 2015-2016, bls. 61.

¹⁴⁰ Þskj. 245, 145. lögþ. 2015-2016, bls. 60-61.

¹⁴¹ Þskj. 245, 145. lögþ. 2015-2016, bls. 64-65.

í samanburðarkafli ættleiðingar og tæknifrjógungar og vísast til þeirrar umfjöllunar hér. Sjá má að ráðgjafarskyldan er lögfest og mun strangari í staðgöngumæðrafrumvarpinu en hinum tveimur lagabálkunum. Aftur má hafa það í huga að um hagsmuni fleiri er að ræða þegar kemur að staðgöngumæðruninni og auknari hætta á hverskonar misnotkun þegar að því ferli kemur en í hinu.

Telja má að ákvæði um skilyrði sem sett eru væntanlegum foreldrum séu nokkuð skýr, flest lögmælt í frumvarpinu um staðgöngumæðrun í velferðarskyni og mun ítarlegri lögfest skilyrði heldur en í ætl. Þó er margt sem gefur tilefni til frekari reglusetningar enda má finna í 37. gr. reglugerðarheimild ráðherra um nánari framkvæmd laganna. Skyld er að setja reglugerð um skilyrði sem umsækjendur þurfa að uppfylla skv. 4., 8. og 9. gr. sem og ráðgjöf skv. 13. gr. Sumt af þessu gefur tilefni til nánari umfjöllunar líkt og sjá má í athugasemdum um greinarnar. Spyrja má hvort ef orðið hefði af lögunum, og þar með reglugerðunum, hvort reglugerðin hefði staðið líkt og skilyrðin í tfl. og tfl.rg., alveg eins og í lögunum eða orðið nákvæmari útfærsla líkt og í ætl.rg.?

Þar sem skilyrðin eru ítarlega sett fram í lögunum ætti ekki að vera mikill vafi á lagastoðum reglugerðarinnar, þó svo það færi að sjálfsögðu eftir innihaldi, sem er í takt við nútímalagasetningu. Lögin geta staðið vel og reglugerðir til uppfyllingar þeim. Einhver bið verður á að lög um staðgöngumæðrun líti dagsins ljós ef af þeim verður en á meðan getur fólk sem glímir við ófrjósemi skoðað tæknifrjógungu og ættleiðingu sem leiðir til barneigna. Þá er einn möguleiki til, fósturkerfið og verða skilyrðin sem fólk þarf að uppfylla til að gerast fósturforeldrar, skoðuð í næsta kafla.

5.4 Fóstur

5.4.1 Almennt um fóstur

Samkvæmt 1. mgr. 65. gr. XII. kafla barnaverndarlaga nr. 80/2002 (bvl.) er fóstur það þegar barnaverndarnefnd felur sérstökum fósturforeldrum umsjá barns í a.m.k. þrjá mánuði. Fósturkerfið er í raun kerfi innan stærri kerfis, barnaverndarkerfisins.

Barn sem fer í fóstur getur bæði verið fóstað hjá vandalausum eða hjá ættingjum sínum. Samkvæmt 2. mgr. 65. gr. XII. kafla bvl. getur fóstur verið tvenns konar. Í fyrsta lagi er það tímabundið fóstur en þá fer barn á fósturheimili í afmarkaðan tíma á meðan reynt er að bæta aðstæður heima hjá foreldrum. Tímabundið fóstur á ekki að vara lengur en í tvö ár. Markmið tímabundsins fósturs er ávallt að barn snúi aftur heim til foreldra sinna. Líkt og segir einnig í 2. mgr. 3. gr. reglugerðar um fóstur nr. 804/2004 (fós.rg.) er markmið tímabundins fósturs að búa

barni tryggar uppeldisaðstæður þann tíma sem fóstri er ætlað að vara og skapa aðstæður til að veita barninu og foreldrum þess, þegar það á við, nauðsynlegan stuðning þannig að barnið muni geta snúið aftur til foreldra sinna. Í öðru lagi er varanlegt fóstur sem merkir að það haldist þar til forsjárskyldur falla niður samkvæmt lögum.¹⁴² Þá fara fósturforeldrar að jafnaði með forsjá yfir barninu nema annað þyki betur henta þörfum barns og hagsmunum að mati barnaverndarnefndar. Áður en gerður er samningur um varanlegt fóstur fer að jafnaði fram reynslufóstur skv. 5. mgr. 3. gr. fós. rg. sem á ekki að vara lengur en þrjá mánuði og aldrei lengur en ár. Markmiðið er að kanna hvort aðstæður á væntanlegu fósturheimili henti þörfum og hagsmunum barnsins til að alast þar upp. Líkt og sjá má í 4. mgr. 3. gr. fós. rg. skal barni komið fyrir í varanlegt fóstur þegar fyrirsjáanlegt er að ekki sé hægt að bæta aðstæður þess með öðrum hætti. Markmiðið er að tryggja til frambúðar umönnun, öryggi og stöðugleika í lífi barns innan fósturfjölskyldu.

Skilgreining varanlegs fósturs og sú hugmyndafræði er um margt svipuð ættleiðingu. Varanlegt fóstur er það úrræði sem næst kemst og er líkast ættleiðingu. Þó er talsverður munur á, t.d. hlyti fósturbarnið ekki arf eftir fósturforeldra ef svo bæri undir öfugt við ættleitt barn sem er alfarið lagalega séð barn kjörforeldra sinna, sjá 5. gr. erfðalaga nr. 8/1962. Þá hefur barnaverndarnefnd skv. 34. gr. fós. rg. eftirlit með barni í fóstri en ekki er um að ræða neitt eiginlegt eftirlit eftir að ættleiðing fer fram. Í fóstri er hægt að hætta við en við ættleiðingu er það ekki hægt.¹⁴³ Viðamesti munurinn er þó umgengnisréttur kynforeldra og nákominna ættingja við börn sem eru í fóstri sbr. 74. gr. bvl.

Í lögum, lögskýringargögnum og reglugerðum tengdum fóstri eru yfirleitt gerðar sömu grundvallarkröfur til fósturforeldra varðandi allar tegundir fósturs hvort sem um er að ræða tímabundið, varanlegt eða styrkt fóstur.

5.4.2 *Ættleiðingar fósturbarna*

Hvað varðar ættleiðingar fósturbarna undir 18 ára aldri gilda lög um ættleiðingar. Það þarf að skila inn gögnum frá barnaverndarnefnd varðandi ráðstöfun barns í fóstur til umsækjanda, það er samþykki kynforeldra fyrir ráðstöfun barns í fóstur, eða úrskurður/dómur um

¹⁴² Þá er þriðja skilgreining fósturs til skv. fós. rg. en það er styrkt fóstur. Það er þegar þörf er á sérstakri umönnun og þjálfun á fósturheimili í tiltekinn tíma vegna verulegs hegðunarerfiðleika barns, vegna geðrænna, tilfinningalegra og annarra vandamála og rétt þykir að vista það á fósturheimili fremur en stofnun skv. 79. gr. bvl. Markmið með styrktu fóstri er að barn njóti sérstakrar umönnunar svo þörfum þess verði mætt og það aðstoðað við að ná tökum á vandamálum sínum svo og að veita barninu og foreldrum þess þegar það á við nauðsynlegan stuðning þannig að barnið muni geta snúið aftur til foreldra sinna.

¹⁴³ Þóra Kristín Ásgeirsdóttir: *Hasim, götustrákur í Kalkútta og Reykjavík*. Saga Hasimns er algjört eindæmi. Nú er ekkert svigrúm eða undanskot í reglum um ættleiðingar en gangi fóstur ekki upp er möguleiki á að barn fari annað.

forsjársviptingu.¹⁴⁴ Þegar sótt er um ættleiðingu á fósturbarni skal í umsögn barnaverndarnefndar greina frá aðdraganda fósturráðstöfunarinnar og því hvernig til hefur tekist með fóstrið skv. 3. mgr. 15. gr. ætl.rg. auk þess sem kemur fram í upptalningu í 1. mgr. sömu greinar. Fósturforeldrar þurfa sem sagt að uppfylla þau skilyrði sem koma fram í ættleiðingarlögum og reglugerð um ættleiðingar.

En er raunhæft í öllum tilvikum að gera sömu kröfur til fósturforeldra og umsækjenda um forsamþykki til ættleiðingar á erlendu barni, til dæmis um skilyrði aldurs og heilsufars? Það er ólíklegt af ýmsum ástæðum. Fósturbarn gæti hafa dvalið um lengri tíma hjá fósturforeldrum, þeir elst frá því barnið kom í fóstur og þegar ættleiðing kemur upp, orðnir eldri en 45 ára. Eins gæti ástæða ættleiðingar fósturbarns verið tengt arfi. Til að taka dæmi gæti fósturforeldri verið með sjúkdóm sem myndi á endanum valda dauða þess og þar af leiðandi gætu skilyrði heilsufars skv. 9. gr. ætl.rg. ekki verið uppfyllt. Sé það eindregin ósk fósturforeldris að ættleiða fósturbarn sitt, til dæmis svo það geti arfleitt það, er erfitt að sjá ástæðu þess að umsókn um ættleiðingu yrði synjað.

5.4.3 Fósturforeldrar

Í 3. gr. 65. gr. bvl. segir meðal annars að barni skuli tryggður góður aðbúnaður hjá fósturforeldrum og þeir skuli sýna fósturbarni umhyggju og nærfærni og leitast við að efla andlegan og líkamlegan þroska þess. Samkvæmt 66. gr. sækja þeir sem hafa áhuga á að gerast fósturforeldrar um leyfi til Barnaverndarstofu sem veitir í framhaldi leyfi til að taka barn í fóstur. Bætt var inn í 2. mgr. 66. gr. með breytingarlögum nr. 80/2011 að fræðsla, almennar leiðbeiningar og annar almennur faglegur stuðning frá Barnaverndarstofu næði til bæði væntanlegra og starfandi fósturforeldra. Enda er mikilvægt að fá ekki bara fræðslu og aðstoð áður en af fóstri verður heldur líka á meðan því stendur. Í 3. mgr. 66. gr. er svo reglugerðarheimild um hæfi fólks til að taka börn í fóstur en nánari útfærslu má finna í fós.rg. Þrjár reglugerðarheimildir eru í lögunum. Fyrirnefnd í 66. gr., þá um framfærslu og um skiptingu kostnaðar vegna fósturs í 75. gr. og almenn heimild í 78. gr. um að nánari reglur um fóstur og framkvæmd ákvæða kafla XII komi fram í reglugerð.

II. kafli fós.rg. ber heitið *Leyfi til að taka barn í fóstur*. Þar segir í 5. gr. að þegar óskað er eftir að taka barn í fóstur skuli taka fram hvort óskað er eftir að taka barn í tímabundið fóstur, styrkt fóstur eða varanlegt fóstur. Það er algjör grundvallarmunur á þessum þremur tegundum eins og áður hefur verið fjallað um. Hér verður aðallega horft til skilyrðanna út frá varanlegu

¹⁴⁴ Vefsíða Sýslumanna, <https://www.syslumenn.is/thjonusta/fjolskyldumal/aettleiðingar>.

fóstri enda er það sambærilegast við ættleiðingu en sömu skilyrði eiga þó við um allar tegundir fósturs eins og áður kom fram. Almennar kröfur til fósturforeldra koma fram í 6. gr. og skv. 1. mgr. eru þær að fósturforeldrar skulu vera í stakk búnir til þess að veita barni trygga umönnun og öryggi og til að mæta þörfum barns sem búið hefur við ótryggar aðstæður eða átt við erfiðleika að etja. Fósturforeldrar þurfa að vera við góða almenna heilsu, búa við stöðugleika auk fjárhagslegs og félagslegs öryggis sem stuðlað getur að jákvæðum þroskamöguleikum barns. Ekki er skilyrði að umsækjandi sé í sambúð eða hjónabandi en hjón eða sambúðarfólk skulu sækja um leyfi saman, sbr. 2. mgr. Þá er þeim óheimilt að taka barn í fóstur sem brotið hafa gegn XXII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, um kynferðisbrot ef brot beindist gegn einstaklingi sem ekki hafði náð 18 ára aldri skv. 3. mgr. Þetta eru mjög eðlileg skilyrði enda mikilvægt að fólk sé vel í stakk búið til að taka á móti fósturbarni. Kröfur um að hafa ekki hlotið refsidóm sem dregur foreldrahæfni í efa, má einnig finna í reglugerð um ættleiðingar og í frumvarpinu um staðgöngumæðrun er vísað í XXII. kafla almennra hegningarlaga.

Af þeim lögum sem borin hafa verið saman hér í köflunum á undan er aðeins í þessum reglum sem það er ekki einhverskonar undanþága að vera einhleypur umsækjandi. Hér mætti ætla að það sé bæði til þess að taka tillit til tengsla sem eru þegar til staðar og til að fá fleiri fósturforeldra inn í kerfið en oft hefur verið skortur á þeim. Í hinum lögnum sem fjallað hefur verið um eru það fremur foreldrar sem þrá barn í líf sitt en varðandi fósturkerfið þá eru það börnin sem virkilega skortir heimili og einhvern sem kemur í foreldra stað. Það þurfa því að vera fósturforeldrar til staðar sem eru tilbúnir að taka á móti barni hvort sem er í lengri eða skemmri tíma.

Hvergi er minnst á samkynhneigða en það hefur ekki áhrif á fósturtöku hvort fólk sé samkynhneigt hvort sem það er einhleypur eða í samkynja sambandi. Að taka barn í fóstur, þá aðallega varanlegt fóstur, getur verið ein af fáum leiðum fyrir samkynhneigð pör að taka að sér barn. Ekki hefur mikið verið fjallað um samkynhneigða sem taka börn í fóstur utan við meistararitgerð í félagsráðgjöf¹⁴⁵ og lítillaga í fjölmiðlum. Líkt og áður hefur komið fram hefur ekkert barn verið ættleitt að utan til samkynhneigðra foreldra en hins vegar var fyrsta barnið ættleitt til samkynhneigðs pars innanlands fyrir ekki svo löngu síðan.¹⁴⁶

Í 7. gr. er upptalið það sem koma skal fram í umsókn um að taka barn í fóstur en það eru t.d. læknisvottorð, samþykki til öflunar upplýsinga úr sakaskráum umsækjenda og heimilismanna, umsagnir ættingja og vinnuveitanda og greinargerð umsækjanda um ástæður

¹⁴⁵ Guðrún Hrefna Sverrisdóttir: „Það besta sem hefur komið fyrir mig“.

¹⁴⁶ Sunna Valgerðardóttir: „Fyrsta samkynhneigða parið sem ættleiðir barn“, <https://www.visir.is/>.

Þess að óskað er leyfis til að taka barn í föstur. Þessi krafa um gögn er ekki svo ólík því sem krafist er að umsækjendur um ættleiðingu skili, sjá 3. gr. ætl.rg. Það sem helst ber á milli er c-liðurinn um samþykki til að sækja sakarvottorð heimilismeðlima og umsagnir ættingja og vinnuveitenda sem fylgiskjöl. Miðað við 15. gr. ætl.rg. koma slíkar umsagnir fram í athugun barnaverndarnefndar en í fós.rg. er ætlast til að umsækjendur útvegi og skili þessum umsögnum sjálfir. Auk þess að skila inn þessum gögnum skilar barnaverndarnefnd í heimilisumdæmi umsækjenda inn umsögn skv. 8. gr. fós.rg. þar sem helst kemur fram lýsing á heimilishögum, fjölskyldusögu, umhverfi og aðstæðum væntanlegra fösturforeldra, svo sem menntun, atvinnu, fjármálum, heilsufari og áhugamálum þeirra. Væntanlegum fösturforeldrum ber skylda til að sækja námskeið á vegum Barnaverndarstofu líkt og umsækjendum um ættleiðingu er skylt að gera þó svo námskeiðin verði að teljast gerólik. Markmið með fösturforeldranámskeiði er annars vegar að leggja mat á hæfni umsækjanda og hins vegar að veita umsækjanda nauðsynlega þjálfun og undirbúa hann undir hlutverk sitt.¹⁴⁷ Samkvæmt 10. gr. fer mat á hæfni væntanlegra fösturforeldra fram á námskeiðinu og mat er lagt á hæfni umsækjenda til:

- a. að annast og ala upp barn,
- b. að koma til móts við þarfir barns og taka á misfellum í þroskaferli barnsins,
- c. að styðja tengsl milli barnsins og fjölskyldu þess eftir því sem við á,
- d. að stuðla að því að barnið geti myndað traust, varanleg og þroskandi tengsl og
- e. samvinnu við barnaverndarnefnd, kynforeldra eftir því sem við á og aðra sem koma að umönnun barns.

Það fer í raun fram tvöfalt mat þó að hluta til sé verið að meta ólík atriði, annars vegar með umsögn barnaverndarnefndar sem og matið sem fram fer á námskeiðinu. Það er ítarlegra mat en við umsókn um ættleiðingu en ekki fer fram neitt hæfnismat á námskeiðum ÍÆ. Það verður þó að teljast nauðsynlegt að fösturforeldrar fái ítarlega fræðslu og aðstoð enda eru fösturbörn að koma úr erfiðum aðstæðum og gríðarlega mikilvægt að umönnunaraðilar geti sinnt þeim á sem allra bestan hátt. Þar að auki reynir sérstaklega á samstarf fösturforeldranna við barnaverndarnefnd og sem og við kynforeldra barnsins.

Barnaverndarnefnd velur fösturforeldra úr hópi þeirra sem hafa leyfi til að taka barn í föstur í samráði við Barnaverndarstofu skv. 76. gr. bvl. og 16. gr. fós.rg. Velja á fösturforeldra af kostgæfni og með tilliti til þarfa og hagsmuna barnsins sem á í hlut. Þá ber að tryggja stöðugleika í lífi barns og að röskun á högum þess verði sem minnst. Einnig skal taka tillit til sjónarmiða barnsins í samræmi við aldur þess og þroska.

¹⁴⁷ Vefsíða Barnaverndarstofu, <http://www.bvs.is/fagfolk/verkfaerakista-fosturforeldra/foster-pride/>.

5.4.4 Samanburður á föstri og ættleiðingu

Til að bera saman þau skilyrði sem helst eru til umfjöllunar í þessari ritgerð, þ.e. aldur og heilsufar umsækjenda þá koma hvergi fram nein skilyrði um aldur fösturforeldra. Færa má rök fyrir að miðað sé við þau lægri aldursmörk sem fram koma t.d. í ættleiðingarlögum og frumvarpinu um staðgöngumæðrun eða 25 ára aldurslágmark. Þá með sömu rökum og fram koma þar, að aðili skuli hafi öðlast ákveðinn þroska og lífsreynslu til þess að takast á við foreldrahlutverkið. Undantekningar ættu þá einnig að gilda ef um sérstakar aðstæður væri að ræða, að fólk yngra en 25 ára gæti gerst fösturforeldrar að öðrum skilyrðum uppfylltum. Eðlilegt er, einnig með svipuðum rökum og áður hafa komið fram um aldur t.d. fyrir í þessari ritgerð, að skilgreina ekki hámarksaldur í lögum heldur setja frekar í reglugerð. Það er þó heldur ekki gert í fós.rg. enda er aldursdreifing fösturbarna mjög mikil og eðlilegt að eldri fösturforeldrar taki á móti eldri börnum og öfugt. Þá er þó væntanlega hafður í huga sá eðlilegi líffræðilegi aldursmunur sem áður hefur verið fjallað um, sérstaklega þegar um varanlegt föstur er að ræða.

Í dómi Hæstaréttar frá 1. nóvember 2012 (nr. 313/2012) kom fram að sá sem vill taka barn í föstur þurfi að fullnægja almennum hæfisskilyrðum 66. gr. laga nr. 80/2002 hver svo sem tengsl við barnið séu. Niðurstaðan bendir sem sagt til þess að þó að um ættingjaföstur sé að ræða þurfi fösturforeldri að uppfylla hæfisskilyrðin. Málsatvik voru þau að föðuramma sótti um leyfi til að geta tekið sonarson sinn í föstur en hann hafði verið vistaður á heimili hennar af barnaverndarnefnd. Henni var synjað á grundvelli þess að hún uppfyllti ekki almennar kröfur auk þess sem hún hefði nóg á sinni könnu við uppeldi og aðstoð við sín eigin börn. Þá gerði Barnaverndarstofa einnig athugasemdir varðandi aldur konunnar með þeim rökum að líta bæri til aldurs umsækjanda með hliðsjón af aldri þess barns sem um ræðir, heilsufars og þeirrar staðreyndar að umönnun barnsins mun hvíla á umsækjanda að fullu. Í gögnum málsins kom einnig fram að litið hefði verið til þess að konan væri komin á þann aldur að það stangaðist á við það mikilvæga viðmið að a.m.k. annað fösturforeldra gæti vegna aldurs verið líffræðilegt foreldri barns, en stefnandi væri einstæð. Fram kemur að föðuramma var 49 ára þegar ákvörðunin var tekin en aldur drengsins kemur hvergi fram. Í niðurstöðu héraðsdóms segir að það sé vandséð að aldur stefnanda hafi út af fyrir sig getað haft mikla þýðingu fyrir getu hennar til að taka barn í föstur. Þar segir einnig að ætla verði að aldur hafi almennt þýðingu fyrir getu umsækjanda til að axla ábyrgð á uppeldi ungra fösturbarna. Það atriði skiptir þó meira máli þegar sótt er um varanlegt föstur. Niðurstaða málsins var sú að konan fékk ekki leyfi til að taka drenginn í föstur.

Varðandi heilsufar þá skal það vera almennt gott eins og fram hefur komið en væntanlegum fósturforeldrum ber einnig að skila inn læknisvottorði, svipað og þarf að skila við ættleiðingarumsókn. Það er þó hvergi nærri jafn ítarlegt.¹⁴⁸ Taldir eru upp 10 sjúkdómar eða líkamsástand sem umsækjendum ber að merkja við en það eru gula, sykursýki, lungnasjúkdómar, liðagigt, HIV-smit, hjarta- eða æðasjúkdómar, geðrænir sjúkdómar, sjúkdómar í taugakerfi, skjaldkirtilssjúkdómar eða áfengisvandamál. Beðið er um nánari skýringu ef viðkomandi hefur fengið sjúkdóm og gefið færi á að nefna ef aðrir langvinnir sjúkdómar hafa hrjáð viðkomandi. Ekki er minnst á fatlanir eða aðrar líkamlegar hamlanir. Hvergi er tekið fram að þessir sjúkdómar geti skert hæfni umsækjenda til að gerast fósturforeldrar líkt og fyrirvarinn er í sambærilegum upptalningum hvort sem er 9. gr. ætl.rg. eða staðlaða læknisvottorðinu sem fylgja skal um ættleiðingarumsókn. Læknir útfyllir bakhlið vottorðsins þar sem hann metur heilsufar umsækjenda á almennan hátt, t.d. hæð, þyngd, líkamsbyggingu og þess háttar. Kröfur um heilsufar umsækjenda virðast aðeins minni við fóstur en ættleiðingar þó svo að þær séu í raun umtalsverðar enda skal skila inn læknisvottorð og gangast undir læknisskoðun í báðum tilvikum. Bæði í ættleiðingarmálum sem og fósturmálum þekkist það að umsækjendum sé synjað vegna heilsufars. Nýlegt dæmi er mál Freyju Haraldsdóttur en henni var synjað um að gerast fósturforeldri á grundvelli þess að hún uppfyllti ekki þær almennu kröfur sem gerðar eru til fósturforeldra með hliðsjón af skilyrðum þeirra laga og reglna sem giltu um fóstur, sér í lagi þær almennu kröfur sem koma fram í 6. gr. fós.rg.

5.4.5 Mál Freyju Haraldsdóttur

Hér verður mál Freyju Haraldsdóttur, sem varðar áhuga hennar á að taka að sér fósturbarn, skoðað enda áhugavert í samhengi við heilsufarskröfur bæði tengt ættleiðingum og fóstri. Freyja sótti um að gerast fósturforeldri en Barnaverndarstofa synjaði beiðni hennar og í framhaldi fór Freyja lengra með málið. Fór mál hennar að endingu fyrir Hæstarétt þar sem Freyja hafði betur gegn Barnaverndarstofu. Líkt og sagði að framan var synjun stofnunarinnar byggð á grundvelli 6. gr. fós.rg., sem snýr að hæfi fósturforeldra. Talið var að hún gæti ekki mætt grunnþörfum barns vegna sjúkdóms síns. Freyja kærði synjunina til kærunefndar barnaverndarmála (nú úrskurðarnefndar velferðarmála). Freyja taldi að hún stæðist kröfur 6. gr. auk þess sem Barnaverndarstofa leyfði henni ekki að sitja námskeiðið Foster Pride en eina skilyrðið til að sitja það námskeið var samþykki barnaverndar í heimilisumdæmi sem Freyja

¹⁴⁸ Vefsíða Barnaverndarstofu, <http://www.bvs.is/media/skjol/file973.pdf>.

hafði fengið.¹⁴⁹ Barnaverndarstofa taldi hana ekki búa við góða almenna heilsu. Freyja er fædd með sjúkdóminn *Osteogenesis imperfecta* sem er sjaldgjæfur beinasjúkdómur sem lýsir sér með síendurteknum beinbrotum og er hún hreyfihömluð og bundin við hjólastól. Hún nýtir sér notendastýrðra persónulegra þjónustu (NPA) og var sú aðstoð ekki talin nægilega góð til að uppfylla skilyrði 6. gr. um stöðugleika og öryggi vegna starfsmannaveltu og vaktafyrirkomulags.

Freyja sagði í greinagerð vegna kærunnar að Barnaverndarstofa hefði mismunað henni á grundvelli fötlunar sinnar og í raun litið á fötlun hennar fram yfir styrkleika sem einstaklingur. Því hafnaði Barnaverndarstofa. Niðurstaða úrskurðarnefndar velferðarmála varð sú að staðfesta ákvörðun Barnaverndarstofu um að synja Freyju um leyfi til þess að gerast fósturforeldri. Héraðsdómur staðfesti ákvörðun úrskurðarnefndarinnar og sýknaði þ.a.l. Barnaverndarstofu. Landsréttur sneri niðurstöðu héraðsdóms hins vegar við og felldi ákvörðunina úr gildi. Hæstiréttur komst að sömu niðurstöðu og Landsréttur með *Hrd. 30. október. 2019 (21/2019)*. Hér verður greint frá nokkrum atriðum úr niðurstöðu Hæstaréttar:

Þegar Barnaverndarstofa tekur ákvörðun um að hvort aðili fái að gerast fósturforeldri er það matskennd stjórnvaldsákvörðun að vissu leyti. Matið verður að vera byggt á málefnalegum og lögmætum sjónarmiðum og í því felst meðal annars að gætt sé að réttindum þeim sem fötluðum og börnum eru tryggð með lögum. Mat Barnaverndarstofu er byggt á 6., 8. og 10. gr. fös.rg. og eftir atvikum öðrum sjónarmiðum. Hinn lögbundni umsagnaraðili, barnaverndarnefnd, skilaði jákvæðri umsögn þess efnis að Freyja gæti gerst fósturforeldri. Þótt umsagnir barnaverndarnefnda í málum af þessu tagi séu ekki bindandi fyrir áfrýjanda eru þær mikilvæg gögn í könnun á hæfni umsækjenda. Þegar Freyja sótti um kom fram á heimasíðu Barnaverndarstofu þar sem Foster Pride námskeiðið var kynnt að skilyrði til þátttöku á því væri að viðkomandi hefði samþykki barnaverndarnefndar í heimilisumdæminu sem fósturforeldri. Niðurstaða Hæstaréttar var því sú að Barnaverndarstofa hefði ekki mátt synja Freyju á þessu stigi málsins. Henni hefði átt að vera gefinn kostur á að sitja námskeiðið og hafi synjunin því verið í andstöðu við rannsóknarreglu 10. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Í dómi Landsréttar má finna önnur rök en koma fram í dómi Hæstaréttar sem snúa fremur að heilsufari Freyju og verða þau rök stuttlega skoðuð hér:

Í efnisgrein 25 kemur fram að þótt fatlaður einstaklingur þurfi aðstoð í formi sérstakrar þjónustu eða stuðnings, þar með talið notendastýrðra persónulega aðstoð, verður ekki af því

¹⁴⁹ Eftir mál Freyju segir nú á heimasíðu BVS að uppfylla þurfi þær almennu kröfur sem fram koma í 6. gr. fös.rg. auk þess að hafa fengið samþykki barnaverndarnefndar, <http://www.bvs.is/fagfolk/verkfaerakista-fosturforeldra/foster-pride/>.

dregin sú ályktun að hann sé ekki við góða almenna heilsu í skilningi 6. gr. reglugerðar nr. 804/2004.“ Í meginreglum um málefni fatlaðs fólks og í alþjóðasamningum ber að leitast við, eftir því sem kostur er, að meta almenna heilsu fatlaðs einstaklings án tillits til fötlunar hans. Landsréttur taldi úrskurðarnefndina hafa metið F út frá fötlun hennar en ekki út frá „góðri almennri heilsu“. Í efnisgrein 29 kemur fram að á Barnaverndarstofu hvíldi sú skylda við afgreiðslu á umsókn áfrýjanda um fósturleyfi að gæta þess að mismuna F ekki vegna fötlunar hennar, sbr. jafnræðisreglur stjórnarskrár og stjórnsýslulaga. Niðurstaða Landsréttar varð sú að F hefði verið mismunað vegna fötlunar. Barnaverndarstofa hefði átt að leyfa henni að sækja Foster Pride námskeiðið enda hefði þar farið fram nánara mat á henni sem umsækjanda.

Grundvallarpunkturinn sem leiða má af þessu máli er að sjúkdómar og/eða fötlun eru ekki það sama og heilsa. Það ætti að meta heilsufar út frá einstaklingnum en ekki fötlun hans. Fatlaður einstaklingur getur verið hraustur og staðist skilyrði og ekki skal taka fötlun sem heilsufarsvandamáli. Það má velta upp hvort og hvaða áhrif þessi dómur hefur á skilyrði í b-lið 2. mgr. 9. gr. í ætl.rg. en þar er tekið fram að fötlun eða hreyfihömlun umsækjanda geti leitt til synjunar á umsókn um ættleiðingu eða um forsamþykki til ættleiðingar á erlendu barni. Að minnsta kosti má draga þá ályktun að ekki ætti að synja umsækjanda sjálfkrafa vegna fötlunar eða hreyfihömlunar, a.m.k. ekki ef það eitt og sér telst ástæða synjunar.

6 Norrænn réttur

Til að átta sig betur á stöðu laga og reglna um ættleiðingar hér á landi og hvort þær séu í takt við tímann, er nærtækast að líta til hinna Norðurlandanna. Lagaumgjörð á Íslandi og Norðurlöndunum er oft sambærileg og gjarnan er horft til þeirra við lagasetningu hér á landi. Í þessum hluta ritgerðarinnar verður litið til þriggja Norðurlanda; Noregs, Svíþjóðar og Danmerkur. Fjallað verður um löggjöf og framkvæmd er varða ættleiðingar í hverju landi fyrir sig. Þá eru skilyrði sem gerð eru til umsækjenda um ættleiðingu skoðuð og sérstaklega horft til skilyrða um aldur og heilsufar.

6.1 Skilyrði aldurs og heilsufars fyrir breytingar

Í skýrslunni *Ættleiðingar á Íslandi* frá árinu 2011 er fjallað um stöðu ættleiðingarmála á Norðurlöndunum eins og hún var þá. Í skýrslunni var farið yfir aldur og heilsufar og verða niðurstöðurnar stuttlega dregnar saman hér. Í köflunum um löndin hér á eftir verður farið yfir helstu breytingar á reglum um aldur og heilsufar. Í dag hafa Noregur, Svíþjóð og Danmörk uppfært lög um ættleiðingar og því áhugavert að skoða hvaða breytingar hafa orðið á skilyrðum um aldur og heilsufar.

6.1.1 Aldur

Ákvæði um 25 ára lágmarksaldur mátti finna í lögum í Noregi, Svíþjóð og Danmörku en ákvæði um hámarksaldur mátti finna í reglugerðum eða leiðbeiningum, ekki í lögum. Í Noregi var miðað við að umsækjendur væru ekki eldri 45 ára þegar forsamþykki væri gefið út.

Í Svíþjóð var litið til aldurs við mat á hæfi, þ.e.a.s. ekki voru sérstök ákvæði um hámarksaldur í lögum. Miðað var við að umsækjendur væru 42 ára þegar forsamþykki væri gefið út og þar af leiðandi ekki eldri en 45 ára þegar kjörbarn væri komið til þeirra.

Í Danmörku var skilyrði um að aldursmunur umsækjanda og barns væri ekki meiri en 40 ár. Ef umsækjandi var undir 41 árs fékk hann almennt samþykki og mátti ættleiða barn á aldrinum 0-36 mánaða. Ef umsækjandi var orðinn 41 árs fékk hann leyfi til að ættleiða barn yfir eins árs. Ef umsækjandi var 42 ára þá væri ættleidda barnið eldri en tveggja ára og svo framvegis.¹⁵⁰

6.1.2 Heilsufar

Um heilsufar í Noregi var fjallað um í leiðbeiningum um ættleiðingar og gert ráð fyrir að umsækjendur væru við góða líkamlega og andlega heilsu. Meta skyldi áhrif sjúkdóma á

¹⁵⁰ Hrefna Friðriksdóttir: *Ættleiðingar á Íslandi*, bls. 79-82.

möguleika umsækjanda á að veita barni gott og öruggt uppeldi fram á fullorðinsár. Heildstætt mat fór fram á umsækjendum svo styrkleiki annars gat bætt upp frávik hjá hinum. Þá mátti gera ríkari kröfur til umsækjenda ef ættleiða átti systkini, eldri börn eða börn með sérþarfir.

Í Svíþjóð kom almennt fram um mat á heilbrigði og heilsufar í lögum og nánari umfjöllun mátti finna í handbók. Lögð var áhersla á að mat á heilsu og líkamlegu ástandi væri tengt við þarfir barnsins. Í handbókinni var ítarlega fjallað um kröfur til andlegrar og líkamlegrar heilsu og einnig lífstíls umsækjenda sem skipti máli við matið. Hver og einn umsækjandi þurfti að uppfylla skilyrði um heilsufar.

Í Danmörku mátti finna reglur um heilsufar í reglugerð. Skilyrði fyrir samþykki var að andleg og líkamleg heilsa kæmi ekki í veg fyrir að ættleiðing væri barni fyrir bestu. Þá fór fram einstaklingsbundið mat byggt á nánari reglum í leiðbeiningum þegar ættleiðingarferlið var komið lengra. Bæði voru reglur um heilsufar í leiðbeiningum um ættleiðingu sem og sérstökum leiðbeiningum um heilbrigði. Í leiðbeiningunum um heilbrigði kom fram að horft skyldi til heilsufars og hver þróun þessi yrði næstu 20 árin eða út uppvöxt barnsins. Leiðbeiningarnar um heilbrigði voru rýmri en eldri reglur um heilbrigði höfðu verið. Þar var fjallað um ýmsa sjúkdóma, áhrif þeirra um hæfi umsækjenda til að ættleiða og ýmsar nákvæmar leiðbeiningar. Heildstætt mat á báðum umsækjendum átti að fara fram og sérstaklega var fjallað um hvernig ástand annars gæti bætt upp ástand hins. Meginreglan var að báðir skyldu uppfylla kröfur um heilsufar. Ef annar var við góða heilsu gat það þó ekki bætt upp ef lífslíkur hins væru mjög skertar. Góð heilsa gat þó vegið upp á móti ákveðnum heilsubrestum hins.¹⁵¹

6.2 Noregur

6.2.1 Lög og reglur um ættleiðingar

Norsku ættleiðingarlögin (hér eftir N.ætl.), Lov om adopsjon (adopsjonsloven) tóku gildi 1. júlí 2018 og tóku þá við af ættleiðingarlögum nr. 8 frá 1986. Þá hafa tvær skýrslur um stöðu ættleiðingamála í Noregi komið út í tengslum við lagasetninguna, annars vegar NOU 2009:21 og síðan NOU 2014:9. Í kjölfarið af seinni skýrslunni var lagt fram frumvarp, Prop.88 L (2016–2017) og í framhaldinu voru nýju lögin samþykkt. Lögin eru ítarlegri og lengri en eldri lög. Tvær reglugerðir hafa verið settar, reglugerð um ættleiðingu (FOR-2018-06-22-959) sem tók gildi 1. júlí 2018, líkt og lögin og Vedtak om delegering av myndighet etter adopsjonsloven (FOR-2018-06-22-960) þar sem fram kemur að Barne-, ungdoms- og familieetaten (Bufetat) er

¹⁵¹ Hrefna Friðriksdóttir: *Ættleiðingar á Íslandi*, bls. 84-85.

miðstjórnarvald, skv. Haag-samningnum. Barne-, ungdoms- og familiedirektoratet (Bufdir) eru stjórnvaldið og sjá um ættleiðingarmál.¹⁵²

Áður voru lög in Noregi mjög svipuð og hér á landi, fátt í lögum en þeim mun meira í reglugerðunum. Ein af helstu niðurstöðum í NOU 2009:21 var að þáverandi lagaumgjörð væri brotin og óljós.¹⁵³ Fleiri niðurstöður þeirrar skýrslu voru t.d. að leggja bæri ríkari áherslu í lögnum sjálfum á að ættleiðing væri barni fyrir bestu, tryggja bæri að kröfur og skilyrði til væntanlegra kjörforeldra væri að finna með skýrari hætti í lögum eða reglugerð og samræma kröfur um ættleiðingar barna utan fjölskyldu, hvort sem um væri að ræða ættleiðingu innanlands eða erlendis frá. Einnig að setja þyrfti skýrari reglur um ættleiðingu barna með sérþarfir og fleiri tillögur að breytingum varðandi ferlið og yfirvöld í tengslum við það.¹⁵⁴ Ekki voru sett ný lög í kjölfarið af þessari skýrslu sem boðaði mjög róttækar breytingar á kerfinu.¹⁵⁵

Fimm árum síðar var aftur farið í undirbúningsvinnu fyrir ný ættleiðingarlög og kom sú skýrsla út 2014. Skýrslan er mikið til unnin eftir skýrslunni frá 2009.¹⁵⁶ Í NOU 2014:9 var viðmiðið að lög in pössuðu vel við þáverandi lög og framkvæmd en lagt til að skerpt yrði á atriðum sem talið var að til þyrfti. Lagt var upp með að hafa lög in sanngjörn.¹⁵⁷

Varðandi kröfur til kjörforeldra lagði nefndin það til í skýrslunni frá 2014 að áfram yrði gerð krafa um forsamþykki áður en alþjóðleg ættleiðing fer fram. Þá einnig að gerðar verði almennar kröfur til ættleiðenda og þær megi finna í sérstakri grein inni í lögnum. Í gömlu lögnum var einungis reglugerðarheimild fyrir skilyrðum og nefndin veltir upp hvort betra væri að hafa skilyrðin bundin í lög eða áfram í reglugerð.¹⁵⁸

6.2.2 Almenn skilyrði

Tilgangur laganna, skv. 1. gr. þeirra er að ættleidd börn fái öruggan uppvöxt þar sem komið sé á föstum lagalegum tengslum sem samsvarar tengslum milli barna og kynforeldra.

Í II. kafla er að finna almenn skilyrði til ættleiðingar og forsamþykkis til ættleiðingar. Nefndinni, sem skrifaði NOU 2014, reyndist erfitt að útbúa drög að frumvarpi sem fól í sér sérstaka eiginleika ýmissa gerða ættleiðingar án þess að reglurnar yrðu óþarflega ítarlegar og flóknar. Á sama tíma þyrfti að veita nauðsynlegar leiðbeiningar í lögnum svo þau væru

¹⁵² Vefsíða Bufdir, <https://www.bufdir.no/Adopsjon/>.

¹⁵³ *Forslag til ny adopsjonslov*, bls. 1.

¹⁵⁴ Hrefna Friðriksdóttir: *Ættleiðingar á Íslandi*, bls. 53-54.

¹⁵⁵ *Forslag til ny adopsjonslov*, bls. 1.

¹⁵⁶ NOU 2014:9, bls. 18-19.

¹⁵⁷ NOU 2014:9, bls. 18.

¹⁵⁸ NOU 2014:9, bls. 20.

tiltölulega tæmandi. Nefndin lagði því til að ákvæðin í kafla tvö veittu almenn skilyrði fyrir allar gerðir ættleiðinga.¹⁵⁹

Í fyrsta lagi á ættleiðing að vera barni fyrir bestu eins og segir í 4. gr. og vísast þar til Haagsáttmálans. Í 5. gr. er fjallað um almenn grundvallarskilyrði fyrir umsækjendum að ættleiðingu. Þar kemur fram í 1. mgr. að aðeins þeir sem veitt geti barni góða umönnun geti sótt um ættleiðingu eða forsamþykki. Leggja þarf fram tæmandi sakavottorð¹⁶⁰ skv. 2. mgr. Þá er í 3. mgr. reglugerðarheimild með upptalningu á því sem setja má í reglugerð en það eru meðal annars atriði varðandi málsmeðferð, nánari athugun á umsækjendum, nánar um forsamþykki og skilyrði. Einnig að setja megí skilyrði, til dæmis um aldur og heilsufar umsækjenda, fjármál þeirra, húsnæði, sambúð og undirbúningsnámskeið áður en ættleiðing fer fram. Í 6. gr. koma fram skilyrði um að fólk í sambúð og hjón megí ættleiða saman. Þá tekur 7. gr. til þeirra sem eru einhleypir og hyggja á ættleiðingu en þeir mega ættleiða ef þeir teljast færir til að sjá einir um barn. Þá segir einnig að hægt sé að setja sérstakar reglur um ættleiðingar einhleypra. Í 9. og 10. gr. er fjallað um samþykki til ættleiðingar, annars vegar barna og hins vegar foreldra. Síðasta almenna skilyrðið er að allur hagnaður af ættleiðingum er bannaður.

Nánari skilyrði má svo finna í reglugerð um ættleiðingar (hér eftir N.ætl.rg.). Reglugerðin tekur til ættleiðinga ungabarna innanlands og ættleiðinga frá útlöndum. Í fyrsta kafla er að finna sameiginlegar kröfur til umsækjenda að þessum tveimur tegundum ættleiðinga. Ákvæði 1. gr. N.ætl.rg. er í samræmi við 5. gr. Nætl. og krefst þess í fyrsta lagi að umsækjandi sé hæfur umönnunaraðili barns. Þá koma nokkur atriði til skoðunar við mat á því hvort umsækjandi sé hæfur til að ættleiða barn, þar á meðal persónuleiki, líkamleg og andleg heilsa umsækjanda, fjölskylduaðstæður fjárhagsstaða, húsnæði og almenn lífskjör fjölskyldunnar.

Í 2. mgr. 1. gr. er sambúðartíminn skilgreindur í amk. tvö ár hjá bæði hjónum og þörum. Í 3. mgr. er komið inn á nánari skilyrði varðandi einhleyppa en ef sú staða er uppi þá skal sérstaklega skoða hvort umsækjandi eigi í stöðugu og góðu sambandi við sína nánustu, bæði fjölskyldu og vini, og einnig hvort barnið eigi jafna möguleika á að umgangast aðila af báðum kynjum allan sinn uppvöxt. Í 4. mgr. er svo skilyrði um að sækí umsækjendur um að ættleiða barn frá útlöndum skuli þeir vera hæfir og hafa áhuga á að ættleiða eitt barn eða tvö (systkini) undir fimm ára aldri en þetta er í samræmi við 18. gr. N.ætl. Umsækjendur hafa samt val og

¹⁵⁹ Forslag til ny adopsjonslov, bls. 3.

¹⁶⁰ Vefsíða norsku lögreglunnar, <https://www.politiet.no/>. Það eru tvær tegundir sakarvottorða í Noregi. Í þessu tæmandi kemur allt fram, allur ferill. Í *utvidet* er bara nýjasta á ferlinum sem fram kemur. Hér er sem sagt beðið um þetta nákvæmara.

geta haft umsókn sína um ættleiðingu á einu barni og verða í framhaldi metnir með því skilyrði. Við mat á umsækjendum getur verið lögð áhersla á þekkingu og reynslu þeirra með börnum.

Samkvæmt 2. gr. N.ætl.rg. er skylt að sækja námskeið um ættleiðingar, svipað og námskeið sem er haldið hér á landi á vegum ÍÆ. Þá er í 3. gr. talið upp hvað það er sem þarf að fylgja með umsókn til ættleiðingar og verða að teljast mjög eðlileg fylgigögn og svipuð þeim sem fylgja með umsóknum héraðs. Samkvæmt 4. gr. er umsögn gerð af Barne-, ungdoms- og familieetatens regionkontor (Bufetat) sem virðist sambærileg umsögn barnaverndarnefndar hér á landi. Tekin eru viðtöl og umsögn skrifuð í framhaldi. Í 5. gr. kemur fram að Bufetat getur fengið frekari viðbótarupplýsingar frá umsækjendum sem og frá aðilum úr þeirra tengslaneti. Þá er umsækjendum skv. 6. gr. skylt að láta vita ef einhverjar breytingar verða á högum þeirra líkt og óléttu, tæknifrjógungunarmeðferð eða ef fósturbarn kemur inn á heimili þeirra. Einnig ef breyting verður á hjúskaparstöðu, veikindi verða, atvinnumissir, mikil breyting á fjárhag eða flutningar.

Í 2. kafla reglugerðarinnar er fjallað um ættleiðingar ungabarna innanlands en þar sem þær eru ekki ýkja margar í Noregi¹⁶¹ og þekkjast varla á Íslandi verður ekki farið nánar út í skilyrðin sem þar má finna þar sem gögn til samanburðar á aðstæðum landanna eru mjög takmörkuð.

Því verður 3. kafli fremur skoðaður betur en þar eru nánari reglur um börn sem ættleidd eru frá útlöndum. Samkvæmt 12. gr. verður forsamþykki aðeins veitt ef umsækjendur uppfylla almenn skilyrði ættleiðingar í 5. gr. N.ætl. og skilyrðin til að ættleiða barn frá útlöndum. Með forsamþykkinu þarf að fylgja hvort umsækjandi sækir um að ættleiða eitt barn eða systkini undir fimm ára aldri sem og frá hvaða landi hann vill ættleiða. Ekki er hægt að veita fyrirfram forsamþykki til að ættleiða barn eða börn með sérþarfir nema umsækjandi sé í tengslum við eitthvert ákveðið barn, sjá 15. gr. reglugerðarinnar. Í 13. gr. er talað um gildistíma forsamþykkisins sem er þrjú ár með möguleika á framlengingu í tvö ár til viðbótar.

Í 14. gr. er fjallað sérstaklega um samþykki ættleiðingar barns með sérþarfir eða barna sem þurfa sérstaka aðstoð. Ef umsækjanda er boðið að ættleiða barn sem er orðið eldra en fimm ára, fleiri en tvö systkini eða Barne-, ungdoms- og familiedirektoratet telur að barnið þurfi sérhæfða aðstoð þurfa Bufdir að fá álit og samþykki ráðgjafanefndar (16. gr.) og tryggja á allan hátt að ráðstöfunin sé barninu fyrir bestu. Sé samþykki fyrir hendi má ráðstöfun barns/barna til umsækjenda fara fram. Umsækjendur geta ekki bakkað út úr þessu sé samþykkið fyrir hendi. Þá er í 15. gr. fjallað um ættleiðingu barna frá útlöndum sem umsækjandi hefur tengsl við.

¹⁶¹ Forslag til nýrðar adopsjonslov, bls. 3.

Þetta er aðeins sérhæfðara en í íslensku reglunum. Hér á landi er ekki fyrirfram ákveðið hvort umsækjendur vilji ættleiða barn á ákveðnum aldri eða systkini, þ.e.a.s. það er ekki skilyrði sem nefnt er í íslensku reglugerðinni eða lögnum. Ekki er heldur að finna neitt í lögnum eða reglugerð um börn með sérþarfir.

6.2.3 Aldur

Þau aldurskilyrði sem koma fram í 8. gr. norsku laganna eru svipuð og í 5. gr. íslensku ættleiðingarlaganna. Lágmarksaldurinn er 25 ára en 20 ára er undantekning. Aðeins er hægt að veita undantekninguna um ættleiðingar á milli 20 og 25 ára ef sterk tengsl hafa myndast á milli umsækjanda og barns. Í tillögum nefndar, sem sjá má í frumvarpinu, er ekki talin ástæða til að afnema lægri aldursmörkin þar sem ættleiðing sé víðtæk ákvörðun sem krefjist sérstaklega mikils þroska þess sem ættleiðir. Undantekningin um 20 ára aldur ætti ávallt að vera túlkuð þröngt.¹⁶² Ekki eru nein skilyrði um hámarksaldur að finna í lögnum eða reglugerðinni.

Frekari skilyrði um aldur má sjá í leiðbeiningunum Rundskriv fra Barne- og likestillingsdepartementet, Q-2009-972 (N.RUND. um ætl.). Þar kemur fram að almennt sé miðað við að umsækjendur séu ekki eldri en 45 ára þegar forsamþykki er gefið út. Undanþágurnar eru t.d. ef ættleiða á annað barn mjög fljótlega, ættleiða á systkini barns sem fyrir er í fjölskyldunni og ef mikill aldursmunur er á umsækjendum, þ.e. annar talsvert eldri og hinn mun yngri. Sem sagt, sambærilegar undanþágur og eru settar fram í ætl.rg.

Þá er að finna umfjöllun um aldur í NOU 2014. Þar segir að í framkvæmd sé miðað við að umsækjendur séu ekki eldri en 45-46 ára þegar umsókn er lögð inn. Alltaf skuli leggja mat á aldur með tilliti til barnsins sem á að ættleiða en umsækjandi verður að geta verið til staðar fyrir barnið af fullum krafti a.m.k. næstu 15-20 ár.¹⁶³ Tilgangurinn með efra aldursmarki er ekki að útiloka ættleiðingarumsækjendur yfir 45 ára með sérstaklega góða líkamlega og andlega heilsu, og góða hæfni, að öðru leyti frá því að verða samþykktir sem foreldrar. Fram kemur að horfa þurfi til skilyrða upprunaríkjanna um aldur en flest gera aldurskröfur til erlendra umsækjenda, eins og fram kom í umfjöllun um aldur í ísleskum reglum hér framar í ritgerðinni. Það má þó hafa í huga að mörg lönd gera undantekningar frá aldurskröfum þegar t.d. eldri börn og börn sem þurfa sérstakan stuðning eru ættleidd.

Í NOU 2009 var gerð úttekt á aldri umsækjenda þar sem í ljós kom að Bufdir höfðu hafnað öllum umsóknum frá 2007-8 þar sem báðir umsækjendur voru eldri en 45 ára. Í NOU 2014 kemur fram að Bufdir úrskurðuðu í alls 11 málum á árunum 2012 og 2013 þar sem aldur var

¹⁶² Prop.88 L, Lov om adopsjon (adopsjonsloven) 2016–2017, bls. 48.

¹⁶³ NOU 2014:9, bls. 173-174.

eini afgerandi þátturinn í málinu. Í fjórum málum var synjun tekin til endurskoðunar en þar var aldur umsækjenda:

- 49 og 46 ár
- 49 og 35 ár
- 48 og 41 ár
- 48 og 43 ár

Í sjö málum var synjun staðfest en þar var aldur umsækjenda:

- 51 og 50 ár
- 48 og 43 ár
- 65 og 34 ár
- 51 og 47 ár
- 51 og 41 ár
- 50 og 43 ár
- 46 og 41 ár

Ein umsókn frá 2012 var samþykkt vegna sérstakra aðstæðna umsækjenda, sem taldar voru mjög góðar, en þau höfðu ættleitt barn fyrir sem gengið hafði einstaklega vel með. Í hinum málunum sem samþykkt voru af Bufdir var um samsett mat að ræða. Ýmsar ástæður, flestar heilsufarslegar, höfðu einnig spilað inn í höfnun sveitarfélaganna sem fóru með málið. Aldur hefði því ekki átt að hafa afgerandi áhrif á niðurstöðu málanna. Aldur og heilsa spila oft saman og hafa þeir þættir því sérstaklega mikil áhrif á matið þegar skoðaðir eru saman.¹⁶⁴

6.2.4 Heilsufar

Heilsufar er nefnt sem eitt af skilyrðum 5. gr. N.ætl. um það sem nánar má koma fram um í reglugerð. Í N.ætl.rg. kemur skilyrði um andlega og líkamlega heilsu fram í 1. gr. sem hluti af mati sem fram fer á umsækjendum. Í 3. gr. í upptalningu á umsóknargögnum er annars vegar krafa um að skila inn vottorði um heilsu og hins vegar læknisvottorði auk þess að veita samþykki fyrir öflun viðbótarupplýsinga um heilsufar, krefjist Bufdir þess.¹⁶⁵ Eru þetta sambærileg gögn og skila þarf inn af umsækjendum á Íslandi. Tilgangurinn með vottorðinu er að fá upplýsingar um líkamlega og andlega heilsu umsækjenda sem geta haft áhrif á daglegt líf nú eða til lengri tíma lítið. Haft er að leiðarljósi að umsækjendur muni geta séð um barnið allan uppvöxt þess.

¹⁶⁴ NOU 2014:9, bls. 174-175.

¹⁶⁵ Vefsíða Bufdir, https://www.bufdir.no/Adopsjon/Oversikt_over_skjemaer/.

Í N.RUND. um ætl.segir um heilsufar að umsækjendur skuli vera við góða líkamlega og andlega heilsu. Athuga þarf ef um sjúkdóm er að ræða hvort hann hafi áhrif á getu umsækjenda til að veita barni fulla umönnun og öryggi til lengri tíma litið. Hafi umsækjandi áður glímt við alvarleg veikindi en hlotið bata eftir meðferð, er mögulegt að þess sé krafist að hann hafi verið einkennalaus í einhvern tíma áður en umsókn um ættleiðingu verður samþykkt.

Þá segir að sumum líkamlegum sjúkdómum sé auðvelt að stjórna með lyfjum, sumum fylgi aukaverkanir og aðrir hefta starfsgetu einstaklinga. Sama á við um fatlanir, þó svo að fötlun eigi ein og sér ekki að leiða til synjunar við umsókn um ættleiðingu barns. Úrslitabáttur um hvort ofangreint hafi áhrif á hvort veita eigi samþykki, er hvort veikindi eða fötlun hafi áhrif á hæfni einstaklings til að hugsa um barn, bæði núna og til framtíðar. Þegar um andleg veikindi er að ræða þarf að tryggja að umsækjendur treysti sér til að sjá um barn auk þess að glíma við slík veikindi.

Ef umsækjandi glímir við sjúkdóm eða veikindi fer fram sérstakt mat. Sjúkdómur er viðtækt hugtak og getur þýtt margvíslegt í sambandi við heilsufar. Það sama gildir um fötlun. Ekki á sjálfkrafa að útiloka neinn sem er með sjúkdóm, fötlun eða hefur glímt við veikindi. Það má horfa til þess sé um þá að ræða að annar umsækjandi geti að nokkru leyti sinnt því sem hinn hefur ekki burði til vegna heilsufarsvanda.¹⁶⁶

6.3 Svíþjóð

6.3.1 Lög og reglur um ættleiðingar

Sænsk lög og reglur um ættleiðingar er að finna á mismunandi stöðum í lagasafninu. Ekki eru sérstök ættleiðingarlög en lög um ættleiðingar má finna í 4. kafla Förláðrabalken nr. 381 frá 1949 (hér eftir FB). Um alþjóðlega ættleiðingu gilda bæði alþjóðasamningar, sænsk og erlend lög. Til að meta hæfi umsækjenda er farið eftir lögum Socialtjänstlagen nr. 453 frá 2001 (hér eftir SoL). Um innlendar ættleiðingar gilda aðeins sænsk lög og er matið fyrst og fremst byggt á reglum úr FB. Mat á hæfi er því misjafnt eftir því hvort um er að ræða innlendar eða alþjóðlegar ættleiðingar. Hagsmunir barnsins ganga alltaf fram yfir allt annað eins og kemur fram í alþjóðasamningum sem og sænsku lögunum, bæði SoL og FB. Lengi vel var ekki skýrt sett fram í sænsku lögunum að það sem barninu er fyrir bestu skyldi alltaf ganga fremst en með nýjustu breytingum má sjá að það er komið inn í lögin á skýran og skilmerkilegan hátt.¹⁶⁷

¹⁶⁶ NOU 2014:9, bls. 176.

¹⁶⁷ Sænska handbókin um ættleiðingar, bls. 17.

Reglur um ættleiðingar voru nýlega uppfærðar í sænskum lögum og tóku breytingarnar gildi 1. september 2018. Með því að endurskrifa ákvæði um ættleiðingar inn í sænsk lög var megingilgangurinn að nútímavæða ákvæðin og með því efla rétt barna og gera málsmeðferðina skilvirkari og betri. Hagsmunir barnsins ganga framár öllu öðru í þessum málaflokki og var það haft að leiðarljósi í nýju lögunum. Réttur barnsins til samþykkis ættleiðingar og réttur þess til að vita um uppruna sinn voru atriði sem einnig þótti rétt að draga betur fram. Þá kom fram að reglur um ættleiðingar ættu að vera sveigjanlegri og hvert mál um sig skyldi fá einstaka umfjöllun. Lagt var til að ekki yrði lögfest aldurshámark, við heildarmat á hæfi ætti aldur að vera skoðað sem hluti af því, ekki sem sérstök ástæða.¹⁶⁸

Ættleiðingar í Svíþjóð eru bæði alþjóðlegar og innlendar, börn sem umsækjendur þekkja fyrir eða ekki. Yfirleitt fara alþjóðlegar ættleiðingar fram í gegnum ættleiðingarfélög en það er þó ekki algilt.¹⁶⁹

6.3.2 Almenn skilyrði

Við mat á umsækjendum um alþjóðlega ættleiðingu er í grunninn farið eftir því sem fram kemur í 12. gr. 6. kafla SoL og í framhaldi eftir 14. gr. SoL. Grundvallarskilyrði þess að ættleiða barn frá útlöndum er samþykki frá *socialnämnden* sem metur hæfi umsækjenda til þess að ættleiða barn. Í 12. gr. SoL segir að óheimilt sé að ættleiða barn frá útlöndum án leyfis frá *socialnämnden* og leyfið verður að vera komið áður en barnið fer frá upprunaríki sínu. Samkvæmt 3. mgr. 12. gr. framkvæmir *socialnämnden* heildarmat á hæfi umsækjenda og skal sérstaklega tekið tillit til fjögurra skilyrða í matinu. Í fyrsta lagi þekkingar og innsýnar umsækjenda þegar kemur að ættleiddum börnum og þörfum þeirra. Persónuleiki umsækjenda og félagsleg tengsl þeirra eru einnig skoðuð. Þá skiptir aldur og heilsa umsækjenda máli sem og stöðugleiki sambands, ef um er að ræða sambúðarfólk eða hjón. Þá er einnig skylda að sækja námskeið um ættleiðingar barna.¹⁷⁰

6.3.3 Aldur

Eins og áður hefur komið fram á hæfi umsækjenda til ættleiðingar að snúa að því að veita barni varanleg og sterk tengsl við kjörforeldra. Mat *socialnämnden* er í samræmi við það sem og getu umsækjenda á að bjóða upp á öruggt heimili, góða menntun o.s.frv. Þá eru persónuleg einkenni umsækjenda einnig skoðuð, félagslegt net, aldur og heilsufar. Aðeins er heimilt að ættleiða barn

¹⁶⁸ Prop. 2017/18:121, Modernare adoptionsregler, bls. 1.

¹⁶⁹ Sænska handbókin um ættleiðingar, bls. 19.

¹⁷⁰ Prop. 2017/18:121, Modernare adoptionsregler, bls. 39-40.

erlends frá fáist samþykki frá *socialnämnden*. Til að fá samþykki þarf að fara fram heildrænt hæfismat (s. *lämplighetsbedömning*).¹⁷¹

Í frumvarpinu er lagt til að 25 ára aldurslágmark verði lagt niður og þeir sem hafa náð 18 ára aldri megi ættleiða barn. Hins vegar snýr heildræna hæfismatið einnig að því að umsækjandi sé orðinn nægilega þroskaður og því líklega sjaldgjæft að umsækjandi sem er 18 ára, eða aðeins eldri en það, myndi fá samþykki til að ættleiða barn.¹⁷² Þetta er hluti af því að gera ættleiðingarreglurnar sveigjanlegri en áður. Í frumvarpinu er stuttur kafli sem skoðar rökin með og á móti því að afnema 25 ára aldurslágmark umsækjenda við ættleiðingu. Hér verður fjallað um helstu atriðin sem þar koma fram:

25 ára aldurslágmarkið var hluti af sænskum lögum frá árinu 1918. Ástæða þess var sú að ættleiðing gæti aðeins átt sér stað ef kona í hjónabandi gæti ekki eignast barn á náttúrulegan hátt hefði þá kost á að ættleiða barn sem getið væri utan hjónabands. Við 25 ára aldur þótti sem sagt talið ljóst að konan gæti ekki eignast barn af sjálfsdáðum. Aldursskilyrðin hafa áður verið til athugunar, t.d. þegar lögaldur var lækkaður í 20 ár árið 1969. Það hafa hins vegar verið veittar undanþágur, líkt og þegar fólki undir aldursmörkunum er með staðfestingu á því að geta ekki getið barn eða þegar ættleiða á barn til náinna ættingja. Svíar voru bundnir af *Europaráðskonventionen* sem áður sagði 21 ár í lágmark en 2008 var það lækkað niður í 18 ár. (samningurinn setur á bilinu 18-30 ára að lágmarki með möguleika á undanþágu, sjá 9. gr.). Haag-samningurinn gerir enga kröfu um lágmarksaldur umsækjenda að ættleiðingu.¹⁷³ Því er velt upp að halda ætti í 25 ára aldurslágmarkið en heimila undanþágur niður í 18 ára aldur, a.m.k. í tilvikum stjúpættleiðinga.

Ríkisstjórnin var ekki sammála þessu mati og vildi afnema öll aldurstakmörk með þeim rökum að það þyrftu að vera mjög ríkar kröfur fyrir því að halda í aldurstakmörkin, þau séu íþyngjandi og ekkert hefur fram komið sem gefi til kynna á nægilegan hátt að halda skuli í þau.¹⁷⁴ Almennt eru meiri kröfur settar á umsækjendur um ættleiðingu heldur en foreldra sem eignast börn á náttúrulegan hátt og þá aðallega vegna aðstæðna, bakgrunns og varnarleysis ættleiddu barnanna. Ríkisstjórnin telur að mat á þroska, þá í samhengi við aldur, eigi betur heima undir heildarmati um hæfi fremur en sérstakt aldursskilyrði, enda er heildarmat á hæfi ávallt framkvæmt við umsókn.¹⁷⁵

¹⁷¹ Prop. 2017/18:121, Modernare adoptionsregler, bls. 96.

¹⁷² Prop. 2017/18:121, Modernare adoptionsregler, bls. 41.

¹⁷³ Prop. 2017/18:121, Modernare adoptionsregler, bls. 89.

¹⁷⁴ Prop. 2017/18:121, Modernare adoptionsregler, bls. 89.

¹⁷⁵ Prop. 2017/18:121, Modernare adoptionsregler, bls. 89.

Næst er nefndur samanburður við tæknifrjógvgun. Þegar þau lög voru sett var íhugað að hafa 25 ára aldurstakmark í samræmi við ákvæði um ættleiðingar. Hins vegar þótti ljóst að yngra fólk en það hygðist nýta sér tæknifrjógvgunarmeðferðir og því var ákveðið að lögfesta ekkert aldurslágmark.¹⁷⁶

Tilgangur og vilji ríkisstjórnarinnar fyrir að afnema aldurstakmörk, sem þýðir í raun samt að það sé 18 ára aldurslágmark, er í samræmi við markmið laganna um að hvert ættleiðingarmál sé skoðað betur fyrir sig, að hvert mál sé í raun einstakt og fram fari sérstakt mat í hverju og einu máli. Ættleiðing á að vera barninu fyrir bestu í hverju einasta máli. Það ætti því við matið að horfa fyrst og fremst á aldursmun ættleiðenda og barnsins. Aldur ætti ekki að vera fyrirstaða séu líkur á að umsækjandi og barn henti hvort öðru, tengslasambandið ætti alltaf að vera í fyrirrúmi. Ekki eru taldar miklar líkur á að afnám aldurstakmarka muni auka umsóknir yngri einstaklinga til að ættleiða börn en það yrði að koma í ljós í hæfismatinu.

Í eldri lögum voru ekki ákvæði um efri aldursmörk. Það kom hins vegar fram í S.RÁÐ leiðbeiningunum frá 2008 að umsækjendur ættu að jafnaði ekki að vera eldri en 42 ára þegar sótt væri um forsamþykki. Lagt var til að efri aldursmörk væru 43 ár við umsókn. Forsamþykki gildir í 3 ár svo hugsunin var að umsækjendur yrðu ekki eldri en 45-46 ára við ættleiðingu barnsins.

Tillagan byggir á því að rétt sé að gera strangar kröfur til þeirra sem vilja ættleiða barn milli landa. Með hliðsjón af því sem barni er fyrir bestu verði m.a. að tryggja eftir fremsta megni að kjörforeldrar hafi fullan lífsþrótt og heilsu til að mæta sérstökum þörfum kjörbarnsins. Hærri aldur væntanlegra kjörforeldra dregur ennfremur úr líkum á því að kjörbarn njóti stuðnings annarra ættingja, svo sem ömmu og afa. Lögð er sérstök áhersla á að hér verði hagsmunir verðandi kjörbarns að ráða umfram hagsmuni þess sem óska þess að ættleiða barn.¹⁷⁷

Hugmyndin um að setja efri aldursmörk á einungis við um alþjóðlega ættleiðingu, ekki aðrar tegundir ættleiðinga. Ríkisstjórnin vill ekki hafa nein aldurstakmörk enda væri það ekki í samræmi við yfirlýst markmið um sérstakt mat í öllum einstökum tilvikum ættleiðingarmáls. Í handbók UNICEF um barnasáttmálann segir að aldurstakmörk við ættleiðingar geti hindrað takmarkið um að ættleiðing sé barni fyrir bestu.¹⁷⁸ Það má því sjá að viðhorf varðandi aldur umsækjenda í Svíþjóð hefur tekið umtalsverðum breytingum á fáum árum.

Skoðanir á aldri umsækjenda um ættleiðingar hafa tekið miklum breytingum síðan 1918. Nú til dags er hugsunin ekki lengur sú að til ættleiðingar komi þegar umsækjandi hefur náð

¹⁷⁶ Prop. 2017/18:121, Modernare adoptionsregler, bls. 89-90.

¹⁷⁷ Hrefna Friðriksdóttir: *Ættleiðingar á Íslandi*, bls. 81 og Sænska handbókin um ættleiðingar, bls 74.

¹⁷⁸ Prop. 2017/18:121, Modernare adoptionsregler, bls. 97.

þeim aldri að það sé ljóst að hann getur ekki eignast eigin börn. Nú er spurningin fyrst og fremst sú, á hvaða aldri umsækjandi teljist of gamall til að ættleiða. Ein ástæða til að íhuga aldur umsækjanda við ættleiðingu er að hann þarf styrk og sveigjanleika til að mæta þörfum ættleidda barnsins. Hins vegar, eins og sænsk stjórnvöld tjá sig um í athugasemdum með frumvarpinu, er breytileiki milli ólíkra einstaklinga mikill þegar kemur að svokölluðum líffræðilegum aldri. Í ljósi þessa ætti að horfa á aldur og heilsu í samhengi. Einnig þarf að taka tillit til þess að aldursskipulag fjölskyldna sem ættleiða sé ekki of frábrugðið aldursskipulagi annarra fjölskyldna. Fólki nú til dags verður foreldrar síðar í lífinu, foreldrar eru sem sagt almennt eldri en áður og aldursskipulag fjölskyldna breytt frá því sem áður var. Viðhorf samfélagsins til hentugs aldurs fyrir foreldra og ættleiðingu og aldurs foreldra með tilliti til hagsmuna barnsins breytist með tímanum. Það má bæta við að börnin sem nú eru ættleidd erlendis frá eru yfirleitt eldri en áður. Þannig að jafnvel þótt kjörforeldri sé eldra þegar barnið kemur í umsjón þess, er aldursbilið ekki endilega breiðara en áður var.¹⁷⁹ Hins vegar þegar eldri börn eru ættleidd eru meiri líkur á því að þau hafi búið við erfiðar aðstæður í lengri tíma, upplifað höfnun og aðskilnað sem krefst aukinnar hæfni og styrkleika frá kjörforeldrum til að takast á við slíkar aðstæður.¹⁸⁰

Ríkisstjórninni þykir ekki eðlilegt að lögfesta fyrirmæli sem segja fyrirfram að umsækjandi á ákveðnum aldri geti ekki mætt kröfum sem gerðar eru til hans, aðeins út af aldri. Ekki er um efri aldursmörk að ræða í sænskum lögum um tæknifrjóvganir, frekar en lægri, og er það nefnt í þessu samhengi. Ef aldurstakmörk eru ekki lögfest þar, af hverju þá frekar í ákvæðum um ættleiðingar?

Ríkisstjórnin telur að heildarmat byggt á aðstæðum í hverju tilviki sé meira í samræmi við kröfur Evrópusamningsins en almenn efri aldursmörk sbr. *dóm MDE, Schwizgebel gegn Sviss, 10. júní 2010 (25762/07)*.¹⁸¹

Þar voru málsatvik sú að einhleyp kona frá Sviss óskaði eftir að ættleiða barn en hún átti annað ættleitt barn fyrir. Henni var hafnað en hún var 46-48 ára gömul þegar málið var til meðferðar hjá stjórnvöldum og dómstólum. Hún byggði kæru sína til MDE á því að svissnesk stjórnvöld hefðu komið í veg fyrir að hún gæti ættleitt barn, á grundvelli þess að hún væri of gömul. Hún taldi það vera mismunun þar sem konur á hennar aldri gætu fætt börn og var kæran á grundvelli 14. gr. MSE með hliðsjón af 8. gr. samningsins. Niðurstaðan var að málsatvik tengdust ekki konum á aldri kæranda sem gætu eignast börn enda hefði ríkisvaldið ekkert með það að gera. Dómstóllinn taldi að hennar mál hefði ekki hlotið aðra málsmeðferð en konur í sambærilegri stöðu hefði hlotið. Stjórnvöld höfðu vísað til þess að aldursbilið milli konunnar og barnsins, sem hún hugðist ættleiða, væri of mikill og þar af leiðandi væru hagsmunir barnsins ekki lagðir til grundvallar.

¹⁷⁹ Prop. 2017/18:121, Modernare adoptionsregler, bls. 97-98.

¹⁸⁰ Sænska handbókin um ættleiðingar, bls. 74

¹⁸¹ Prop. 2017/18:121, Modernare adoptionsregler, bls. 98.

Í dómnum var því fremur horft til aldursbilsins milli umsækjanda og barnsins en aldurs umsækjanda. Heildarmatið var þó það sem hér réði niðurstöðunni. Niðurstaðan er sem sagt sú að ekki eru nein aldursmörk lögfest í sænskum ákvæðum um ættleiðingar.

6.3.4 Heilsufar

Um heilsufar er lítið sem ekkert fjallað í nýja frumvarpinu eða í lögnum. Aðeins að það sé hluti af heildarmati. Hins vegar er umfjöllun í sænsku handbókinni um ættleiðingar um andlega og líkamlega heilsu en hafa ber í huga að hún er frá 2014 og vísar þ.a.l. í eldri lög. Það er mikilvægt að báðir aðilar uppfylli skilyrði um heilsufar, ekki aðeins annar. Ólíkt því sem gildir um aldurinn, þar sem annar aðilinn getur verið aðeins eldri og hinn aðeins yngri en aldursmörk gefa til kynna, þá getur annar aðilinn ekki bætt upp fyrir heilsuleysi hins. Ekki er hægt að gera kröfu um fullkomið heilsufar en svo lengi sem sjúkdómur eða fötlun hefur ekki áhrif á foreldrahæfni ætti heilsufar ekki að vera hindrun.

Í handbókinni er sérstakur kafli um þýðingu lífsstíls hjá umsækjendum. Þar eru nefndir lífsstílsþættir eins og reykingar, offita, áfengisnotkun og streitueinkenni sem meta skal út frá heilsufarslegum sjónarmiðum. Þessir þættir geta haft áhrif á heildarmatið. Offita getur leitt til heilsufarsáhættu og verið merki um óheilbrigðan lífstíl, lélegt matarræði og kyrrsetulíf sem getur verið slæmt fyrir barn að alast upp í.

Þeir líkamlegu þættir sem eru líklegir til að hafa neikvæð áhrif á heildarmat eru t.d. hár aldur og sjúkdómar sem gætu skert foreldrahæfni í uppvesti barnsins. Þá getur líka þótt neikvætt sé umsækjandi á veikindabótum til langs tíma eða eigi sér sögu um slíkt. Ef fötlun umsækjanda krefst þess að hann þurfi á mikilli utanaðkomandi aðstoð að halda og það talið geta truflað tengslamyndun barns við hann er það líklegt til að hafa neikvæð áhrif á matið.

Varðandi andlega heilsu er talið að ættleidd börn þurfi sérstaklega á andlega heilsuhraustum foreldrum að halda þar sem fyrri aðstæður og upplifanir þeirra geta verið erfiðar. Kjörforeldrar þurfa að vera tilfinningalega til staðar og vera óhræddir við tilfinningar, bæði sínar eigin og barnsins og verið færir um að ræða þær. Það getur tekið tíma að tengjast ættleiddu barni og þurfa kjörforeldrar að vera móttækilegir fyrir merkjum barnsins. Í sumum tilvikum getur farið svo að barnið hafni kjörforeldrum sínum, báðum eða öðru, til að byrja með sem getur tekið verulega á andlega.¹⁸²

Þeir andlegu þættir sem eru líklegir til að hafa neikvæð áhrif á hæfisrmat eru t.d. andlegur óstöðugleiki, lágt sjálfsmat og langvarandi notkun þunglyndislyfja. Þá getur alvarleg

¹⁸² Sjá t.d. sögur kjörforeldra úr bókinni *Óskabörn* eftir Sigrúnu Maríu Kristinsdóttur.

taugasálfræðileg fötlun (s. *allvarlig neuropsykiatrisk funktionsnedsättning*) haft neikvæð áhrif sem og sjálfskaðandi hegðun og saga um ofbeldi. Foreldrahlutverkið verður sjálfkrafa erfiðara glími fólki við einhvers konar geðfötlun og getur slík röskun haft áhrif á getu aðila til að mæta þörfum ættleidds barns.

Það segir í heilsufarskafla handbókarinnar, að hvort sem um líkamlegt eða andlegt heilsufarsvandamál sé um að ræða, þá skuli leita til sérfræðinga til nánari skýringa. Það virðist vera línan í sænsku málunum að hvert mál sé skoðað vel fyrir sig og engin frávik skulu samstundis útiloka að ættleiðing sé möguleiki. Þá segir einnig að ef *socialnämnden* gefi út forsamþykki fyrir umsækjenda þrátt fyrir veikindi, veikindasögu, fötlun eða lífsstílhætti þurfi hann að vera viðbúinn því að upprunaríki muni ekki samþykkja umsókn hans vegna heilsufars.¹⁸³

Um heildarmatið kemur fram í 12. gr., 6. kafla SoL. Aðrir matskenndir þættir sem þarfnast skoðunar fyrir utan aldur er helst heilsufar sem ekki er hægt að meta með stöðluðum hætti. Líkt og hugmyndirnar um að meta aldurinn í hverju tilviki fyrir sig ætti að skoða heilsufar á sama hátt, sem hluta af heildarmati. Hér er hægt að hafa í huga að samningur Evrópuráðsins 2008 tilgreinir heilsufar en ekki aldur sem aðstæður sem þarf að taka sérstaklega tillit til.¹⁸⁴

Við heildarmat skulu persónulegir eiginleikar og aðstæður viðkomandi umsækjanda vera í forgrunni. Umsækjendur verða að geta tekist á við ættleitt barn og þá lífsreynslu sem það kann að hafa gengið í gegnum auk þess sem sífellt algengara verður að ættleidd börn séu með einhverjar sérþarfir eða fötlun. Heilsufar umsækjenda getur því haft sitthvað að segja um hvort samþykki verði veitt, það er stór og jafnvel afgerandi hluti af heildarmatinu.¹⁸⁵

6.4 Danmörk

6.4.1 Lög og reglur um ættleiðingar

Dönsku lögín um ættleiðingu (Lovbekendtgørelse 2018-08-03 nr. 1041 Adoptionsloven) (hér eftir D.ætl.) eru samsett úr upprunalegum lögum og breytingarlögum. Þetta tíðkast í Danmörku þegar lögum hefur verið breytt það oft að hagkvæmara er að skrifa allar breytingar inn í upprunalegu lögín og kallast það *lovbekendtgørelse*.¹⁸⁶ Þá hefur verið sett reglugerð um ættleiðingu eða Bekendtgørelse 2019-03-20 nr. 283 om adoption (hér eftir D.ætl.rg.). Vejledning 2019-07-10 nr. 9644 om adoption eru svo leiðbeiningar um ættleiðingu (hér eftir

¹⁸³ Sænska handbókin um ættleiðingar, bls. 80.

¹⁸⁴ Prop. 2017/18:121, Modernare adoptionsregler, bls. 99.

¹⁸⁵ Prop. 2017/18:121, Modernare adoptionsregler, bls. 100.

¹⁸⁶ Vefsíða Folketinget, <https://www.ft.dk/>.

leiðbeiningarnar).¹⁸⁷ Leiðbeiningarnar eru settar fram sem verkfæri fyrir starfsmenn sem sinna ættleiðingarmálum, sem sagt vinnu -eða verklagsreglur. Þar má hins vegar finna upplýsingar um flest allt sem við kemur ættleiðingum í Danmörku og getur nýst þeim vel sem eru að skoða þennan málaflokk.

Í 1. gr. D.ætl.rg. eru ýmis hugtök skýrð og þar á meðal mismunandi tegundir ættleiðinga. Hér, í samræmi við aðrar umfjallanir í ritgerðinni, verður helst horft á alþjóðlegar ættleiðingar sem er ættleiðing þar sem umsækjandi ættleiðir barn sem er búsett í öðru landi, eða barn sem er komið til Danmerkur í þeim tilgangi að verða ættleitt skv. 5. lið.

6.4.2 Almenn skilyrði

Það eru mismunandi reglur fyrir mismunandi tegundir ættleiðinga. Grundvallarskilyrði þeirra allra kemur þó fram í 2. gr. D.ætl., að ættleiðing skuli vera barninu fyrir bestu. Í leiðbeiningunum segir að yfirleitt sé erlend ættleiðing, ættleiðing þar sem umsækjandi þekkir ættleidda barnið ekki fyrir.

Skilyrði þess að ættleiða barn undir 18 ára frá útlöndum er að gerast ættleiðandi (d. *godkendes som adoptant*) skv. 4. gr. D. ætl. Samkvæmt 25. gr. D.ætl. er það *Adoptionssamráðed* sem sér um umsóknir þeirra sem vilja ættleiða barn frá útlöndum. Þá er þátttaka í undirbúningsnámskeiði einnig skilyrði líkt og sjá má í 25. gr. c. Í 5. kafla D.ætl.rg. er að finna ákvæði um að gerast ættleiðandi.

Samkvæmt 19. gr. D.ætl.rg. þarf umsækjandi um að gerast ættleiðandi, að uppfylla skilyrði sem fram koma í 20.-23. gr. sömu reglugerðar. Einhleypir mega ættleiða, sem og hjón og fólk í sambúð.

Samkvæmt 20. gr. D.ætl.rg. þurfa hjón eða sambúðarfólk að hafa búið saman í tvö og hálf ár þegar sótt er um. Það eru þó undantekningar á þessu, bæði ef annar umsækjandinn hefur áður verið samþykktur sem ættleiðandi sem og ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi.

Samkvæmt 22. gr. D.ætl.rg. er í fyrsta lagi skilyrði að líkamleg og andleg heilsa umsækjanda sé nægilega góð svo að hún standi ekki í vegi fyrir því að ættleiðingin sé barninu fyrir bestu. Í öðru lagi, að umsækjandi búi í tryggu húsnæði sem hentar barni. Í þriðja lagi, að umsækjandi sé fjárhagslega vel stæður. Í fjórða og síðasta lagi, að umsækjandi hafi ekki brotið af sér á þann hátt að það dragi í efa hæfi hans til að ættleiða barn. 23. gr. D.ætl.rg. endurtekur svo skilyrði laganna um skyldu þess að sitja námskeið um ættleiðingar.

¹⁸⁷ VEJL 2019-03-20 nr. 9267 eru upprunalegu leiðbeiningarnar en nr. 9644 er breytta útgáfan sem er í gildi núna.

Það eru fjórir fasar sem þarf að fara í gegnum til að ættleiða barn erlendis frá. Í fasa eitt móttækur *Familieretshuset* umsókn umsækjanda um að gerast ættleiðandi. Þar eru könnuð skilyrðin sem koma fram í 22. gr. D.ætl.rg. Í fasa tvö fer umsækjandi á námskeiðið um ættleiðingar. Í fasa þrjú fer fram persónulegt mat. Í fasa fjögur fer fram ráðgjöf, bæði áður og eftir að barnið er ættleitt.¹⁸⁸

Tilgangur fasaferlisins er að leiðbeina umsækjanda með ráðgjöf og setja þar með umsækjandann í forgrunni en hafa stjórnvöld í bakgrunni. Rannsóknarferlið er fyrst og fremst til að kanna hvort umsækjandi uppfylli skilyrði til að gerast ættleiðandi og hvort hann hafi nauðsynlega innsýn og skilning á stöðu ættleidds barns. Þá er ferlið einnig til að undirbúa hann fyrir þau vandamál sem kunna að koma upp.¹⁸⁹

Þeir sem ættleiða barn erlendis frá jafnt sem innan Danmerkur falla undir hefðbundið samþykki (d. *general godkendelse*). Þeir ættleiðendur hafa þá leyfi til að ættleiða barn á aldrinum 0-48 mánaða, sem er líkamlega og andlega heilbrigt og mun að öllum líkindum eiga venjulegt líf. Sé barnið með einhvers konar frávik fellur það utan við hefðbundna samþykkið og undir óhefðbundið (d. *utdvidet godkendelse*). Það gildir t.d. ef ættleidd eru systkini, börn með sérþarfir og eldri börn (þá eldri en 48 mánaða).

Umsækjendum er ekki hafnað þó þeir séu í tæknifrjóvgunarmedferð. Í fasa þrjú er þó möguleiki á synjun um ættleiðingarleyfi ef meðferð er enn í fullum gangi. Umsókn verður ekki hafnað af þeirri einu ástæðu að kona sé barnshafandi en það er þó ekki mælt með því.

6.4.3 Aldur

Ákvæði 21. gr. D.ætl.rg. er, samkvæmt leiðbeiningunum, túlkuð sem svo að aldursbil milli umsækjenda og barns verði aldrei meira en 42 ár og 364 dagar. Umsækjandi má sem sagt ekki vera orðin 43 ára ætli hann sér að sækja um hefðbundið samþykki. Sé umsækjandi orðinn 43 ára getur hann ekki ættleitt barn yngra en 12 mánaða, 44 ára umsækjandi fær ekki að ættleiða barn yngra en 24 mánaða o.s.frv. Tímamunkturinn við mat á aldri er þegar umsækjandi skilar inn umsókn til *Familieretshuset*. Aldursbil ættleiðanda og barns má aldrei fara yfir 47 ár en bilið getur t.d. orðið svo breitt ef forsamþykki er framlengt eins og sjá má í 24. gr. D.ætl.rg. Þá kemur fram í 4. gr. D.ætl. að lágmarksaldur umsækjanda um ættleiðingu sé 25 ár, undantekningin er 18 ár ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi.

Undanþágan í 2. mgr. 21. gr. í D.ætl.rg. segir að umsækjandi geti, innan hæfilegs tíma frá því að hafa ættleitt barn, sótt aftur um ættleiðingu annars barns. Í leiðbeiningunum er þessi

¹⁸⁸ Vefsíða *Familieretshuset*, <https://familieretshuset.dk> og 7. kafli dönsku leiðbeininganna.

¹⁸⁹ Dönsku leiðbeiningarnar, bls. 22.

hæfilegi tími, frá því barn er ættleitt og komið á heimilið og þar til umsókn er lögð inn, sagður vera í kringum eitt og hálft ár. Hins vegar má í fyrsta lagi sækja um að ættleiða annað barn eftir að ættleitt barn hefur verið hjá umsækjanda í sex mánuði sbr. 3 gr. D.ætl.rg. nema sérstakar aðstæður séu fyrir hendi.¹⁹⁰ Svo í rauninni er þetta bil í kringum eitt ár sem umsækjandi getur nýtt þessa undanþágu, sem verður að teljast eðlilegur tími, enda ekki mögulegt að veita of mikið svigrúm þegar fólk er í raun þegar „runnið út“ á aldurstakmarkinu. Ákvæðið veitir ættleiðanda ekki leyfi til að sækja um að ættleiða barn sem er yngra en ættleidda barnið sem er fyrir á heimilinu. Það er til þess að eðlilegt og náttúrulegt systkinaaldursbil sé á milli barnanna eða um það bil níu mánuðir.

Undanþága um aldur vegna sérstakra aðstæðna er í 2. mgr. 21. gr. í D.ætl.rg. Í leiðbeiningunum eru tekin nokkur dæmi um aðstæður sem gætu fallið undir undanþáguna, til dæmis ef um líffræðileg systkini er að ræða, þ.e. líffræðilegt systkini barns sem kjörforeldrar hafa þegar ættleitt. Þessi undanþága á einnig við þegar eldri börn og börn með sérþarfir eru ættleidd, að því tilskildu að umsækjendurnir þyki sérstaklega hæfir eða séu með reynslu sem nýtist slíku barni, t.d. með eigin börn, en það getur hjálpað til við að búa til öruggt ættleiðingarferli og í framhaldi heimili fyrir slíkt barn. Það er *adoptionsnævnet* sem metur hvert tilvik fyrir sig.¹⁹¹

6.4.4 Heilsufar

Samkvæmt 1. mgr. 22. gr. í D.ætl.rg. er það skilyrði til að gerast ættleiðandi, að líkamleg og andleg heilsa umsækjanda standi ekki í vegi þess að ættleiðing verði barninu fyrir bestu. Þetta á við um einstaklinginn, hvort sem sótt er um sem slíkur eða hluti af pari. Nánari útskýringu um heilsufar má finna í kafla 8.2.8 í leiðbeiningunum.¹⁹² Ef heilsufarsvandamál er til staðar ætti venjan að vera sú að með samþykki umsækjanda sé rætt við lækni hans og upplýsingar fengnar um greiningu, meðferð og batahorfur, og reynt að gera grein fyrir líklegri framvindu sjúkdómsins. Það á að fara fram sérstakt og einstaklingsbundið mat á heilsufari umsækjanda.

Við matið ætti að horfa til langtímaheilsu umsækjanda sem nær um það bil til uppvaxtar ættleidda barnsins. Það ætti að fela í sér mat á hættunni á dauða umsækjenda, þróun veikinda eða sjúkdóms sem getur haft áhrif á hæfni hans til að styðja við og ala upp barnið og hefur áhrif á samheldni og geðheilsu fjölskyldunnar í heild sinni. Ef umsækjandi þjáist af sjúkdómi sem hefur í för með sér aukna dánartíðni m.v. heilbrigða einstaklinga, næstu 15-20 árin mun

¹⁹⁰ Dönsku leiðbeiningarnar, bls. 26.

¹⁹¹ Dönsku leiðbeiningarnar, bls. 26-27.

¹⁹² Dönsku leiðbeiningarnar, bls. 28-29.

umsækjandi ekki fá leyfi til að ættleiða barn. Því eldri sem umsækjandi er því meiri líkur eru á höfnun vegna einhvers konar sjúkdómsástands.

Á meðal umsækjenda getur verið að finna einstaklinga með sjaldgæfa sjúkdóma sem ekki eru til áætlanir um framgöngu og horfur. Í þeim tilvikum metur sérfræðilæknir stöðuna.

Við mat á heilsufari skal skoða hvort umsækjandi þjáist af sjúkdómi þar sem verulegar líkur eru á streituvaldandi sjúkdóms- og meðferðarferli eða langvarandi sjúkrahúsinnlögn. Í slíkum tilvikum verður að meta áhrif sjúkdómsins á daglegt líf fjölskyldunnar og getu til að uppfylla þarfir barns um umhyggju, nærveru og áskoranir þess í uppvexti.

Það að annar umsækjanda af pari sé með sjúkdóm með aukinni dánartíðni hefur áhrif þó svo að hinn aðilinn sé heilbrigður. Það á að vera tryggt að barnið alist upp með báðum foreldrum sínum. Sé um einhleypan einstakling að ræða er matið strangara ef einhver vafi er til staðar.

Sú staðreynd að umsækjandi búi við langvarandi fötlun (d. *funktionsnedsættelse/handicap*) er í sjálfu sér ekki hindrun fyrir því að gerast ættleiðandi. Ákvörðun í slíkum tilvikum verður að byggjast á heildarmati þar sem byggt er á breiðari grunni en læknisfræðilegum eingöngu.

Þannig verður að gera heildarmat þar sem þættir á borð við erfðileikastig fötlunar eru skoðaðir, til dæmis hvort, að hvað miklu leyti og á hvaða hátt fötlunin hefur áhrif á hæfni umsækjanda til að geta verið foreldri barnsins og sinnt þörfum þess. Þá skiptir máli hversu mikil áhrif fötlun eða skerðing hefur á að umsækjandi geti sjálfur séð um barnið, mun makinn sjá meira um það eða jafnvel utanaðkomandi aðstoð. Mikilvægt er að skoða lífernir umsækjanda. Almennt er litið á það sem svo að báðir einstaklingar hafi nauðsynlega getu, bæði andlega og líkamlega, til að sjá um barnið og eiga í góðu sambandi við það. Umsækjendur geti þá saman mætt þörfum barns um umhyggju, umönnun, áskoranir og lífsreynslu.

Viss frávík í persónuleikamynstri (d. *personligheds mønstret*) umsækjanda geta haft veruleg áhrif á hæfni hans til að ala upp barn. Ef ekki er hægt að greina eða meta geðrænan vanda umsækjenda til að byrja með en uppi eru þó efasemdir um hæfni umsækjenda er hugsanlega framkvæmd sálfræðileg rannsókn í fasa þrjú.

Í fundargerð *adoptionsnævnet* frá árinu 2018 má finna nokkur dæmi varðandi heilsufar sem komið höfðu upp. Það sem kom til umræðu voru hækkaður blóðþrýstingur, krabbamein í kvenlíffærum og arfgengir sjúkdómar. Ekkert af þessu leiðir sjálfkrafa til synjunar á umsókn um ættleiðingu en ef eitthvað af þessum heilsufarsvandamálum er til staðar leiðir það til nánari skoðunar hjá viðkomandi umsækjanda. Hækkaður blóðþrýstingur ætti ekki að vera vandamál nema hann sé vísbending um frekari veikindi og í þeim tilvikum væri meginreglan að synja umsókn. Varðandi krabbamein í kvenlíffærum er nauðsynlegt að skoða hvar krabbabæinið

kemur fram og hver líkleg framvinda meinsins er. Ef um arfgengan sjúkdóm er að ræða, oftast koma upp dæmi um arfgeng krabbamein, t.d. brjóstakrabbamein eða krabbamein í eggjastokkum, fer fram einstaklingsbundið mat. Aðeins fer fram mat ef sjúkdómur hefur verið greindur. Ofþyngd var einnig tekin sem dæmi en þar er hámarksþyngd 33 kg/m² á BMI skalanum en sé þyngdin yfir 38 hjá körlum og 40 hjá konum leiðir það til synjunnar.¹⁹³

6.5 Skilyrði aldurs og heilsufars eftir breytingar

Í kafla 6.1 voru skilyrði aldurs og heilsufars í Noregi, Svíþjóð og Danmörku skoðuð eins og þau voru þegar skýrslan *Ættleiðingar á Íslandi* kom út árið 2011. Hér verða helstu breytingarnar dregnar saman.

6.5.1 Aldur

Í Noregi er 25 ára aldurslágmark enn í lögum. Ekki er aldurshámark í lögum heldur kemur það fram í N.RUND. um ætl. að miðað sé við 45 ára aldurshámark. Líkt og í dæmunum sem eru tekin um aldur sést að samþykki er gefið þó að annar aðili sé yfir 45 ára og í einu sérstöku tilviki þar sem báðir aðilar eru eldri en 45 ára. Aldursskilyrðin eru því sömu og voru fyrir breytingarnar.

Í Svíþjóð er mikil áhersla lögð á heildarmat og að hvert ættleiðingarmál sé einstakt. Því var ákvæði um lágmarksaldur afnumið eftir að ný lög tóku gildi og aldurshámark má heldur ekki finna í lögum. Aldur er einungis einn þáttur sem tekinn er til skoðunar við heildarmat umsækjenda. Aldursbil kjörforeldra og barns og eðlilegur fjölskyldualdur skiptir meira máli en að hafa lág-eða hámarksaldur lögfestan. Það er því breyting frá því sem áður þar sem bæði skilyrðin mátti finna í lögum eða leiðbeiningum en eru nú alfarið matskenndur hluti af heildarmati.

Í Danmörku er aldursbil umsækjenda og barns notað sem viðmið eftir lagabreytingu eins og var. Aldursbilið hefur hins vegar breikkað, nú er viðmiðið 42 ár og 364 dagar sem áður var 40 ár. Bilið verður aldrei breiðara en 47 ár. Þá er aldursbil barns, sem er ættleitt til umsækjanda sem hefur almennt samþykki, 0-48 mánaða í stað 0-36 mánaða sem áður var. Lögfestur er 25 ára lágmarksaldur umsækjenda. Reglur um aldur í Danmörku hafa því rýmkað talsvert með lagabreytingunum.

¹⁹³ Fundargerð *adoptionsnævnet* 2018, bls. 9.

6.5.2 Heilsufar

Varðandi heilsufar í Noregi er mikilvægt að umsækjandi muni geta verið til staðar fyrir barnið í uppvexti þess. Umsækjandi þarf að vera við góða andlega og líkamlega heilsu og má heilsufar ekki hafa áhrif á getu hans til að veita barni fulla umönnun og öryggi til lengri tíma litið. Sérstakt mat fer fram ef umsækjandi glímir við sjúkdóm, veikindi eða fötlun en ekkert af þessu leiðir sjálfkrafa til synjunar á umsókn um ættleiðingu. Ef slík umsókn berst í Noregi fer fram sérstakt mat. Líkt og áður var getur annar umsækjandinn bætt upp frávik hins heilsufarslega séð.

Heilsufar er líkt og aldur einnig hluti af heildarmati í Svíþjóð. Þar verða báðir aðilar að vera við góða heilsu, annar getur ekki bætt upp fyrir heilsuleysi hins. Líkt og var, má finna nánari útlistun á heilsufarsskilyrðum í handbók.

Skilyrði heilsufars í Danmörku eru nokkuð sambærileg því sem áður var, mat á heilsufari er einstaklingsbundið og horft er til langtímaheilsu umsækjanda. Heilsufar má ekki koma í veg fyrir að ættleidda barnið alist upp við bestu mögulegu aðstæður. Annar umsækjenda getur að einhverju leyti bætt upp heilsu hins, þó ekki ef hinn er með sjúkdóm sem hefur háa dánartíðni. Almennt skulu báðir umsækjendur þó geta sinnt barninu af fullri getu. Ávallt á að fara fram einstaklingsbundið mat glími umsækjandi við sjúkdóma eða fötlun og horfa til langtímaheilsu viðkomandi, að hún sé góð í gegnum uppvaxtarár barnsins. Miðað er við að heilsa haldist góð að minnsta kosti næstu 15-20 árin. Eldri umsækjandi sem glímir við einhvern sjúkdóm er líklegri til að fá höfnun. Einstaklingar með fötlun fá ekki sjálfkrafa höfnun heldur skal metið í hverju tilviki fyrir sig hvort umsækjandi sé hæfur.

Í Danmörku er fasakerfi þar sem umsækjandi með augljós heilbrigðisvandamál kæmist líklega ekki í gegnum fasa eitt. Í fasa þrjú fer fram einstaklingsbundið mat þar sem heilsufar umsækjanda er skoðað betur og gæti umsókn því verið hafnað á því stigi vegna þess.

6.6 Samanburður á Íslandi og Norðurlöndunum

Þó svo skilyrði umsækjenda um ættleiðingu hafi verið borin saman við skilyrði tæknifrjóvgunar, staðgöngumæðrunar og fósturs, verður að telja að besta samanburðurinn fáiist með því að skoða skilyrði hinna Norðurlandanna. Þau Norðurlönd sem komu til skoðunar í þessari ritgerð, Noregur, Svíþjóð og Danmörk, hafa öll uppfært lög um ættleiðingar á síðustu fjórum árum og því mjög raunhæft að gera samanburð. Hér að neðan verður rýnt í skilyrði aldurs og heilsufars.

6.6.1 Aldur

Aldur er ekki jafn matskennt skilyrði og heilsufar. Aldur er mælanlegur og auðvelt að hafa sem fast skilyrði. Hins vegar er ekki hægt að fullyrða að jafngamlar manneskjur búi við sömu lífsgæði enda getur aldur leikið fólk misgrátt.

Með nýjustu lagabreytingum má sjá að Norðurlöndin fara öll mismunandi leiðir við að setja skilyrði um aldur. Í Noregi og Danmörku er 25 ára lágmarksaldur lögfestur, líkt og á Íslandi. Skilyrði um hámarksaldur í Noregi má finna í N.RUND. um ætl. og miðað er við 45 ár með ákveðnum undantekningum. Í Svíþjóð er aldursskilyrðum haldið opnum og ber að meta í hverju tilviki fyrir sig. Engin lág- eða hámarksaldur kemur fram, hvorki í lögum eða reglugerðum, aldur er hluti af heildarmati sem umsækjendur sæta. Í Danmörku er það aldursbilið milli umsækjanda og barns sem gildir. Bilið getur í mesta lagi verið 42 ár og 364 dagar til að hefðbundið samþykki fái.

Eins og sést eru skilyrði aldurs öll ólík, norsku skilyrðin eru þau sömu og íslensku en Svíar og Danir fara ólíka leið. Varðandi aldursbil má íhuga hvort yngri foreldrar séu í raun betur í stakk búnir til þess að takast á við uppeldi eldri ættleiddra barna þar sem þau geta verið meira krefjandi. En með aldursbilsreglum munu eldri foreldrar fá eldri börn og yngri foreldrar yngri börn. Þá má velta því upp hvort það sé betri leið að hafa skilyrðin opnari líkt og í Svíþjóð og horft sé til náttúrulegs aldursbils milli foreldra og barna.

Að lokum er vert að bera saman þær undanþágur sem gilda á Norðurlöndunum. Norsku og dönsku undanþágurnar eru sambærilegar og þær sem koma fyrir í ætl.rg. Það sem ekki kemur nægilega skýrt fram í c-lið 2. mgr. 11. gr. ætl.rg. en kemur fram í bæði norskum og dönskum reglum er undanþágan um sérstakar aðstæður. Það geta verið sérstakar aðstæður sem mæla með að vikið sé frá aldursskilyrðum eins og til dæmis ef umsækjendur eiga barn eða hafa ættleitt barn fyrir og geta boðið ættleiddu barni sérlega gott heimili. Í dönsku reglunum á þetta skilyrði við þegar eldri börn eða börn með sérþarfir eru ættleidd. Miðað við *mál 2* í rannsókn ritgerðar eru undanþágur c-liðar 2. mgr. 11. gr. ætl.rg. þó tæmandi taldar og ekki gerð undanþága hér á landi þó umsækjendur geti veitt ættleiddu barni sérstaklega gott heimili. Það er atriði sem mætti taka til skoðunar. Ekki er að finna slíkar undanþágur í sænsku reglunum.

6.6.2 Heilsufar

Líkt og með aldurinn fæst líklega heildstæðasti samanburðurinn með því að bera saman skilyrði heilsufars á Norðurlöndunum við þau íslensku.

Í grunninn er skilyrði allra landanna það sama og segir í 1. mgr. 9. gr. ætl.rg.; umsækjendur skulu vera svo andlega og líkamlega heilsuhraustir að tryggt sé, eftir því sem unnt er, að ættleiðing verði barni fyrir bestu. Hvergi í norrænu lögunum er að finna upptalningu á sjúkdómum eða líkamsástandi sem geta leitt til synjunar eins og má finna í 2. mgr. 9. gr. ætl.rg. Frekar er horft til þess að meta heilsufar hvers umsækjenda um sig þó svo líkamleg eða andleg veikindi séu til staðar. Þá hefur lífsstíll umsækjenda áhrif. Í 3. mgr. 9. gr. ætl.rg. segir að ráðuneytið setji nánari reglur um heilsufarsskilyrði umsækjenda til fyllingar ákvæðinu. Þessar reglur hafa hins vegar aldrei verið settar. Á hinum Norðurlöndunum má finna nánari útlistun á heilsufarsskilyrðum í leiðbeiningum eða handbók.

Misjafnt er milli landanna hvort annar umsækjandi af pari geti bætt upp heilsuleysi hins. Í Svíþjóð bætir annar ekki upp fyrir hinn en í Noregi og Danmörku getur annar bætt upp fyrir hinn að einhverju leyti. Hvergi er þetta atriði orðað í íslensku reglunum. Miðað við niðurstöður úr rannsókn í *máli 4* er framkvæmdin líklega sú að annar geti að einhverju leyti bætt upp fyrir heilsuleysi hins. Telja verður þó að ef annar aðilinn er með sjúkdóm með háa dánartíðni eða verulega heilsuveill geti hinn ekki bætt upp fyrir það enda er það meginreglan að umsækjandi uppfylli skilyrði 9. gr. ætl.rg. um heilsufar.

6.7 Samantekt

Heilt yfir litið hafa skilyrði aldurs og heilsufars ekki tekið mjög stórum breytingum með nýjum lögum á Norðurlöndunum. Aldursskilyrðin hafa rýmkað í Svíþjóð og Danmörku að einhverju leyti en norsku haldast eins. Þá er mikil áhersla á einstakt mat hvers ættleiðingarmáls fyrir sig, sérstaklega varðandi matskennd skilyrði líkt og heilsufar. Aðallega er horft til þess að umsækjendur séu svo heilsuhraustir, bæði andlega og líkamlega, að ættleiðing sé það besta fyrir barnið. Svo virðist vera sem aukin áhersla sé á andlega heilsu umsækjenda en mjög mikilvægt er að væntanlegir foreldrar séu vel í stakk búnir fyrir komandi hlutverk, sér í lagi þar sem ættleidd börn eru nú oft eldri en áður við fjölskyldusameiningu og geta vegna reynslu sinnar og upplifana verið krefjandi.

Það má segja að auðveldara hafi verið að nálgast upplýsingar um skilyrði sem umsækjendur þurfa að uppfylla í gögnum frá Noregi, Svíþjóð og Danmörku heldur en Íslandi. Þar má finna mun meira af hvers kyns leiðbeiningum, ítarlegum frumvörpum, skýrslum og handbókum enda nýlega búið að leggjast í skoðun á ættleiðingarmálum í löndunum. Þörf er á slíkum ítarlegri leiðbeiningum á Íslandi.

Af þeim Norðurlöndum sem skoðuð voru í ritgerðinni hafa öll uppfært lög og reglur um ættleiðingar innan síðustu fjögurra ára. Á Íslandi hafa lög og reglugerðir hins vegar ekki verið

endurnýjuð eða uppfærð að neinu verulegu leyti frá setningu þeirra. Þar sem víðtæk endurskoðun hefur farið fram á hinum Norðurlöndunum mætti spyrja hvort ekki væri eðlilegt að ættleiðingarmál yrðu einnig endurskoðuð hér á landi.

7 Niðurstaða

Í þessari ritgerð hafa skilyrði umsækjenda fyrir umsókn um ættleiðingar eða forsamþykki til ættleiðingar á erlendu barni verið skoðuð með áherslu á skilyrðin um aldur og heilsufar. Efni ritgerðarinnar var rannsakað með því að skoða lög, reglugerðir og dóma eftir því sem við átti. Jafnframt voru rannsökuð nokkur íslensk mál til að varpa frekara ljósi á rannsóknarefnið. Með þessari ritgerð var ekki verið að kanna í heild stöðu ættleiðingarmála á Íslandi eða taka afstöðu til þess hvort endurnýja þurfi löggjöfina í heild sinni. Að mestu var horft til skilyrðanna um aldur og heilsufar og hér verður farið yfir helstu niðurstöður varðandi hvort skilyrði fyrir sig.

Á Íslandi er 25 ára lágmarksaldur lögfestur í 4. gr. ætl. en hámarksaldur er ólögfestur. Um hann kemur fram í 11. gr. ætl.rg. en þar segir að þegar umsókn um frumættleiðingu eða um forsamþykki til ættleiðingar á erlendu barni er lögð fram megi umsækjendur ekki vera eldri en 45 ára. Undantekningin um lágmarksaldur er 20 ár í sérstökum tilvikum. Það eru þó undantekningarnar um hámarksaldur sem eru mikilvægari þegar um er að ræða ættleiðingu á erlendu barni enda koma þær frekar til skoðunar. Hæstur getur aldurinn orðið með undantekningunni í 2. mgr. 11. gr. ætl.rg. eða allt að 50 ár.

Þegar aldursskilyrði ættleiðinga er borið saman við skilyrði tæknifrjógvunar er vert að hafa í huga að skilyrðin hafa verið uppfærð í lögnum um tæknifrjógvun. Þar er nú miðað við eðlilegan barneignaraldur og engin frekari aldursskilyrði lögfest eða nefnd í reglugerð. Frumvarpið til laga um staðgöngumæðrun frá árinu 2015 fer þrengri leið að aldursskilyrðum með því að setja bæði lág- og hámarksskilyrði í lögin. Ekki eru nein skilyrði um aldur fósturforeldra. Líkt og vel hefur verið skoðað fara Norðurlöndin ólíka leið þegar kemur að skilyrðinu um aldur. Í Noregi eru sömu skilyrði og á Íslandi, í Svíþjóð er aldur hluti af heildarmati og í Danmörku er horft til aldurbils umsækjanda og barns. Undanþágurnar á Íslandi eru svipaðar og á Norðurlöndunum og eru aldursmörkin sambærileg þó framsetningin sé misjöfn. Íslensku reglurnar ganga jafnvel lengra en á hinum Norðurlöndunum þar sem umsækjendur geta verið allt að 50 ára án þess að krafa sé um ákveðið aldursbil umsækjenda og barns.

Eftir að hafa skoðað aldursskilyrðin og borið saman við ofangreint er niðurstaðan að skilyrðið um aldur umsækjenda um ættleiðingar eða forsamþykki til ættleiðingar á erlendu barni, verði að teljast sanngjarnt og ekki of íþyngjandi. Mikilvægt er að foreldrar séu til staðar fyrir barn sitt út uppvöxt þess og geti sinnt því af fullum krafti. Þá er náttúrulegt aldursbil milli foreldra og barna ákjósanlegt. Að hafa lágmarksaldur í lögum og hámarksaldur í reglugerð er í samræmi við framsetningu á Norðurlöndunum. Aldur er afstæðari en áður, við lifum lengur og

fólk stofnar seinna til fjölskyldu. Höfundur þykja það þó ekki næg rök til að afnema eða hækka aldursskilyrðin þó svo að barneignaraldur hafi hækkað og heilsufar fólks sé betra fram eftir aldri en áður var. Mikilvægustu rökin fyrir því að halda 45 ára hámarksaldri eru eðlilegt aldursbil foreldra og barna og að foreldrar séu til staðar fyrir barn sitt.

Ekki er lögfest sérstakt ákvæði um heilsufar í lögum um ættleiðingar en það má finna í 9. gr. ætl.rg. Umsækjendur þurfa að vera svo andlega og líkamlega heilsuhraustir að ættleiðing verði barni fyrir bestu. Í 2. mgr. 9. gr. ætl.rg. er upptalning á sjúkdómum eða líkamsástandi sem geta leitt til synjunar á umsókn. Þá skila umsækjendur inn læknisvottorði þar sem finna má enn lengri upptalningu. Auk þess sæta allir umsækjendur lækni skoðun. Í raun má finna mestar upplýsingar um hvers er krafist af umsækjendum varðandi heilsufar sé eyðublaðið um heilsufarsupplýsingar skoðað. Þar þurfa að koma fram upplýsingar um lyfjanoktun og lífsstíl viðkomandi og læknir þarf að svara því hvort mögulegur sjúkdómur hafi áhrif á lífslíkur umsækjanda næstu 15-20 árin. Þessar upplýsingar eru mikilvægar og gegnumgangandi bæði í umsögnum ættleiðinganeftndar og gögnum frá hinum Norðurlöndunum. Þetta eyðublað er hins vegar eini staðurinn þar sem þessi atriði eru nefnd í íslenskum gögnum. Í 3. mgr. 9. gr. ætl.rg. er heimild til að setja nánari reglur varðandi heilsufarsskilyrði umsækjanda og væri gagnlegt ef þess háttar upplýsingar kæmu fram í leiðbeiningum eða handbók.

Telja verður betra að það komi skýrt fram að umsækjendur sem eru hluti af pari þurfi báðir að uppfylla skilyrði um heilsufar sbr. 1. mgr. 9. gr. ætl.rg. en að annar geti að einhverju leyti bætt upp fyrir hinn þó það sé ekki nema að litlu leyti líkt og í norskum og dönskum reglum. Sé umsækjandi einhleypur verður heilsufar að vera í nær fullkomnu lagi, líkt og sjá má í *máli 3*.

Ekki eru nein sérstök skilyrði um heilsufar hjá þeim sem gangast undir tækniþróunarmeðferð önnur en almenn skilyrði um að konan geti gengið með barn og andleg heilsa sé góð. Í frumvarpinu um staðgöngumæðrun kemur einungis fram að foreldrar þurfi að búa við góða andlega og líkamlega heilsu. Líklegt þykir að ef af lögunum hefði orðið hefðu nánari skilyrði komið fram í reglugerð. Í 6. gr. reglugerðar um fóstur koma fram heilsufarsskilyrði fósturforeldra en þeir þurfa að vera við góða almenna heilsu. Þá þarf einnig að skila inn læknisvottorði. Í ritgerðinni er mál Freyju Haraldsdóttur skoðað og má taka út úr því máli að hafa beri hugfast að heilsufar skuli metið út frá einstaklingi, ekki sjúkdómi hans eða fötlun. Fólk getur verið heilsuhraust þrátt fyrir að glíma við sjúkdóma eða fötlun. Við samanburð við Norðurlöndin mátti sjá að grundvallarskilyrði heilsufars eru sambærileg þó þau séu mismunandi framsett. Áherslan er á einstaklingsmiðað mat og að útiloka ekki einstaklinga vegna heilsufars eingöngu.

Heilsufar er verulega matskennt skilyrði og erfitt er að ætla að setja þröngar reglur eða lögfesta skilgreiningar varðandi það. Þó verður að telja að núverandi uppsetning á skilyrðunum, með þeim atriðum sem eru talin upp í 2. mgr. 9. gr. ætl.rg., sé ekki í takt við tímann. Læknavísindunum fleygir stöðugt fram og það getur gert lista sem þennan úreltan hratt. Auk þess samræmist það ekki þróun á Norðurlöndunum að hafa lista yfir sjúkdóma eða líkamsástand í reglugerð. Fremur ætti að setja fram grundvallarskilyrði um heilsufar í almennt ákvæði og gefa nánari skýringar í leiðbeiningum eða handbók, samanber framsetninguna á Norðurlöndunum. Leiðbeiningar eða handbækur er auk þess hægt að uppfæra á auðveldari hátt komi til þess. Þá telur höfundur mikilvægt að tryggja að sjúkdómar eða fatlanir útiloki ekki möguleika fólks á að ættleiða barn, geti það boðið barni upp á bestu mögulegu aðstæður.

Aldur og heilsufar tengjast að mörgu leyti en gott heilsufar getur þó ekki bætt upp ef hámarksaldri er náð. Jafnframt hjálpar það yngri umsækjanda ekki ef heilsufar er slæmt. Heilsufar er vissulega matskenndara atriði en aldur og þarfnast fremur einstaklingsmiðaðs mats á meðan auðvelt er að hafa aldusskilyrði föst. Höfundur telur að skilyrðin, eins og þau eru núna í íslensku ættleiðingarlögunum og reglugerðinni, séu að meginefni góð, í samræmi við önnur sífjalög og hin Norðurlöndin. Framsetninguna mætti skoða, sérstaklega varðandi heilsufarið líkt og fram kom að ofan. Þá ítrekast mikilvægi þess að setja nánari skýringar á skilyrðunum í leiðbeiningar eða handbók.

Það er nauðsynlegt að umsækjendur uppfylli skilyrði sem sett eru til að fá að ættleiða barn. Nú þegar færri börn þarfnast ættleiðingar auk þess sem þau eru yfirleitt eldri en áður er enn mikilvægara að umsækjendur standist kröfur til að geta mætt þörfum barnanna eftir bestu getu. Ættleidd börn þurfa á heilsuhraustum foreldrum að halda og aldur foreldra má ekki vera fyrirstaða þess að fjölskyldan geti notið lífsins saman.

Ósýnilegur rauður þráður tengir þá sem eiga að hittast, óháð tíma, stað eða aðstæðum. Teygst getur á þræðinum og hann trosnað en hann slitnar aldrei.¹⁹⁴

¹⁹⁴ Kínverskt spakmæli.

HEIMILDASKRÁ

Adoption - Handbok för socialtjänstens handläggning av internationella och nationella adoptioner. Socialstyrelsen, Falun 2014.

Alþingistiðindi.

Björg Thorarensen: „Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu og réttur til að stofna til hjúskapar“. *Mannréttindasáttmáli Evrópu. Meginreglur, framkvæmd og áhrif á íslenskan rétt.* Ritstj. Björg Thorarensen. Reykjavík 2017, bls. 281-334.

Helga Sól Ólafsdóttir: „Ófrjósemi – lausnir og lífsgæði“. *Heilbrigði og heildarsýn: félagsráðgjöf í heilbrigðisþjónustu.* Ritstj. Halldór Sig. Guðmundsson og Sigrún Júlíusdóttir. Reykjavík 2006, bls. 211-225.

Hrefna Friðriksdóttir: „Samningur um réttindi barnsins“. *Mannréttindasamningar Sameinuðu þjóðanna. Meginreglur, framkvæmd og áhrif á íslenskan rétt.* Ritstj. Björg Thorarensen, Hjördis Björk Hákonardóttir og Róbert R. Spanó. Reykjavík 2009, bls. 289-336.

Hrefna Friðriksdóttir: *Ættleiðingar á Íslandi, í þágu hagsmuna barns.* Reykjavík 2011.

Leiðbeiningar fyrir barnaverndanefndir varðandi umsagnir í ættleiðingarmálum. Dómsmálaráðuneytið, Reykjavík 1997.

Mannréttindadómstóll Evrópu 2010, dómareifanir 1. hefti 2010 (janúar – júní). Mannréttindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík 2010.

Málfríður Lorange o.fl.: „Afdrif barna á Íslandi sem eru ættleidd erlendis frá“. *Læknablaðið*, 1. tbl. 2012, bls. 19-23.

NOU 2014:9, Ny adopsjonslov.

Páll Sigurðsson: *Erfðaréttur – yfirlit um meginefni erfðareglna.* Reykjavík 1998.

Prop. 2017/18:121, Modernare adoptionsregler.

Prop. 88 L, Lov om adopsjon (adopsjonsloven) 2016–2017.

Salvör Nordal: „Tæknifrjóvganir og staðgöngumæður út frá hagsmunum barna“. *Velferð barna. Gildismat og ábyrgð samfélags.* Ritstj. Salvör Nordal, Sigrún Júlíusdóttir og Vilhjálmur Árnason. Reykjavík 2011, bls. 89-101.

Sigrún María Kristinsdóttir: *Óskabörn.* Reykjavík 2009.

Sigurður Líndal: *Um lög og lögfræði I. Grundvöllur laga – réttarheimildir.* 2. útgáfa. Reykjavík 2007.

Søvig, Karl Harald: *Forslag til ny adopsjonslov*, 2008.

Vejledning 2019-07-10 nr. 9644 om adoption.

Þóra Kristín Ásgeirsdóttir: *Hasim, götustrákur í Kalkútta og Reykjavík.* Reykjavík 2018.

VEFSÍÐUR

„Art Medica hefur hafnað meðferðum“, https://www.mbl.is/frettir/innlent/2015/01/25/art_medica_hefur_hafnad_medferdum/, 25.1.2015 (skoðað 13.6.2019)

Birna Gunnarsdóttir: „Um notkun orðsins ættleiðing“, <http://www.isadopt.is/is/moya/news/um-notkun-ordsins-aettleiding->, 08.2.2013 (skoðað 29.3.2019).

„Danir stöðva ættleiðingar frá Eþíópíu“, <https://www.ruv.is/frett/danir-stodva-aettleidingar-fra-ethiopia>, 09.4.2013 (skoðað 15.8.2019).

„Draga það of lengi að eignast börn“, <https://www.ruv.is/frett/draga-thad-of-lengi-ad-ignast-born>, 23.1.2019 (skoðað 15.3.2019).

„Enginn einhleypur karlmaður hefur ættleitt“, https://www.mbl.is/frettir/innlent/2015/01/26/enginn_einhleypur_karlmadur_aettleitt/, 26.1.2015 (skoðað 18.6.2019)

„Frjósemi aldrei verið minni en árið 2017“, <https://www.hagstofa.is/utgafur/frettasafn/mannfjoldi/faedingar-2017/>, 25.5.2018 (skoðað 15.3.2019).

Fræðsluvefur um vefjagigt og síþreytu, <http://www.vefjagigt.is/einkenni/thvag-og-kynfaeri/> (skoðað 28.8.2019).

Fundargerð *adoptionsnævnet* 2018, <https://ast.dk/filer/naevn/adoptionsnaevnet/adoptionsnaevnets-landsmodereferater/landsmodereferat-2018.pdf> (skoðað 10.4.2020)

Guðni Th. Jóhannesson: „Ávarp forseta Íslands Guðna Th. Jóhannessonar á afmælisþingi Íslenskrar ættleiðingar“, https://www.forseti.is/media/3393/2018_03_16_islensk_aettleiding.pdf (skoðað 27. apríl 2019).

Guðrún Hrefna Sverrisdóttir: „*Það besta sem hefur komið fyrir mig*“, *Reynsla samkynhneigðra af hlutverki fösturforelda*. https://skemman.is/bitstream/1946/26079/1/Gudrun_Hrefna_Sverrisdottir.pdf. (skoðað 25.6.19).

Heiða María Sigurðardóttir: „Af hverju nota sálfræðingar svartar klessumyndir og spyrja sjúklingana út í þær?“, <http://visindavefur.is/svar.php?id=5039>, 7. júní 2005. (Skoðað 31.7.2019).

Læknisvottorð fyrir væntanlegt fösturforeldri/vistforeldri, <http://www.bvs.is/media/skjol/file973.pdf> (skoðað 25.6.19)

Sunna Valgerðardóttir: „Fyrsta samkynhneigða parið sem ættleiðir barn“, <https://www.visir.is/g/2013706279914/fyrsta-samkynhneigda-parid-sem-aettleidir-barn>, 27.6.2013 (skoðað 19.6.2019)

Sylvía Rut Sigfúsdóttir: „Félagið ekki fjárhagslega drifið áfram af fjölda ættleiðinga“, <https://www.visir.is/g/2019190918975>, 18.9.2019 (skoðað 13.11.2019).

Vefsíða Barnaverndarstofu, <http://www.bvs.is/almenningur/barnaverndarnefndir/> (skoðað 4.6.19).

Vefsíða Barnaverndarstofu, <http://www.bvs.is/fagfolk/verkfaerakista-fosturforeldra/foster-pride/> (skoðað 25.6.19).

Vefsíða BBC, <http://news.bbc.co.uk/2/hi/europe/7067374.stm> (skoðað 2.4.2019).

Vefsíða Bufdir, <https://www.bufdir.no/Adopsjon/> (skoðað 5.7.19).

Vefsíða Bufdir, https://www.bufdir.no/Adopsjon/Oversikt_over_skjemaer/ (skoðað 5.7.19).

Vefsíða Familieretshuset, <https://familieretshuset.dk/adoption/adoption/fremmedadoption-bliv-godkendt-som-adoptant> (skoðað 12.7.19).

Vefsíða Folketinget, https://www.ft.dk/da/ofte-stillede-spoergsmaal/lov_hvad-er-en-lovbekendtgoerelse (skoðað 12.7.19).

Vefsíða Hagstofunnar, <https://hagstofa.is/talnaefni/ibuar/fjolskyldan/%C3%A6ttleidingar/> (skoðað 12.11.2019).

Vefsíða Íslenskrar ættleiðingar, <http://www.isadopt.is>.

Vefsíða Le Parisien: <http://www.leparisien.fr/culture-loisirs/dans-le-retro-le-fiasco-humanitaire-de-l-arche-de-zoe-18-01-2016-5461703.php> (skoðað 13.11.2019).

Vefsíða Livio Reykjavík, <https://www.livio.is/> (skoðað 18.6.19).

Vefsíða NAC: <http://www.nordicadoption.org/30/history> (skoðað 5.4.2019).

Vefsíða Norsku lögreglunnar, <https://www.politiet.no/> (skoðað 4.7.2019).

Vefsíða Stjórnarráðs Íslands, <https://www.stjornarradid.is/verkefni/felags-og-fjolskyldumal/malefni-barna/aettleidingar/althjodlegar-fjolskylduaettleidingar-/> (skoðað 30.3.2019).

Vefsíða Sýslumanna, <https://www.syslumenn.is/thjonusta/fjolskyldumal/aettleidingar> (skoðað 30.4.2019).